

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

18. september 2007 — 253. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

ÞRIÐJUDAGUR

Óhapp!

Nýtt íslenskt leikrit eftir Bjarna Jónsson frumsýnt. Veruleiki og sýndarveruleiki takast á.

MENNING 34

Spader stal senunni

Sigur The Sopranos ekki jafn afgerandi og búist var við.

FÓLK 36

Byggðirnar og fólkið

„Sjávarútvegur jafnt og landbúnaður þurfa á öllu sínu að halda til að standast samkeppni við aðrar atvinnugreinar í landinu,“ skrifar Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra.

UMRÆÐAN 16

Valskonur meist-arar

Valur vann Íslandsmeistaratitil Landsbankadeildar kvenna annað árið og bætti ársgamalt markamet sitt um eitt mark.

ÍÞRÓTTIR 40

VEÐRIÐ Í DAG

SKÚRAVEÐUR

- Í dag verða suðvestan 3-8 m/s. Skúrir víða um land í fyrstu en síðan sunnan og vestan til. Hiti 6-13 stig, hlýjast á Suðaustur- og Austurlandi.

VEÐUR 4

Þriðjudagar

Lestur meðal 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu

68%

Fréttablaðið

42%

Morgunblaðið

35%

Blaðið

6%

ÞV

*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Capacent í júlí 2007

Um 760 manns bíða félagslegs húsnæðis

Ástand sem ekki verður við unað, segir formaður velferðarráðs Reykjavíkur. Um 1.890 félagslegar íbúðir í borginni og verða 2.200 í lok kjörtímabils.

FÉLAGSMÁL Um 760 manns bíða eftir félagslegu húsnæði í Reykjavíkurborg, að sögn Jórunnar Frímannsdóttur, formanns velferðarráðs. Hún segir ástandið óviðunandi. „Þegar biðlistinn er svona langur er ljóst að margir eru í vanda. Staðan er bara þannig að við höfum ekki húsnæði til að koma til móts við allt þetta fólk.“ Reykjavíkurborg á um 1.890 félagslegar íbúðir, en núverandi meirihluti stefnir að því að fjölga þeim um hundrað á ári og eiga þær að vera um 2.200 í lok þessa kjörtímabils.

„Engu að síður sjáum við ekki að við náum að leysa vandann með þessu,“ segir Jórunn, sem situr í nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði í ágúst. Nefnd þeirri er meðal annars ætlað að móta til-lögur til að efla hinn félagslega þátt húsnæðislánakerfisins og tryggja fátæku fólki aðgengi að lánsfé. „Það þarf að skoða hvað veldur þessum vanda og það er auðvitað helst gríðarleg hækkun á leigu á almennum markaði. Svo má nefna að fólk eignast ekki lengur hlut í félagslegum íbúðum sem það leigir, eins og var

til dæmis með verkamannabústað-ina gömlu.“ Jórunn segir neyðina ráða för þegar umsækjendur um félagslegar íbúðir séu metnir. Þannig gangi þeir fyrir sem séu á götunni og eigi enga fjölskyldu að leita til. Fólk með börn fái einnig flýtimeðferð. Hún getur ekki svarað hversu lengi meðalmaður þurfi að bíða. Í félagsmálaráðuneytinu var heldur engar upplýsingar að finna um meðalbiðtíma eftir íbúð. Þær tölur verða birtar á næstunni, því fyrrgreind nefnd á að skila niður-stöðum fyrir 1. nóvember. - kóp

Í **HEILU LAGI** Húsið sem stóð við Hverfisgötu 44 var flutt að Bergstaðastræti 16 í gærkvöldi, í heilu lagi. Með hjálp tveggja krana var húsinu lyft ofan á stóran flatvagn, sem keyrði húsið síðan í lögreglufylgd upp Klapparstíginn og þar sem leið lá að Bergstaðastræti. Alls komu um fimmtán manns að flutningnum. Þetta er eitt hæsta hús sem flutt hefur verið í heilu lagi hérlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Karl Bretaprins skrifar formála að bók sem Verndarsjóður villtra laxa gefur út:

Laxveiðiám fagnað í nýrri bók

VEIÐI

Yfir fimmtíu laxveiðiám í tólf löndum, þar á meðal Íslandi, eru gerð skil í nýrri bók Verndarsjóðs villtra laxa, A Celebration of Salmon Rivers. Bókin kemur út á Norðurlöndunum, á Bretlands-eyjum og í Norður-Ameríku á næstu dögum.

Karl Bretaprins skrifar formála að bókinni, en umsagnirnar skrifa rúmlega fimmtíu manns og skrifar hver um sína uppáhaldsá. Orri Vigfússon, stofnandi og stjórnarformaður verndarsjóðsins, segist afar stoltur af bókinni, sem er unnin að nánast öllu leyti í sjálfböðavinnu. Allur ágóði sem hlýst af bókinni mun einnig renna beint í sjóðinn.

„Atlantshafslaxinn er alveg einstakur,“ segir Orri.

„Þegar hann nær ákveðinni stærð yfirgefur hann sína heimaá, heldur til sjávar og er þar í eitt til fimm ár. Að því loknu finnur hann sína heimaá aftur.“

Orri, sem er mikill laxveiðimaður, kom verndarsjóðnum á fót árið 1989, þegar honum þótti útlitið afar slæmt fyrir stofninn sökum ofveiði. Aðferðin sem sjóðurinn notar þótti nýstárleg á sínum tíma, en þar er sjómönnum og öðrum veiðimönnum greitt sérstaklega fyrir að veiða laxinn ekki.

Að sögn Orra hefur þessi aðferð skilað því að laxastofninn er nú aftur kominn í þokkalegt horf, og lítur út fyrir að staðan batni á næstu árum.

- sps

SIGUR RÓS

Góður rómur varð gerður að nýrri tónleikamynd Sigur Rósar, Heima, á forsýningu.

Ritstjóri Q hrósar Sigur Rós:

Meðal bestu tónleikamynda

FÓLK „Það skipti engu máli úr hvaða horni Evrópu maður hlæraði viðbrögð, þau voru alls staðar ótrú-leg,“ segir Kári Sturluson umboðsmaður, sem stóð fyrir forsýningu á Heima, nýrri tónleikamynd hljómsveitarinnar Sigur Rósar, á Akureyri um síðustu helgi. Þrjátíu erlendir blaðamenn mættu á forsýninguna. Að sögn Kára voru viðbrögð Pauls Rees, ritstjóra hins útbreidda breska tónlistartímarits Q, afar jákvæð. „Hann sagði að myndin væri sennilega ein af fimm bestu tónleikamyndum sem hann hefði séð á ævinni.“

Þykir þetta gefa góð fyrirheit um viðtökur myndarinnar. Heima verður heimsfrumsýnd hér á landi 27. september.

- hdm/ sjá síðu 46

Bílslys í Reykhólasveit:

Mikið slasaður eftir útafakstur

SLYS Karlmaður um tvítugt slasaðist alvarlega þegar bíll hans fór út af veginum skammt frá bænum Klukkufelli í Reykhóla-sveit í gærkvöld. Þyrlla Land-helgisgæslunnar sótti manninn á staðinn og var hann fluttur á slysadeild Landspítalans í Föðvog. Maðurinn var einn í bílnum þegar slysið varð. Tildrög þess eru ókunn en vegurinn var blautur. Tveir læknar, hjúkrunar-fólk og björgunarsveitarmenn, auk lögreglunnar í Búðardal, hlúðu að manninum þar til þyrllan kom á vettvang. Hinn slasaði liggur á gjörgæsludeild en ekki fengust nánari upplýsingar um líðan hans í gærkvöldi.

- lbb

Ungir sjálfstæðismenn:

Vilja meta hvað krónan kostar

STJÓRNMÁL Skoða þarf fordóma-laust hvort íslenska krónan sé að einhverju leyti orðin viðskipta-hindrun. Þetta segja ungir sjálfstæðismenn, sem ályktuðu um efnið á þingi sínu um síðustu helgi. Þeir segja að krónan hamli erlendri fjárfestingu í atvinnulíf-inu og öll fjármögnun Íslendinga sé dýrari en ella vegna mikils vaxtamunar við útlönd. Þá draga ungir Sjálfstæðismenn áhrifamátt peningamálastefnu Seðlabankans í efa.

Stofnun innan Sjálfstæðis-flokksins hefur ekki áður með jafn eindregnum hætti hvatt til að kostir og gallar sjálfstæðrar íslenskrar myntar séu metnir.

- bps / sjá síðu 2

3G (ódýrari en Síminn)

Farsímalagerinn.is

SPURNING DAGSINS

„Sigrún, öskrar músin nú?“

„Ja, hún lætur að minnsta kosti í sér heyra og ég vona að fleiri mýs geri slíkt hið sama síðar.“

Sigrún Guðmundsdóttir heilbrigðisfulltrúi vann fyrir skömmu ræðukeppni í Ástralíu. Sigrún segir að þegar hún skræði sig fyrst í samtök sem kenna sjálfsnám, styrkingu og ræðumennsku hafi hún verið lítt mælsk og eiginlega eins og mús sem enginn heyrði í eða hlustaði á.

Skopmyndateiknari í Svíþjóð:

Fær nú fulla lögregluvernd

SVÍÐJÓÐ, AP Sænski skopmynda-teiknarinn Lars Vilks, sem hefur fengið morðhótanir frá al-Kaída samtökunum, sagðist í gær vera búinn að fá fulla lögregluvernd.



LARS VILKS

Á laugardaginn lagði Abu Omar al-Baghdadi, leiðtogi al-Kaída í Írak, fé til höfuðs honum og ritstjóra héraðsblaðsins Nerikes Allehanda, þar sem skopmyndin var fyrst birt.

- gb

Stefán Eiríksson lögreglustjóri:

Vill endurskoða opnunartíma

LÖGGÆSLA Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, vill láta endurskoða reglur um opnunartíma skemmtistaða í miðborginni. Í ávarpi á Miðborgar-



STEFÁN EIRÍKSSON

þingi í gær lagði hann til að skemmtistöðum yrði lokað klukkan tvö.

„Við erum að kalla eftir því að það sé mótuð skýr stefna borgaryfirvalda um mannlíf í miðborginni; hversu margir skemmti-

staðir skuli vera þar, hversu lengi þeir skuli vera opnir og hvernig eigi að svara skemmtanaþörf Íslendinga,“ segir hann.

- sps

VERTU VISS

SJÓVÁ

Viðskiptaráð Íslands leggur til margvíslegar umbætur í viðskiptaumhverfi:

Ráðherra styður flatan skatt

VIÐSKIPTI Lagt er til að hér verði komið á flötu skattkerfi sem í sér feli lækkun skatta og afnám hliðar-skatta í einni af 90 tillögum Viðskiptaráðs Íslands um umbætur í viðskiptaumhverfi hér. Ráðið fagnaði í gær 90 ára afmæli sínu.

Björgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðherra, fagnaði tillögum ráðsins í pallborðsumræðum á afmælishátíð Viðskiptaráðs í gær. Hann segir að hér beri að stefna að flötum skatti, enda væri slíkt fyrirkomulag það besta fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki.

Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, kynnti tillögurnar núttu sem miða eiga að auk-



RÁÐHERRAR RÆÐA MÁL Björgvin G. Sigurðsson og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir á afmælishátíð Viðskiptaráðs Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

inni samkeppnishæfni landsins. Hann hvetur stjórnvöld til að móta skýra framtíðarsýn sem miði að því að styrkja allar stoðir íslensks hag-

kerfis. Tillögurnar eru fram settar í níu efnisköflum þar sem fjallað er um stefnu og langtíamarkmið, stjórnsýslu, skattaumhverfi, fjármál hins opinbera, vinnumarkað og lífeyrismál, viðskiptaumhverfi og fjármálaþjónustu, mennta- og heilbrigðismál og atvinnumál.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra og Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra veittu skýrslu Viðskiptaráðs viðtöku fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og tóku þátt í pallborðsumræðum þar sem efni hennar og tillögur voru ræddar.

- óká

Skoða hvort krónan sé viðskiptahindrun

Ungir sjálfstæðismenn segja mörg rök hníga að því að kostnaðarsamt sé fyrir Íslendinga að halda úti eigin gjaldmiðli og vilja að kostir og gallar krónunnar verði metnir. Þeir efast um áhrifamátt peningamálastefnu Seðlabankans.

STJÓRNMÁL „Ungir sjálfstæðismenn telja tímabært að taka til alvarlegrar skoðunar kosti og galla þess fyrir íslenskt hagkerfi, almenning og athafnalíf, að halda úti eigin mynt.“

Svo segir í ályktun sem samþykkt var á þingi Sambands ungra sjálfstæðismanna á Seyðisfirði um helgina.

Þórlindur Kjartansson, nýr formaður SUS, segir gjaldmiðil vera tæki til að auðvelda fólki að eiga viðskipti sín á milli en ekki hluta af menningu. Íslenska hagkerfið hafi vaxið svo mikið að aðrir kraftar séu farnir að verka á það en áður og því hljóti að koma til endurskoðunar hvort eðlilegt sé að halda úti eigin mynt. Hann segir SUS ætla að móta eigin hugmyndir í málinu og leggja til umræðunnar.

Í ályktuninni segir að nauðsynlegt sé að skoða fordómalaust hvort íslenska krónan sé að einhverju leyti orðin viðskiptahindrun enda sýni reynslan að veruleg óvissa og kostnaður fylgi því að eiga við-



SEÐLABANKINN VIÐ KALKOFNSVEG Ungir sjálfstæðismenn draga í efa áhrifamátt peningamálastefnu bankans og vilja skoða fordómalaust hvort Íslendingar eigi að taka upp nýjan gjaldmiðil.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

skipti í jafn sveiflukenndri mynt og raunin sé. Erlend fjárfesting í íslensku atvinnulífi sé minni en ella og mikill vaxtamunur auki kostnað fyrir fólk og fyrirtæki og geri íslensku krónuna berskjald-

aða gagnvart spákaupmennsku.

Þá er áhrifamáttur peningamálastefnu Seðlabankans dreginn í efa enda geti stór hluti íslenskra fyrirtækja fjármagnað rekstur sinn í annarri mynt en íslensku krónunni.

Þórlindur segir stofnanir Sjálfstæðisflokksins ekki áður hafa stigið jafn stórt skref í átt að opin-skrárri umræðu um krónuna og býst við jákvæðum undirteknum í þingliði flokksins. „Ég held að allir geti verið sammála um það grundvallarsjónarmið að peningar séu til að auðvelda mönnum að eiga viðskipti og ef í ljós kemur að íslenska krónan er orðin hindrun og að fyrirtæki geti ekki stækkað get ég ekki ímyndað mér annað en að fyrir þessu sé hljómgrunnur.“

bjorn@frettabladid.is

ÚR ÁLYKTUN SUS



Ef sú niðurstaða fæst að hagsmunum Íslands sé best borgið án sjálfstæðrar myntar er rétt að kanna hvort unnt sé, á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, að tryggja aðild Íslands að Myntbandalagi Evrópu án aðildar að Evrópusambandinu. Ef slíkt samstarf er ekki mögulegt getur Ísland ákveðið að taka einhliða upp aðra mynt. Ljóst er að evra er ekki eini valkosturinn sem kemur til greina.

ÞÓRLINDUR KJARTANSSON
Formaður SUS

Nýr umhverfisvænn eldsneytiskostur innleiddur hérlandis með viðhöfn í gær:

Fyrsta etanólið á bíl á Íslandi

UMHVERFISMÁL Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, brá sér í gær í hlutverk „bensíntitts“ – eða öllu heldur „etanóltitts“ – með því að dæla sjálfur fyrstu tankfyllinni af lífetanóli á bíl á Íslandi.

Í ávarpi við þetta tækifæri á eldsneytisstöð Olís við Suðurlandsbraut sagði forsetinn að með vígslu fyrstu etanóldælnunnar á Íslandi væri stigið mikilvægt skref í átt að því að Íslendingar öxluðu frekari ábyrgð á því að draga úr mengun frá bílafloetanum og að gera íslenskt hagkerfi minna háð olíuinnflutningi. Skoraði forsetinn á þjóðina að taka þátt í þjóðaráttaki til að „kveðja olíuna og bensínið“.

Það eru Olís og Brimborg sem standa að innleiðingu lífetanól-tækninnar hérlandis.

- aa



ÁFANGI Forseti Íslands dældi fyrsta lífetanólinu hérlandis í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Dórnefnd á Vestfjörðum:

Útnefndu sjö merk mannvirki

VESTFIRDIR Sjö merkilegustu mannvirki Vestfjarða voru útnefnd á fundi dórnefndar um helgina. Auglýst hafði verið eftir tilnefningum frá almenningi í sumar, og bárust tillögur um tæplega sjötu mannvirki.

Útnefnd voru Síldarverksmiðjan í Djúpvík, jarðgöngin á Arnarnesi við Ísafjarðardjúp, gamla sjúkrahúsið á Ísafirði, garðurinn Skráður við Núp í Dýrafirði, vegurinn út í Svalvoga, mannvirki Samúels Jónssonar í Selárdal og þorpið Flatey á Breiðafirði. Á næstunni verður gefinn út bæklingur um mannvirkin handa ferðalöngum.

- sps

Heldur í opinbera heimsókn:

Geir Haarde til Svartfjallalands

UTANRÍKISMÁL Geir H. Haarde forsætisráðherra hóf opinbera heimsókn til Svartfjallalands í gær. Í ferðinni, sem lýkur á morgun, fundar hann meðal annars með Filip Vujanovic, forseta landsins, Zeljko Sturanovic forsætisráðherra, Milan Rocen utanríkisráðherra og Ranko Krivapovic, forseta þjóðþingsins.

Ísland varð fyrsta ríkið til að viðurkenna sjálfstæði Svartfjallalands hinn 8. júní 2006, fimm dögum eftir að þjóðin lýsti yfir eigin sjálfstæði. Stofnað var til stjórnmalasambands milli Íslands og Svartfjallalands 26. september sama ár.

- sps

Foreldrar Madeleine McCann:

Ekki aftur til Portúgals

PORTÚGAL Portúgalskur dómari hefur synjað beiðni lögreglunnar um að kalla Gerry og Kate McCann til Portúgals í frekari yfirheyrslu. Dómarinn ætlar í staðinn að senda bresku lögreglunni lista með spurningum og biðja hana um að yfirheyrja hjónin.

Portúgalska lögreglan kannar nú sjúkrasögu Madeleine og einnig sjúkrasögu móður hennar, Kate McCann.

Móðurina er verið að skoða vegna fregna um þunglyndi. Sjúkrasaga Madeleine er skoðuð vegna gruns um ofnæmi fyrir svefnlyfjum.

Madeleine McCann hvarf af hótélherbergi fjölskyldu sinnar í Algarve í Portúgal 3. maí síðastliðinn.

- lbb

Útborgun í hverjum mánuði!

OKTÓBER 2007

SUNNUDAGUR	MÁNUDAGUR	ÞRIÐJUDAGUR	MIDVIKUDAGUR	FIMMTUDAGUR	FÖSTUDAGUR	LAUGARDAGUR
30	1 Útborgun vaxta	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30	31	1	2	3

NÓVEMBER 2007

SUN.	MÁN.	ÞRI.	MID.	FIM.	FÖS.	LAU.
28	29	30	31	Útborgun vaxta	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	1

DESEMBER 2007

SUN.	MÁN.	ÞRI.	MID.	FIM.	FÖS.	LAU.
25	26	27	28	29	30	Útborgun vaxta
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	31	1	2	3	4	5

NÝJUNG

Vaxtaauki innlánsreikningur

Innistæða	Vextir á mánuði*
1.000.000	9.958
3.000.000	29.875
5.000.000	53.333
10.000.000	106.667
15.000.000	160.000
20.000.000	215.833

* Samkvæmt vaxtatöflu Netbankans 12. sept. 2007

Viðskiptavinir fá greidda vexti mánaðarlega í stað árlega. Ef vextirnir liggja óhreyfðir inni á reikningnum safna þeir vaxtavöxtum.

- Háir vextir, greiddir út mánaðarlega
- Stighækkandi vextir eftir innistæðu
- Engin skilyrði um önnur bankaviðskipti

Vaxtaauki er kjörinn fyrir fólk sem á sparifé og vill nota vextina til að standa straum af mánaðarlegum útgjöldum.

Reikningurinn er óverðtryggður og er innistæðan laus til útborgunar hvenær sem er.

Farðu inn á www.nb.is og stofnaðu reikning strax í dag.

 **Netbankinn**
www.nb.is • Sími 550 1800

GENGIÐ 17.09.2007			
GJALDMIÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	65,02	65,34
	Sterlingspund	129,89	130,53
	Evra	90,17	90,67
	Dönsk króna	12,102	12,172
	Norsk króna	11,541	11,609
	Sænsk króna	9,711	9,767
	Japanskt jen	0,5663	0,5697
SDR		100,17	100,77
GENGISVÍSITALA KRÓNNUNAR		121,784	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			



COSTAS KARAMANLIS Brosti breitt þegar hann gekk á fund forseta í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kosningaúrslit í Grikklandi: Stjórnin sigraði naumlega

GRIKKLAND. AP Litlu munaði að hægristjórnin í Grikklandi missti meirihluta sinn í þingkosningum á sunnudag.

Stjórnarflokkurinn Nýtt lýðræði hlaut 41,8 prósent atkvæða og er nú með 152 þingmenn af 300, en stjórnarandstöðuflokkur sósíalista, PASOK, hlaut 38,1 prósent atkvæða og 102 þingmenn.

Costas Karamanlis forsætisráðherra á erfitt verk fyrir höndum með þetta nauman meirihluta ætli hann að koma á umbótum í efnahagsmálum og menntamálum, eins og stjórnin hefur lofað en mætt hefur harðri mótspyrnu í Grikklandi, meðal annars frá verkalyðsfélögum.

- gb

SUÐURLAND

Mæður vilja minningartöflu Sendiráð Þýskalands hefur fyrir hönd mæðra þýsku göngumannanna sem saknað hefur verið við Svínafellsjökul frá því í lok júlí óskað eftir að þær fái leyfi til að setja upp minningartöflu við jökulinn. Hreppsnefnd Rangárþings ytra segir að fyrst þurfi að nást samkomulag við landeigendur.

4

FRÉTTABLAÐIÐ

18. september 2007 **ÞRIÐJUDAGUR**

Formaður Viðskiptaráðs Íslands á níutíu ára afmælishátíð ráðsins:

Gjaldmiðillinn er stærsta málið

VIÐSKIPTI Stærsta einstaka ákvörðun sem stjórnvöld standa frammi fyrir varðar framtíð krónunnar, að því er fram kom í máli Erlends Hjaltasonar, formanns Viðskiptaráðs, í níutíu ára afmæli samtakanna í Salnum í Kópavogi í gær.

„Á undanförnum misserum hefur peningahagstjórn ekki skilað þeim árangri sem henni er ætlað,“ segir Erlendur. Hann kveður ástæður þessa margþættar, en afleiðinguna sveiflukenndan gjaldmiðil og háa stýrivexti. „Til að skapa fyrir-tækjum stöðugt og hagfellt umhverfi er mikilvægt að gera hér bragarbót. Viðskiptaráð telur mikilvægt að halda uppi faglegri og



ERLENDUR HIJALTASON Formaður Viðskiptaráðs segir megintilgang ráðsins vera, líkt og ávallt, að gæta hagsmuna viðskiptalífsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

virkri umræðu um stöðu krónunnar og mun ekki skorast undan ábyrgð sem leiðandi aðili í þeirri umræðu.“ Þótt ríkisstjórnin hafi lokið sínum fyrstu níutíu dögum við völd sé

ekki þar með sagt að tónninn hafi verið sleginn í störfum hennar. „Ég tel að næstu níutíu dagar, upphaf þings og þau störf sem fram undan eru tengd því, muni gefa til kynna hvers megi vænta,“ segir formaður viðskiptaráðs.

Viðskiptaráð gaf út í tilefni af afmælinu lista með níutíu tillögum sem miða að því að bæta samkeppnishæfni landsins, viðskiptaumhverfi og framtíðarhorfur. Erlendur segist vonast til að listinn verði frjósamur jarðvegur nýrrar ríkisstjórnar sem með styrkum meirihluta hafi möguleika á að hrinda mikilvægum málum í framkvæmd.

- óká

Snýr aftur til vinnu á áttræðisaldrinum

Fanney Sigurjónsdóttir er 73 ára og nýkomin aftur út á vinnumarkaðinn eftir meira en áratugs hlé og segist nú hlakka til að vakna á hverjum morgni. Ekki spillir fyrir að eftir lagabreytingu fær Fanney lífeyri sinn áfram óskertan.

FÓLK „Þrettándi ágúst er gæfudagur í mínu lífi,“ segir Fanney Sigurjónsdóttir, sem þann dag fór 73 ára gömul aftur út á vinnumarkaðinn eftir meira en áratugs hlé.

Fanney er einn margra nýrra starfsmanna sem svöruðu auglýsingu Nóatúnsverslananna sem óskuðu eftir fólki með lífsreynslu.

Fyrir rúnum áratug þurfti Fanney að hætta að vinna vegna slitgigtar. Hún hafði um árabíl rekið eigin snyrtistofu og sinni síðar eldri borgurum í Skjóli.

„Ég var komin með krepptar hendur og gafst bara upp en með tímanum og æfingum lagaðist ég,“ segir Fanney, sem síðan í ágúst hefur unnið í Nóatúni í Hamraborg í Kópavogi. Þar raðar hún aðallega snyrtivörum í hillur og er þrjá daga í viku frá klukkan níu til tvö. Og stundum lengur því henni finnst svo gaman.

„Það er hreinlega eins og ég hafi verið skorin upp og eitthvað tekið út úr mér.

FANNEY SIGURJÓNSDÓTTIR

„Á dauða mínum átti ég von frekar en að ég færi aftur að vinna 73 ára gömul. Fólkið hér er yndislegt og ég hlakka til að vakna á hverjum morgni. Það er hreinlega eins og ég hafi verið skorin upp og eitthvað tekið úr mér. Ég get varla lýst því hvað ég er ánægð,“ segir Fanney til að lýsa þeirri gjörbreytingu sem orðið hefur á líðan hennar.

Eftir nýlega lagabreytingu



FANNEY SIGURJÓNSDÓTTIR Á dauða mínum átti ég frekar von en að ég færi aftur út á vinnumarkaðinn 73 ára gömul,“ segir Fanney Sigurjónsdóttir, nyr starfsmaður í Nóatúni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

getur fólk sem er eldra en sjötíu ára nú unnið launavinnu án þess að lífeyrir þess skerðist á móti. Fanney telur að breytingin ætti að eiga við fleiri lífeyrisþega svo þeir gætu notið þess sama og hún. Hvað sjálfa sig varðar játar Fanney að hún sé komin í framtíðarstarf: „Ég verð hérna eins lengi og þeir vilja hafa mig. Og ég reikna með að þeir vilji hafa mig á meðan ég geri enga vitleysu.“

Guðríður H. Baldursdóttir, starfsmannastjóri hjá Kaupási, móðurfélagi Nóatúns, segir að þegar auglýst hafi verið eftir fólki með lífsreynslu hafi áhersla verið

lögð á sveigjanlegan vinnutíma. Viðbrögðin hafi verið góð. Meðal þeirra sem hafi sótt um hafi nokkri verið á áttræðisaldri.

„Við fengum fyrirsurnir frá fólki frá hálf fimmtugu og yfir sjötugt. Sumir voru óruggir og spurðu hvort þeir væru ekki allt of gamlir en okkar útgangspunktur var að sníða þetta alveg að því sem fólkið sjálft hafði í huga. Þetta er fólk sem hefur ákveðinn þroska og það fylgir því ákveðið traust að leita til eldri starfsmanns. Og viðskiptavinirnir virðast kunna vel að meta það,“ segir Guðríður H. Baldursdóttir.

gar@frettabladid.is

Menntamálaráðherra:

Staðfesti nýja aðalnámskrá

MEINTUN Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra hefur staðfest nýja aðalnámskrá framhaldsskóla. Í námskrána hefur verið bætt starfsnámi þjónustu í skrifstofu- og verslunargreinum.

Þrjár nýjar námsbrautir verða til þegar námskráin tekur gildi; grunnnám, skrifstofubraut og verslunarbraut, undir nafni þjónustugreina. Samkvæmt tilkynningu á vef menntamálaráðuneytisins tekur námskráin gildi í skólum frá og með skólaárinu 2007 til 2008 eftir því sem við verður komið, og að fullu innan þriggja ára.

- sþs

Fyrsta opinbera heimsóknin: Ólafur Ragnar fer til Rúmeníu

UTANRÍKISMÁL Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, heldur í opinbera heimsókn til Rúmeníu



ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON

í dag, fyrstur íslenskra forseta. Með í för verða Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra og fjölmenn viðskiptasendinefnd skipuð fulltrúum 25 fyrirtækja, og fleirum. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá skrifstofu forseta Íslands.

Í ferðinni fundar forsetinn meðal annars með Traian Basescu, forseta Rúmeníu, og Calin Popescu, forsætisráðherra landsins. Hann opnar einnig viðskiptaráðstefnu þar sem fjallað verður um viðskipti Íslands og Rúmeníu.

- sþs

Tafir á hjúkrunarheimili: Bæjarstjóri krefst skýringa

HEILBRIGÐISMÁL Jónmundur Guðmarsson, bæjarstjóri Seltjarnarness, hefur ritað heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra bréf með kröfu um skýringar á töfum og afstöðu ráðherra til samkomulags og framvindu framkvæmda vegna tafa á byggingu hjúkrunarheimilis á Lýsislóð.

Samkomulagið hljóðaði upp á að Seltjarnarnesbær legði til lóðina og greiði einnig tíu prósent af heildarkostnaði framkvæmdanna en ráðuneytið greiðir sjötíu prósent og Reykjavíkurborg greiðir tuttugu prósent. Framkvæmdirnar áttu að hefjast á næsta ári.

- lbb

30% afsláttur af Vega vítamínum

Acidophilus Bifidus + FOS
Mjólkursýrugerlar, góðir fyrir meltinguna.

Champignon DETOX + FOS og Spirulina
Hreinsaðu líkamann – eyðir óæskilegri lykt.

Milk Thistle DETOX
Hreinsaðu líkamann að innan.

Psyllium Husk Fibre
Rúmmálsaukandi, gótt fyrir meltinguna.

Apótekið
Lægra verð

LYFJA
Lífð heil

www.lyfja.is

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

HELDUR HLYRRA

Kosturinn við suðlægu áttirnar er sá að þá er veður heldur hlýrra en þegar hann blæs að norðan. Í dag og á morgun verða vindáttir fremur hægær af suðri, ýmist suðvestri eða suðaustri. Á fimtugdagsmorgun snýst hann hins vegar til norðan áttar með kólnandi veðri og frosti til landsins. Ég á von á því að nokkuð rofi til á Norðausturlandi á morgun enda þótt lægðagangurinn sé all-nokkur við landið.

REYKJAVÍK Í DAG
Hæg suðvestlæg átt og skúrir. Hiti 5-9 stig.

VEÐURSPÁ

um hádegis »

um hádegis »

Kaupmannahöfn 14°C skúrir	London 15°C skýjað	Friedrichshafen 17°C skúrir
Billund 14°C skúrir	Paris 16°C hálfskýjað	Basel 18°C skúrir
Oslo 13°C skýjað	Amsterdam 16°C skúrir	Alicante 29°C léttskýjað
Stokkhólmur 11°C rigning	Frankfurt 15°C skúrir	Róm 25°C skúrir
Gautaborg 13°C skúrir	Berlin 17°C skúrir	Las Palmas 24°C léttskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

» á morgun

Hæg suðaustlæg átt.

» fimmtudagur

5-13 m/s.



Einstök kjör

DMK þjónusta SPRON miðar að því að mæta þörfum ungs fólks og gera fjármálin einfaldari, hagkvæmari og þægilegri.*

- **DMK DEBETKORT** – ekkert árgjald
- **DMK YFIRDRÁTTARHEIMILD** – LÍN-sérkjör fyrstu tvö árin
- **DMK TILTEKTARLÁN** – á einstökum kjörum
- **DMK LÉTTLÁN** – léttari greiðslubyrði
- **DMK RÁÐGJÖF** – sérsniðin að þörfum hvers og eins
- **DMK 50% AFSLÁTTUR** – af kreditkortum
- **DMK 90% ÍBÚÐALÁN** – sérkjör á brunatryggingu fyrstu íbúðar
- **DMK REGLULEGUR SPARNADUR** – ýmis sérkjör

Skoðaðu framtíðina með **DMK** og sæktu um á spron.is

* skv. útlánareglum SPRON

Nánari upplýsingar fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is

Gríptu tækifærið fyrir 15. október

- Boðsmiðar fyrir 2 í Borgarleikhúsið
- 10.000 kr. gjafabréf á veitingahúsið Argentínu eftir 3 mánaða virk viðskipti
- Frítt e² kort fyrsta árið

75 ára



A man and a woman are shown from the chest up, holding a poster. The poster features a photograph of a young child with the text "Dimitri" and "1997" above it. The man is on the left, looking at the poster, and the woman is on the right, looking towards the camera. They are both wearing dark jackets. The background is a plain, light-colored wall.

Já	55%
Nei	45%

Segðu þína skoðun á visir.is

Mukasey í stað Gonzales

Mukasey hefur undanfarið verið dómsmálaráðgjafi Rudys Giuliani,



MUKASEY OG BUSH Bandaríkjaforseti skýrði frá vali sínu á dómsmálaráðherra við athöfn í Hvíta húsinu í gær.

fyrirverandi borgarstjóra í New York og núverandi keppanda í

Mukasey tekur við af Alberto Gonzales, sem sagði af sér vegna harðrar gagnrýni sem hann hafði sætt fyrir embættisfærslur sínar. Bandaríkjapingar þarf þó að veita samþykki sitt áður en Mukasey getur tekið við starfinu.

Kjarnorkuver klætt stálkápu

Að fimm árum liðnum, þegar kápan verður komin upp, geta yfirvöld byrjað að taka kjarnaofninn í sundur. Áætlaður kostnaður er um fjórutíu milljarðar íslenskra króna. Forseti Úkraínu, Viktor Júst-sjenko, fagnar áformunum. Hann segir nú fyrst hægt að horfast í augu við alþjóðasamfélagið og segja að fundist hafi lausn á vandanum.

SÓMI

NÝTT

PÍTUBAKKI 2.390 kr.

Tikka masala kjúklingur,
jöklasalat og pítubrauð.

Reykt skinka, eggjasalat,
jöklasalat og pítubrauð.

NÝTT

2.480 kr.

ÁVAXTABAKKI

Vínber, melónur, ananas, appelsínur,
perur og fleiri góðir ávextir.

PANTAÐU Í SÍMA 565 6000 / FRÍ HEIMSENDING*

Nánari upplýsingar á somi.is

*Frí heimsending gildir aðeins ef pantaðir eru 3 eða fleiri bakkar

3M gluggafilmur fyrir
skóla, sjúkrahús, skrifstofur,
verslanir og aðra vinnustaði
Fagmenn frá RV
sjá um uppsetningu

- aukin velliðan á vinnustað

Leggur einn milljarð til Háskólans í Reykjavík

Róbert Wessmann, forstjóri Actavis, leggur einn milljarð króna sem hlutafé og framlag í nýstofnaðan Próunarsjóð Háskólans í Reykjavík. Stærsti styrkur sem einstaklingur hefur varið í eitt verkefni segir Svafa Grönfeldt, rektor Háskólans í Reykjavík.

Svafa segist vona að Róbert sé sá fyrsti til að slá tóninn og bindur miklar vonir við að fleiri aðilar viðskiptalífsins, hvort sem þau eru einstaklingar eða fyrirtæki, sjái sér hag í því að koma með þeim í það verkefni að gera HR að leiðandi alþjóðlegum háskóla og brautryðjandi afli í rannsóknarstarfi og nýsköpun í kennslu og útrás Íslendinga á sviði menntunar. „HR er í rauninni skóli atvinnulífsins. Aðildarfélagar í ýmsum samtökum atvinnulífsins hafa verið okkur mjög hlíðhollir í gegnum tíðina. Þetta er bara enn ein leið sem við erum að fara til að



SVAFJA GRÖNFELDT
Svafa sagði í ávarpi sínu á afmælisfundi Viðskiptaráðs að samkvæmt úttekt ríkisendurskoðunar bæri HR höfuð og herðar yfir aðra skóla í kennsluháttum og gæðum kennslu.

HLUTAFJÁRAUKNING OG ÞRÓUNAR- SJÓÐUR HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

- Gefið hefur verið út nýtt hlutafé sem nemur 250 milljónum króna. Eftir hlutafjárukninguna verða aðstandendur HR þeir sömu:
- Sjálfsseignarstofnun Viðskiptaráðs um viðskiptamenntun (SVÍV) mun eiga 51 prósent.
- Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins er með samtals fimm prósent.

- Auk þeirra munu nýir hluthafar fara með 44 prósent hlutafjár. Þróunarsjóður HR hefur verið stofnaður með viðbótarfjárframlagi frá nýjum hluthöfum. Róbert Wessmann forstjóri hefur þegar ákveðið að leggja fram 1.000 milljónir króna sem hlutafé og framlag í Þróunarsjóð HR.

Heimild: Heimasíða Háskólans í Reykjavík

Svafa sagðist í ávarpi sínu vonast til að sem flestir slægjust í hópinn og að sem flest íslensk fyrirtæki sæju kostina í því að auka samkeppnishæfni sinna

larab@frettabladid.is

Frumlyfjaframleiðendur eru ósáttir við umfjöllun stjórnámálanna um lyfjaverð:

Vinsælt að gagnrýna lyfjaverð og sleppa því sem máli skiptir

Jakob Falur segir að til dæmis hafi hlutfall lyfja af opinberum heilbrigðisútgjöldum lækkað undanfarin ár; úr rúmum níu prósentum árið 2000 í rúmlega sjö og hálft prósent árið 2005.



**JAKOB FALUR
GARÐARSSON**

Jakob segir lyfjaverð á Íslandi sambærilegt og á hinum Norðurlöndunum og telur að sameiginlegur lyfjamarkaður, líkt og heilbrigðisráðherra vill taka upp, leiði ekki til verðlækkunar. „Ég held að verðið muni ekki lækka af því að það er nú þegar það sama og á hinum Norðurlöndunum. Og á meðan Landspítalinn getur ekki greitt birgjum sínum fyrir lyf, ætti hann að eiga auðveldara með að greiða birgjum í öðrum löndum?“

- bps

BARÁTTAN UM BESTA FÓLKID

ALPJÓÐLEG RÁÐSTEFNA Á NORDICA

25. SEPTEMBER 2007

Samkeppnin um hæfasta starfsfólkið harðnar hröðum skrefum. Tæknibyltingar, hækkandi menntunarstig, minnkandi tryggð, kröfur um sveigjanleika og nýr alpjóðlegur vinnumarkaður eru aðeins forsmekkur þeirra breytinga sem eru að verða á íslensku atvinnulífi. Er þitt fyrirtæki viðbúið þessari þróun?

Á ráðstefnunni gefst einstakt tækifæri til að skyggjast inn í framtíðina með tveimur af fremstu sérfræðingum heims á sviði stjórnendabjálfunar og rannsókna á vinnumarkaði.

DAGSKRÁ

- 12:30 Móttaka
- 13:00 Setning ráðstefnunnar
- 13:10 **Mannauður og áskoranir 21. aldarinnar**
- Dr. Svafa Grönfeldt og Atli Atlason
- 13:40 **Adjusting to the World of Work for Creating a Competitive Advantage** - Dr. Dominique Turcq
- 14:50 Kaffihlé
- 15:20 **The Future of Leadership** - Sir John Whitmore
- 16:30 Umræður
- 17:00 Ráðstefnulok

Ráðstefnustjórn: Dr. Margrét Jónsdóttir

Dr. Svafa Grönfeldt og Atli Atlason „Mannauður og áskoranir 21. aldarinnar“

Dr. Svafa Grönfeldt, rektor Háskólans í Reykjavík og Atli Atlason, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs Landsbankans opna ráðstefnuna og deila sinni sýn á helstu áskoranir sem blasa við íslensku atvinnulífi á 21. öldinni.



Dr. Dominique Turcq „Adjusting to the World of Work for Creating a Competitive Advantage“

Dr. Dominique Turcq er meðal fremstu sérfræðinga heims í málefnum alpjóðlegs vinnumarkaðar. Hann hefur einstaka yfirsýn yfir strauma og stefnur í atvinnumálum á heimsvísu og innsýn í fjölbreytilegar þarfir fyrirtækja, enda hefur hann helgað sig rannsóknum, stefnumótun og viðskiptaþróun á þessu sviði um árabil.



Sir John Whitmore „The Future of Leadership“

Sir John Whitmore er frumkvöðull á sviði stjórnendabjálfunar. Hann vakti fyrst athygli sem Evrópumeistari í kappakstri en skaust upp á stjórnuhimininn með bók sinni *Coaching for Performance*, sem hefur verið þýdd á yfir tuttugu tungumál. Sir John Whitmore var nýlega útnefndur sem sá fremsti á sviði stjórnendabjálfunar í Bretlandi af blaðinu *The Independent*.



Verð: 18.000 kr.

Skráning á www.hr.is eða skraning@ru.is



HVER ER PINNAR GÆFU SMIDUR?



Morgunblaðið

Deloitte.





ÍSLENSKA ALÞINGIÐ 2007



SJÁLFSTÆÐI FAGNAÐ Mexíkóskir hermenn gengu í takt á Zocalo-torgi í Mexíkóborg á sunnudag. Tilefnið var að 197 ár voru þá liðin frá því að Mexíkó lýsti yfir sjálfstæði sínu.

NORDICPHOTOS/AFP

Aðstoðarlögreglustjóri segir Lúkasarmálið tvískipt, en upptök þess fyrir norðan:

Lúkas ekki í stjórnlausan feril

LÖGREGLUMÁL Jón H.B. Snorrason, aðstoðarlögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, segir enga hættu á því að Lúkasarmálið þvælist um í kerfinu.

„Lögreglustjórar geta útkljáð það sín á milli, hvar er heppilegast að mál séu rannsökuð. Þetta mál fer því alls ekki í einhvern stjórnlausan sendingaferil á milli embættanna. Væntanlega hefur hann [Sýslumaðurinn á Akureyri] samband við það embætti þar sem hann telur eðlilegast að rannsóknin fari fram,“ segir Jón.

Fram hefur komið að sýslumaðurinn á Akureyri hefur fengið til meðferðar kærnu Helga Rafns



LÚKAS

Brynjarssonar, áður meints hunda-drápara. Sýslumaður efast um að málið eigi heima fyrir norðan og kveður brotin tvö aðgreind.

Helgi Rafn býr á Seltjarnarnesi,

brotin voru framin á netinu og einungis hluti þeirra með norðlenskum lyklaborðum.

Aðstoðarlögreglustjóri segir hins vegar að Lúkasarmálið hafi verið sent til meðferðar Sýslumannsins á Akureyri, því allar upplýsingar um upprunalega atburðinn voru þar.

Hann segir ljóst að um aðskild mál sé að ræða. „Þetta meinta hundsdráp var hins vegar tilkynnt til lögreglunnar á Akureyri og þar fór fram rannsókn á því hver hefði sagt hvað og svo framvegis. Til dæmis eru þar upplýsingar um hver hafi komið þessum röngu upplýsingum af stað.“

- kóp

Fangi á Litla-Hrauni:

Sýknaður af steraákæru

DÓMSMÁL Fangi á Litla-Hrauni var í gær sýknaður af ákæru fyrir að hafa í fórum sínum steralyf og fleiri efni. Héraðsdómur Suðurlands taldi að ákærvaldinu hefði ekki tekist að sýna fram á að maðurinn hefði átt hátalara, sem efnin fundust í og var í fanga-klefa mannsins.

Þegar leitað var í klefa mannsins fundust um hundrað töflur og tvö glerhyliki af steralyfi í hátalarakassa við hliðina á sjónvarpi. Maðurinn sagðist ekkert kannast við efnin í hátalaranum, og sagði að annar maður hefði gefið sér boxið þegar hann yfirgaf fangelsið.

- sps

Boðað er til hluthafafundar í

Fasteignafélaginu Stoðum hf.

Þriðjudaginn 25. september 2007 kl. 16:00 að starfsstöð félagsins í Kringlunni 4-12, í Reykjavík.

Dagskrá:

1. Tillaga um breytingu á samþykktum félagsins um fjölgun stjórnarmanna úr 5 í 7 og um niðurfellingu ákvæðis í samþykktum félagsins um kosningu varamanna í stjórn þess.
2. Kosning stjórnar félagsins.
3. Önnur mál löglega upp borin.

Tillögur liggja frammi til sýnis á starfsstöð félagsins í Kringlunni 4-12, í Reykjavík.

Stjórn Fasteignafélagsins Stoða hf.

FASTEIGNAFÉLAGIÐ

STOÐIR HF.

Kringlunni 4-12 • 101 Reykjavík • Síðing
Sími: 394 575 3000 • Fax: 394 575 3000

Óábyrgt að bíða með vistvænar lausnir

Á ráðstefnu sem hófst í Reykjavík í gær kom fram að ekki aðeins væri ástæðulaust heldur beinlínis óábyrgt að grípa ekki tafarlaust til aðgerða til að draga úr notkun kolefnaeldsneytis og losun koltvísýrings í samgöngum á Íslandi.

UMHVERFISMÁL Ísland hefur nú um allan langt skeið verið í heimsforystu í nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa þegar kemur að húshitun og raforkunotkun heimila og iðnaðar, en Íslendingar eru aftur á móti orðnir eftirbátar annarra þjóða þegar kemur að orkunotkun í samgöngum. Til að vekja athygli á þessum vanda og varpa ljósi á leiðir til að bæta úr þessu stendur nú yfir í Reykjavík tveggja daga alþjóðleg ráðstefna um umhverfissvænar lausnir í samgöngumálum.

Ráðstefnan, sem fer fram undir enskuyfirskriftinni Driving Sustainability '07, er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, ráðuneyta umhverfis- og samgöngumála, sænska sendiráðsins og fjölda fyrirtækja, þar á meðal Olís og Brimborgar sem standa saman að því að bjóða Íslendingum í fyrsta sinn upp á lífetanól og bíla sem ganga fyrir því umhverfissvæna eldsneyti.

Meginboðskapurinn í þeim erindum sem flutt voru á fyrsta degi ráðstefnunnar í gær var að þótt enn væri ekki fundin „hin endanlega lausn“ sem tekið gæti við af hinu kolefnaeldsneytisknúna samgöngukerfi nútímans þá væru nú þegar til lausnir sem, með tiltölulega litlum tilkostnaði og breytingum á þeim innviðum sem fyrir eru, væru samkeppnishæfar við bensín- og dísilknúna bíla. Þótt vissulega væri að sumu leyti samkeppni milli þeirra tæknilegu lausna sem mögulegar eru, eins og milli etanol-, gas-, tvinn-, rafmagns-



FRAMTÍÐIN RÆDD Meðal ræðumanna á ráðstefnunni voru f.v. Jan Bretenbraten frá Ford, Per Carstedt, forstjóri sænska lífildsneytisfyrirtækisins SEKAB, Gustaf Landahl, forstjóri Miljöbilar í Stokkhólmi, og Yves Lemaire úr iðnaðarráðuneyti Frakklands.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

og vetnisbíla, þá hefði hver stuðning af hinum. Ekki væri ástæða til annars en nýta þær allar þótt ekki væri enn ljóst hver þeirra yrði ofan á í framtíðinni eða hvort einhver ein lausn yrði fyrir valinu. Það skýrðist ekki nema með reynslunni.

Svíar hafa náð heimsforystu í að innleiða lífetanól-tæknina í bílaflota sinn. Með því eldsneyti, sem framleitt er úr lífmassa sem til

fellur í landbúnaði og er blandað saman við bensín (85 prósent etanol, 15 prósent bensín), minnkar koltvísýringslosun um allt að 80 prósent samanborið við bíl með hefðbundna bensínvél.

Árni Mathiesen fjármálaráðherra sagði ríkisstjórnina vera að vinna að rammalöggjöf til að ýta undir aukna notkun umhverfissvæna farartækja hérlandis.

audunn@frettabladid.is

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

VW Touareg V8 bensín

Skr. d. 16.4.2004

19" álfelgur, dráttarbeisli
loftþúðafjöðrun, lykillaut aðgengi
sóllúga, vindskeið, aurlífar
rafmangnsopnun á hlera
leðurinnrétting, xenon-ljós

Verð 4.950.000 kr.

Opið kl. 10-18 á Laugavegi 174



www.bilathing.is
bilathing@hekla.is
Sími 590 5000

Eigum frábært úrval nýlegra lúxusfólksbíla og jeppa frá Volkswagen, Audi og Mercedes Benz með allt að 90% lánum á afar hagstæðum kjörum. Bílarnir eru til sýnis á Bílapingi, Laugavegi 174.

BÍLAPING HEKLU

Númer eitt í notuðum bílum

Þýskur biskup veldur deilum:
Sagði nútíma-
list úrkynjaða

LISTIR Þýskur erkibiskup hefur valdið miklu fjaðrafoki eftir að hann lýsti því yfir að hluti nútímalistar væri úrkynjaður. Er nasistar voru við stjórn í Þýskalandi notuðu þeir sama orð í ofsóknum sínum gegn listamönnum og þess vegna hefur biskupinn verið harðlega gagnrýndur fyrir orðaval sitt. „Ég hélt að þetta væri liðin tíð en síðan notar hátt setur meðlimur kaþólsku kirkjunnar þetta orð,“ sagði Michael Vesper, fyrrum ráðherra í Þýskalandi. Talsmaður biskupsins segir að hann hafi ekki ætlað að heiðra gamla hugmyndafræði með ummælum sínum. - fb

Andarnefjurnar tvær við höfnina í Heimaey voru rammvilltar og uppgefnar:

Smalar ráku andarnefjur frá Heimaey

NÁTTÚRA „Þetta voru okkar réttir,“ segir Páll Marvin Jónsson, sjávarlíffræðingur í Heimaey, um sérstæða smalamennsku Eyjamanna í gærmorgun. Tildrögin voru þau að tvær andarnefjur höfðu svamlað í höfninni í um tvo sólarhringa. Páll segir andarnefjurnar aðallega nota hljóð til að rata um höfin og bergmálið í höfninni í Vestmannaeyjum hafi líkast til ruglað þær í ríminu. „Þær voru orðnar dauðuppgefnar og líklegt að þær hefðu drepist úr hungri ef þeim hefði ekki verið leiðbeint út,“ segir Páll en andarnefjur lifa aðallega á smokkfiski. Til þess að smala þeim úr höfninni



PREYTTIR OG VILLTIR Hvalirnir nýta hljóð til að rata um sjóinn en í höfninni í Eyjum hafa þeir ruglast í ríminu. MYND/ÓSKAR P. FRÍÐRIKSSON

voru notaðir fimm bátar. Páll segir smalamenn fyrst hafa keyrt skráfur bátanna hratt fram og aftur til að koma hvölunum af stað. Í fyrstu hafi þeir virst hafa gaman af rótinu sem skráfurnar framkölluðu. Þá hafi smalar látið öllum illum látum



HVÖLUNUM BJARGAÐ Smölun í Vestmannaeyjum fer fram með heldur óvenjulegum hætti. MYND/ÓSKAR P. FRÍÐRIKSSON

til að koma dýrunum í skilning um að þau ættu að koma sér áfram. „Þær syntu nú nokkuð skrykkjótt út en þetta tók ekki nema svona tvo og hálfan tíma,“ segir Páll. Þegar í land var komið tóku um 200 skólabörn á móti björgunarmönnum

en nemendum úr nokkrum bekkjum Barnaskóla Vestmannaeyja var gefið frí til að fylgjast með björgun hvalanna. „Svo þegar við komum að landi klöppuðu þau fyrir okkur, þannig þetta var allt saman mjög skemmtilegt,“ segir Páll. - kdk

Framtíð án olíu:
Einstakt tækifæri fyrir Ísland

UMHVERFISMÁL Íslendingar hafa tækifæri til að verða fyrsta landið í heiminum sem verður nánast óháð notkun kolefnældsneytis og þar með kyndilberi nýrra tíma. Með því að taka sér ærlegt tak í að nýta umhverfisvænni tækni í samgöngutækjum landsins gæti þetta markmið náðst á tiltölulega skömmum tíma. Þetta segir Per Carstedt, forstjóri sænska lífelsesneytisfyrirtækisins SEKAB og stjórnarformaður lífelsesneytissamtaka Svíþjóðar, BAFF, en hann var meðal ræðumanna á ráðstefnunni Driving Sustainability '07 á Hótel Nordica í gær. Þótt Carstedt sé talsmaður etanóltækninnar segir hann sjálfsagt að Íslendingar nýti alla þá tæknilegu möguleika sem fyrir hendi eru til að draga úr notkun olíu og minnka losun gróðurhúsalofttegunda. Tengitvinn-tæknin sé þar til dæmis augljós aðlaðandi kostur þar sem hún gefi færi á að nýta þá orku sem mest sé af hér, raforkuna, til að knýja bíla. Skynsamlegast sé að nýta alla kostina í bland. - aa



PER CARSTEDT



ÞORLÁKSHÖFN Alcan vill 400 þúsund tonna álverksmiðju.

Bæjarfulltrúi í Ölfusi:
Vill hafa sínar
eigin skoðanir

SVEITARSTJÓRNIR „Það er lágmarkskurteisi við kjörna fulltrúa að aðrir ákveði ekki skoðanir þeirra, hverjar sem þær eru,“ segir Ásgeir Jónsson, bæjarfulltrúi framsóknarmanna í Ölfusi, í bókun á síðasta bæjarráðsfundi. Ásgeir vísar þar til þess að bæjaryfirvöld hafi í bréfi til Landsvirkjunar sagt bæjarstjórnina standa heilshugar á bak við byggingu 400 þúsund tonna álverksmiðju Alcan við Þorlákshöfn. „Aldrei hafa verið formlegar umræður um álver Alcan í bæjarstjórn þannig að bæjarfulltrúar hafi getað lýst skoðunum sínum á málinu,“ segir Ásgeir, sem vill íbúakosningu um málið. - gar

Hugsaðu um heilsuna!

Gamla góða Óskajógúrtin – bara léttari

Frískandi, hollur og léttur drykkur í dós

Svalandi, próteinríkur og fitulaus

Silkimjúkt, próteinríkt og fitulaust

Fitusnauðar og mildar ab-vörur – dagleg neysla stuðlar að bættari heilsu og velliðan

MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15 7.584 -2,42%	Fjöldi viðskipta: 635 Velta: 5.766 milljónir
MESTA HÆKKUN	MESTA LÆKKUN
 ATLANTIC PETR. +4,22%	 EXISTA -3,84%
CENTURY ALUM. +1,69%	STRAUM.-B.ÁS -3,41%
TRYGGINGAMIÐST. +1,53%	KAUPPING -2,80%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 9,88 -0,20% ... Bakkavör 61,50 -1,76% ... Eimskipafélagið 39,40 -0,63% ... Exista 28,80 -3,84% ... FL Group 24,20 -0,41% ... Glitnir 27,00 -2,17% ... Icelandair 25,40 -2,68% ... Kaupping 1.040 -2,80% ... Landsbankinn 38,90 -2,02% ... Straumur-Burðarás 18,40 -3,41% ... Össur 99,50 -0,50% ... Teymi 6,00 -1,80%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á vísir.is

Candover dregur boð til baka

Breski fjárfestingasjóðurinn Candover hefur dregið til baka yfirtökutilboð í hollensku iðnaðarsamstæðuna Stork. Var þetta gert þar sem ljóst var að tilskilinn fjöldi hluthafa myndi ekki samþykkja tilboðið.

LME, eignarhaldsfélag Eyrís Invest, Landsbankans og Marels, sem á 43 prósent hlutfjár í Stork, vildi ekki ganga að boðinu. Félagið hefur um árabíl þrýst á um samruna matvælavinnsluvéla-hluta Stork og Marel Food Systems.

Í sameiginlegri yfirlýsingu segja Candover, LME og Stork, að eftir viðræður síðustu tveggja vikna hafi verið ákveðið „að halda formlegum viðræðum áfram til að skoða aðrar mögulegar útfærslur með hag allra hagsmunaaðila í huga“. Stefnt er að niðurstöðu í viðræðunum ekki síðar á fyrri hluta októbermánaðar.

Gengi bréfa Stork lækkaði um 3,84 prósent í gær, endaði í 44,85 evrum hluturinn. Yfirtökutilboð Candover hljóðaði upp á 47 evrur á hlut.

- óká

Fyrstu evruposarnir í notkun

Kortþjónustan hefur sett hér upp fyrstu posana sem taka við evrum. Flugþjónustan á Reykjavíkurflugvelli tók fyrstu posana í notkun, en evruposar eru til að byrja með helst sagðir gagnast fyrirtækjum í ferðaþjónustu.

Í tilkynningu Kortþjónustunnar kemur fram að fleiri fyrirtæki hafi þegar bedið um slíka posa, en notkun þeirra þýðir að viðskiptavinir fyrirtækjanna fá uppgefið verð vöru eða þjónustu í evrum og greiða í þeirri mynt. Söluaðillinn ræður svo hvort hann fær uppgjörið á posafærslunum greitt í krónum eða evrum.

Jóhannes Ingi Kolbeinsson, framkvæmdastjóri Kortþjónustunnar, telur þó fullsnemmt að fullyrða að hér hafi verið tekið fyrsta skrefið í að evruvæða greiðslukerfi hér.

- óká

Hagnaður jókst um 372 prósent

Hagnaður Norvik banka á fyrri helmingi þessa árs nemur sem svarar 4,6 milljónum lettneskra lata, eða tæpum 610 milljónum íslenskra króna, samkvæmt nýbirtu uppgjöri.

Fram kemur að á sama tímabili í fyrra hafi hagnaður bankans numið 985 þúsund lötum og aukningin sé því 372 prósent.

Hagnaður af starfsemi bankans er sagður hafa aukist um 72,2 prósent milli ára, var á fyrri helmingi þessa árs rúmlega 13,1 milljón löt, eða rúmlega 1,7 milljarðar króna. Á sama tíma hefur rekstrarkostnaður bankans aukist um 24,2 prósent.

- óká

FL Group tryggir sig í TM

FL Group hf. hefur náð samningum við Glitni, Hnotskurn ehf. og Samherja hf. um kaup á öllum hlutum þeirra í Tryggingamiðstöðinni hf, 46,2 prósentum hlutabréfa. Kaupverð nemur um 24 milljörðum króna sem seljendur fá greitt með útgáfu nýs hlutafjár í FL Group. Kaupin eru háð samþykki hluthafa FL Group og Fjármálaeftirlitsins. Gangi þau eftir mun FL Group fara með 83,7 prósent hlutafjár í TM og stefnir á að gera yfirtökutilboð í útistandandi hlutabréf og taka TM af markaði.

FL Group átti fyrir samkomulagið 37,6 prósent í TM í gegnum eignarhaldsfélagið Kjarrhólma, sem félagið tryggði sér að fullu í síðustu viku.

Guðbjörg M. Matthíasdóttir, sem var stærsti hluthafi TM, og fleiri seldu bréf sín í félaginu til Glitnis fyrir hálfum



TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN FL Group hefur fest sér meirihluta hlutafjár í TM. Félagið hyggst gera yfirtökutilboð í útistandandi hlutabréf og afskrá tryggingafélagið.

mánuði á genginu 46,5 krónur á hlut. Glitnir sagði þá að hluturinn yrði ýmist seldur allur eða í hlutum til fjárfesta. Stjórnendur FL Group segjast í til-

kynningu telja kaupin opna félaginu tækifæri á nýju sviði. Viðskiptin séu fyrsta skref félagsins inn á tryggingamarkað.

- jab



EFNAHAGSUNDRIÐ ÍSLAND

MORGUNVERÐARFUNDUR GREININGAR GLITNIS

Greining Glitnis efnir til morgunverðarfundar miðvikudaginn 19. september milli kl. 8.15 og 9.45 á Nordica Hotel þar sem fjallað verður um þróun í íslensku efnahagslífi síðastliðin ár og horfur næstu misserin. Fundarstjóri verður Gunnar Ólafur Haraldsson, aðjúnkt við Hagfræðiskor HÍ og forstöðumaður Hagfræðistofnunar HÍ.

Dagskrá:

- 8.15 Húsið opnað
- 8.25 Upphafsorð – Lárus Welding, forstjóri Glitnis
- 8.30 Efnahagsspá Greiningar Glitnis 2007–2011
Jón Bjarki Bentsson, sérfræðingur Greiningar Glitnis
- 8.45 Efnahagsundrið
Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Glitnis
- 9.00 Ótrygg húsnæðislán í Bandaríkjunum og efnahagsleg áhrif þeirra
Jarkko Soikkeli, sérfræðingur í greiningu hjá FIM
- 9.15 Spurningar og svör
- 9.35 Lokaorð



Vinsamlega staðfestið þátttöku á www.glitnir.is/greiningarfundur – allir velkomnir.



Í STÍL Föt eftir spænska hönnuðinn Jesus Del Pozo voru kynnt á tiskusýningu í Madrid í gær. Þessi kjóll, sem er í stíl við púðluhundinn, var meðal þeirra sem sýndir voru. NORDICPHOTOS/AFP

Góð æfing í nótnalestri:

Björguðu messu í Berlín

FÓLK „Við stóðum þarna og byrjuðum bara að spila og fylltum upp í eyðurnar eins og við gátum,“ segir Hrólfur Sæmundsson söngvari.



HRÓLFUR SÆMUNDSSON

Hrólfur, Hilmar Örn Agnarsson organisti og Jóhann Stefánsson trompetleikari voru staddir í dómkirkjunni í Berlín í mörg hundruð manna messu og hugðust flytja fjögur lög þegar organistinn forfallaðist fyrirvaralaust.

„Kirkjuverðirnir komu til okkar og sögðu við okkur að við þyrftum bara að spila eitthvað. Þetta var ágætis æfing í nótnalestri.“ Hrólfur segir þá hafa bætt við Ave María eftir Sigvalda Kaldalons og endað svo á Draumalandinu. Að sögn Hrólfs gekk messan ótrúlega vel og þeim var vel fagnað í lokin af mörg hundruð kirkjugestum.

- lbb

HAFNARFJÖRÐUR

Kettir áfram lausir

Bæjarráð Hafnarfjarðar hefur hafnað tillögu eins íbúa bæjarins um að banna lausagöngu katta. Vildi íbúinn með þessu „endurheimta fuglalíf“ í bænum.

ÍRAK

Draga sig úr bandalagi sjía

Stjórnmalahreyfing sjáklærksins Moqtada al-Sadrs hefur dregið sig út úr bandalagi sjía sem heldur um stjórnartaumana í Írak. Fimm mánuðir eru síðan Sadr, sem er afar mótfallinn íhlutun Bandaríkjanna í landinu, dró ráðherra sína úr ríkisstjórninni.

Landsvirkjun heldur ráðstefnu um Kárahnjúkavirkjun:

Virkjun sem vekur athygli

ORKUMÁL „Það sem stendur upp úr eftir daginn er að stíflan virðist vera vel byggð,“ sagði Sigurður Arnalds, kynningastjóri Kárahnjúkavirkjunar, eftir fyrsta dag tækniráðstefnu Landsvirkjunar um virkjunina.

„Öll hegðun hennar er til fyrirmyndar. Hún hefur lítið sigið, steypfir flekar hafa lítið hreyfst og leki er sáralítill. Niðurstaðan er að vel hefur tekist til með hönnun og byggingu stíflunnar.“

Um 160 manns mættu á ráðstefnuna í gær. Páll Magnússon, stjórnarformaður Landsvirkjunar, fjallaði um mikilvægi framkvæmdanna fyrir efnahag landsins og hlýddu



RÁÐSTEFNA Á GRAND HÓTEL Um 160 manns voru á fyrsta degi tækniráðstefnu Landsvirkjunar um Kárahnjúkavirkjun.

gestir á umfjöllun um hönnun stíflunnar.

Í dag verður meðal annars fjallað um jarðgangagerð, umhverfisvöktun og hvernig staðið hefur verið að kynningu á verkefninu. Ráðstefnan er opin öllum, en erindin eru flutt á ensku.

Kárahnjúkastífla er fjórða hæsta stífla sinnar tegundar í heiminum og er vatnsdýpið við stífluna um 180 metrar. Þá eru veðurfarslegar aðstæður á framkvæmdasvæðinu afar krefjandi.

Hefur stíflan því vakið athygli í hinu alþjóðlega tæknisamfélagi og fær mikla umfjöllun á erlendum ráðstefnum og í fagtimaritum. - eb

Samráðsmáli Dala-Rafns vísað frá dómi

Máli útgerðafélagsins Dala-Rafns frá Vestmannaeyjum gegn olúfélögunum hefur verið vísað frá dómi. Kemur á óvart, segir Hlynur Halldórsson lögmaður Dala-Rafns. Ekki neinn grundvöllur fyrir málinu, segir lögmaður Skeljungs.

DÓMSMÁL Máli útgerðafélagsins Dala-Rafns frá Vestmannaeyjum gegn olúfélögunum Skeljungi, Olís og Keri, áður Olúféluginu, var í gær vísað frá í Héraðsdómi Reykjavíkur. Dala-Rafn er eina útgerðarfélagið sem krafist hefur skaðabóta vegna samráðs olúfélaganna. „Þetta kemur okkur á óvart,“ sagði Hlynur Halldórsson héraðsdómslögmaður, sem flutti málið fyrir hönd Dala-Rafns, eftir að úrskurðurinn lá fyrir.

Ker og Olís kröfðust frávisunar á málinu og á úrskurður héraðsdóms aðeins við um þá kröfu. Skeljungur gerði ekki kröfu um frávisun en krafðist sýknu.

Eftir stendur mál Dala-Rafns gegn Skeljungi en því hefur verið frestað um ótilgreindan tíma. „Ég lít svo á að þegar verið er að vísa máli frá vegna vanreifunar, eins og gert er í þessu tilfelli, þá ætti að vísa málinu frá í heild sinni,“ sagði Hörður F. Harðarson lögmaður Skeljungs. Hann taldi skynsamlegast að krefjast ekki frávisunar heldur fá frekar efnislega niðurstöðu í málið eins fljótt og kostur er. „Það var mat mitt, og forsvarsmanna Skeljungs, að það væri ekki neinn grundvöllur fyrir málinu og því væri best að ljúka því.“

Mál Dala-Rafns byggir á því að samráð olúfélaganna, á árunum 1993 til og með meirihluta árs 2001, hafi leitt til þess að olíuviðskipti hafi verið dýrari en þau hefðu verið ef fyrirtækin hefðu ekki haft með sér samráð.

Í úrskurðinum er tekið fram að



FRÁ VESTMANNAEYJUM Lögmaður Dala-Rafns telur eðlilegan samkeppnismarkað ekki hafa verið virkan í heimabæ Dala-Rafns, Vestmannaeyjum, frekar en annars staðar, á þeim tíma þegar félögin höfðu með sér samráð.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Við teljum að félögin eigi að bera sameiginlega ábyrgð á tjóni sem er afleiðing samráðsins.

HLYNUR HALLDÓRSSON
LÖGMAÐUR DALA-RAFNS

óljóst sé af málalíbúnaði Dala-Rafns hvort fyrir hendi sé „skilyrði sameiginlegrar ábyrgðar“ af hálfu stefndu, Kers og Olís, um að þeir hafi valdið sama tjóni og Skeljungur, en Dala-Rafn átti fyrst og fremst í viðskiptum við Skeljung á fyrrnefndu tímabili. Krafa Dala-Rafns byggist á því að ábyrgðin sé sameiginleg þar

sem öll félögin beri ábyrgðina á því að hafa haft samráð. „Við teljum að félögin eigi að bera sameiginlega ábyrgð á tjóni sem er afleiðing samráðsins. Eðlilegur samkeppnismarkaður virkaði ekki í Vestmannaeyjum á þessum tíma frekar en annars staðar á Íslandi,“ sagði Hlynur.

Dala-Rafn krafðist rúmlega 8,3 milljóna króna í bætur en krafan er byggð á samanburði á verði milli Íslands og Færeyja á þeim tíma er samráðið átti sér stað.

„Við ætlum að fara vel yfir málið en mér finnst líklegt að við kærum þessa niðurstöðu til Hæstaréttar,“ sagði Hlynur.

magnush@frettabladid.is

Dúrnafar í Feneyjum:

Hrísgrjón ekki leyfð lengur

ITALÍA, AP Borgaryfirvöld í Feneyjum vilja nú banna brúðkaupsgestum að kasta hrísgrjónum yfir nýgift brúðhjón.

Ástæðan er sú að dúfnafjöldinn í Feneyjum er orðinn svo mikill að til vandræða þykir horfa. Dúfnaskítur þekur fornfræg torg borgarinnar og gamlar stytur liggja undir skemmdum.

Hrísgrjónum er að gömlum sið gjarnan kastað á brúðhjón til að óska þeim velfarnaðar og frjósemi, en aukaáhrif í Feneyjum eru þau að dúfurnar dafna góðu lífi á því að gæða sér á grjónunum.

- gb



RAFMAGNSBÍLL Jóhann Jónmundsson prófar Reva-rafmagnsbíl við opnun sýningarinnar.

Bílasýning í Perlunni:

Etanólbílar til sýnis í fyrsta sinn

FÓLK Fyrstu tveir etanólbílar landsins eru til sýnis á bílasýningu í Perlunni um helgina.

Bílasýningin er í tengslum við ráðstefnuna Orkugjafir framtíðarinnar í samgöngum sem hefst á mánudaginn. Þau bifreiðaaumboð sem bjóða upp á visthæfa bíla sýna þá á sýningunni. Síðasti sýningardagur er í dag.

Útblástur koltvísýrings frá etanólbílum er um áttatíu prósentum minni en í venjulegum bensínbíl.

- lbb

Friðarumleitanir í Palestínu:

Olmert slær á framfaravonir

ÍSRAEL, AP Leiðtogar Ísraela og Palestínumanna, sem sitja munu friðarráðstefnu í haust sem Bandaríkjamenn eru aðalhvatamennirnir að baki, munu ekki leggja þar fram neinar tíma-mótatillögur. Frá þessu greindi ísraelski forsætisráðherrann Ehud Olmert á sunnudag.

Fulltrúar Palestínumanna brugðust strax við þessum orðum Olmerts með því að spyrja hvort það tæki því þá yfirleitt fyrir þá að sitja ráðstefnuna.

Ummælin koma fram fáeinum dögum áður en von er á Condo-leezu Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, á vettvang til að undirbúa ráðstefnuna sem á að fara fram í nóvember.

- aa

Munkar taka forystuna í mótmælum gegn herstjórninni í Búrma:

Munkunum er nóg boðið

BÚRMA, AP Búddamunkar í Búrma (Mjanmar) virðast vera að taka forystuna í fjöldamótmælum gegn herstjórninni, sem hefur ráðið lögum og lofum í landinu áratugum saman. Mótmælin hafa staðið yfir í nærri mánuð og eru þau fjölmennustu sem orðið hafa þar í háa herrans tíð.

„Munkarnir eru eina von okkar núna, eins og þeir hafa alltaf verið í sögu Búrma,“ segir Hla Myint, 75 ára kennari. „Herstjórnin getur auðveldlega brotið á bak aftur mótmæli stúdenta og almennings. En ef munkarnir eru kúgaðir með ofbeldi hefur það venjulega í för með sér neikvæðar afleiðingar og frekari mótmæli.“

Munkarnir hafa krafist þess að herstjórnin biðjist afsökunar á að hafa barið hundruð munda sem tóku þátt í friðsamlegum mótmælum í Pakokko fyrir hálfum mánuði. Frestur, sem stjórnvöldum var gefinn, rann út í gær.

Hafi afsökunarbeiðni ekki borist hóta munkarnir allsherjar mótmælum í dag. Þeir ætla að halda í mótmælagöngur frá klaustrunum, hætta öllum samskiptum við stjórnvöld og neita að þiggja



BÚDDAMUNKAR Í JANGON Munkarnir í Búrma eru afar ósáttir við framferði herstjórnarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

ölmusu frá þeim – sem þykir afar niðurlægjandi fyrir stjórnvöld.

„Það sem stjórnin gerði í Pakokko er ófyrirgeflegt. Munkarnir eru reiðir,“ segir Zin Linn, upplýsingaráðherra í útlagastjórn Búrma, sem hefur aðsetur í Washington.

- gb

Sjáðu sjónvarpið!



**Verð
169.900**

42PC52
42" Plasma sjónvarp
Upplausn 1024x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1500
Svartími innan við 1ms



**Verð
149.900**

42PC1RR
42" Plasma sjónvarp
Upplausn 1024x768
Skerpa 10.000:1
Birtustig 1.200
Svartími innan við 1ms
80GB upptökudiskur

**80 GB
UPPTÖKU
DISKUR**



**Verð
269.900**

50PC1RR
50" Plasma sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 10.000:1
Birtustig 1.000
Svartími innan við 1ms
80GB upptökudiskur

**80 GB
UPPTÖKU
DISKUR**



**Verð
259.900**

42LY95
42" LCD sjónvarp
Upplausn 1920x1080 Full HD
Skerpa 5.000:1
Birtustig 500
Svartími 8ms



**Verð
224.900**

37LF65
37" LCD sjónvarp
Upplausn 1920x1080 Full HD
Skerpa 5.000:1
Birtustig 500
Svartími 8ms



**Verð
189.900**

42LC2RR
42" LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 1.600:1
Birtustig 500
Svartími 8 ms
80gb upptökudiskur

**80 GB
UPPTÖKU
DISKUR**



**Verð
164.900**

37LC2RR
37" LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 1.600:1
Birtustig 500
Svartími 8ms
80gb upptökudiskur

**80 GB
UPPTÖKU
DISKUR**



**Verð
219.900**

42LC2D
42" LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 1.600:1
Birtustig 500
Svartími 8 ms
Stafrænn móttakari



**Verð
189.900**

37LC2D
37" LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 1.600:1
Birtustig 500
Svartími 8 ms
Stafrænn móttakari



**Verð
179.900**

42LC51
42" LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450
Svartími 5ms



**Verð
159.900**

37LC51
37" LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450
Svartími 6ms



**Verð
109.900**

32LC51
32" LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450
Svartími 8ms



**Verð
105.900**

26LC51
26" LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 800:1
Birtustig 500
Svartími 3ms

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -


Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is

Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16

Life's Good

Svona erum við

> Farþegaflutningar frá landinu



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: ÓTRYGGT ÁSTAND Í PAKISTAN EFTIR ATBURÐI ÁRSINS**Útlegðarforsetar snúa aftur til Pakistans**

Á þessu ári hafa stjórnmaladeilur harðnað í Pakistan og hitnað undir forsetanum, Pervez Musharraf hershöfðingja.

Tveir fyrrverandi forsetar landsins, sem báðir hafa verið í útlegð, hafa gefið sterklega til kynna að þeir hyggist bjóða sig fram í næstu kosningum.

Nawaz Sharif reið á vaðið og flaug heim úr sjö ára útlegð hinn 10. september. Honum var jafnskjótt vísað úr landi. Benazir Bhutto, sem var forseti landsins frá 1988

til 1990 og frá 1993

til 1996, tilkynnti

þá að hún myndi

einnig snúa aftur

til að „endurreisa

lýðræðið“ í

Pakistan.

Hver er staða núverandi forseta?

Það er á brattann að sækja fyrir Musharraf í heimalandinu af ýmsum sökum. Hann fór gegn vilja Hæstaréttis þegar hann vísaði Sharif úr landi.

Í júlí setti Hæstiréttur einnig Iftikhar Chaudry aftur sem dómara og úrskurðaði að Musharraf hefði brotið lög með því að reka hann á sínum tíma. Heittrúaðir í landinu reiddust mjög ákvörðun Musharrafs um að ráðast inn í Rauðu moskuna í Islamabad.

Eiga hin möguleika á sigri?

Með ólöglegum brottrekstrinum fékk Sharif hlutverk fórnarlambins og er það líklegt til að auka vinsældir hans. Bhutto er

hins vegar talin hafa tapað vinsældum þegar í ljós kom að hún átti í samningaviðræðum við Musharraf um að deila völdum. Hún hefur hins vegar heitið því að Musharraf fái engin völd í hennar skjóli, nema hann afsali sér fyrst völdum yfir hernum.

Hvað er þá næst á dagskrá?

Það væri mikið afrek ef Musharraf héldi óskoruðum völdum yfir her og landi í lýðræðislegum kosningum, en það er möguleiki. Herinn gæti einnig reynt að koma að sínum eigin forsetaframþjóðanda og hætt að styrkja Musharraf.

Forsetinn gæti, í ljósi aukins ofbeldis öfgamanna, lýst yfir neyðarástandi og komið í veg fyrir kosningar. Öfgamenn hafa heitið að ráða forsetann af dögum og hafa nú þegar gert nokkrar tilraunir til þess.

**Helteknir af hræðslu við frelsið**

Hræðsla getur heltekið fanga sem eiga eftir að afplána stuttan tíma af löngum dómi og bíða þess að hefja venjubundið líf. Löng dvölin ýtir undir félagslega óvirkni, segir Þórarinn V. Hjaltason, sálfræðingur hjá Fangelsismálastofnun.

Reynslan af rekstri áfangaheimilis Verndar við Laugateig 19 í Reykjavík er góð, segir Þráinn Bj. Farestveit, forstöðumaður Verndar. Þar hafa fangar notið stuðnings við að undirbúa sig fyrir þátttöku í venjubundnu lífi utan fangelsisveggja.

Sá tími getur reynst föngum erfiður, einkum þeim sem hafa verið lengi í fangelsi. Hræðslan við að treysta á sjálfan sig í frjálsu lífi getur heltekið menn. „Löng fangelsisdvöl getur haft neikvæð áhrif á menn, í víðasta skilningi. Dvölin getur ýtt undir félagslega óvirkni þar sem fangarnir sjá ekki um sig sjálfir að öllu leyti. Til langs tíma getur þetta verið erfitt,“ segir Þórarinn Viðar Hjaltason, sem sinnir sálfræðiþjónustu fyrir fanga hjá Fangelsismálastofnun ásamt Önnu Kristínu Newton.

Hræðslan erfið hindrun

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu fimmtudaginn 13. september lét fanginn Sigurður Júlíus Hálfðánarson sig hverfa af áfangaheimili Verndar sunnudaginn 9. september en hann var handtekinn seint að kvöldi miðvikudagsins 12. september eftir að hafa verið leitað í þrjá daga. Sigurður var dæmdur árið 1998 í sextán ára fangelsi fyrir manndráp af ásettu ráði.

Hann hafði dvalið á Vernd í tæpa fjóra mánuði þegar hann lét sig hverfa en hann átti eftir að afplána innan við sex mánuði af dómi sínum. Mörg dæmi eru um það hér á landi, samkvæmt upplýsingum frá Fangelsismálastofnun, að fangar eigi í erfiðleikum með að fóta sig í lífinu eftir afplánun. Sumir fari hratt í sama farið og þeir voru í fyrir afplánun. „Því miður hefur það gerst stundum að fíkniefnaneyslan dregur menn til dauða en svo eru líka mörg dæmi um menn sem ná að standa sig og vinna vel í sínum málum. Það er virðingavert því það þarf mikinn aga til,“ segir Þórarinn.



LOKAÐ OG LÆST Á LITLA HRAUNI Á milli 40 og 50 prósent fanga sem nú dvelja í fangelsi hafa áður setið inni fyrir lögbot.

Samnorræn heildarskoðun á fangelsismálum stendur nú yfir þar sem meðal annars er farið yfir hvernig þessi hlutföll eru á öllum Norðurlöndunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/

Frumkvæði frá föngum

Félagsráðgjafar og sálfræðingar gegna mikilvægu hlutverki við að byggja upp sjálfstraust fanga sem á það til að „molna niður“ innan fangelsisveggja eins og einn heimildarmanna Fréttablaðsins komst að orði. Fangar hafa aðgang að félagsráðgjöfum og sálfræðingum á Vernd en frumkvæðið að því að nýta sér þá þjónustu kemur frá þeim sjálfum. Það reynist mörgum föngum erfitt. „Þegar fangarnir eru komnir á Vernd eru þeir farnir að takast á við hluti sem venjulegu fólki finnst einfaldir. Einn af þeim er að treysta sjálfum sér til lífa eðlilega, sækja vinnu, fara út í búð og eiga félagslíf. Þetta getur verið áþján fyrir fanga, sem hafa ekki búið við valfrelsi árum saman,“ segir Þórarinn.

Refsivist sem betrunarvist

Það getur verið vandkvæðum bundið að skapa andrúmsloft innan fangelsa sem virkar mannþætandi á þá sem þar dvelja. Refsingin sem slík, að vera lokaður inni, hjálpar ekki án sérfræðihjálpar, en félagsráðgjafar og sálfræðingar vinna mikilvægt starf með föngum. Þeirra starf er kjarninn í því meginmarkmiði að gera refsivist fanga að betrunarvist.

Þetta markmið nær ekki alltaf til fanga. Eins og mál standa núna hafa á milli 40 og 50 prósent fanga setið inni áður fyrir lögbot af ýmsu tagi. Fyrri fangelsisdvöl hefur því ekki haft þau áhrif að viðkomandi einstaklingar fari út af braut afbrota.

Við ramman reip að draga

Þessi staðreind leiðir hugann að því hvort það sé rétt viðhorf að halda því fram að refsivist geti um leið verið betrunarvist. Einföld tölfræðinálgun mælir gegn því. Þrátt fyrir það sýna dæmisögur, þótt fáar séu, að fangelsisvist getur verið



ÁFANGAHEIMILIÐ VERND Á Vernd fá fangarnir að fóta sig í daglegu lífi. Fangar sem hafa setið lengi inni eiga það til að misstíga sig, þar sem þeir óttast frelsið eftir að hafa verið undir aðra komnir árum saman.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

SKILYRÐI FYRIR DVÖL Á VERND

■ Fangar á Vernd útvega sér atvinnu sjálfir sem þeir stunda á meðan þeir eru á Vernd. Fangelsisstofnun þarf að samþykkja vinnuna fyrir sitt leyti. Föngum hefur gengið ágætlega að útvega sér vinnu á undanförunum árum enda hefur atvinnuástand verið gott.

■ Sautján til átján fangar eru á Vernd að jafnaði. Þeir þurfa að vera komnir inn á áfangaheimilið klukkan ellefu á kvöldin en fá að

vera utan þess fram að þeim tíma. ■ Aðeins þeir sem uppfylla skilyrði um góða hegðun fá tækifæri á því að fara á Vernd til aðlögunar. ■ Reynslan af starfsemi Verndar hefur verið mjög góð að sögn sérfræðinga Fangelsismálastofnunar. Fátítt er að fangar láti sig hverfa úr vistinni þar, eins og nýlega gerðist. Að meðaltali hafa komið upp eitt til tvö tilvik á ári þar sem fangar brjóta reglur áfangaheimilisins.

Heildarskoðun í gangi

Samnorræn heildarskoðun á fangelsismálum stendur nú yfir og verða upplýsingar úr henni ljósar von bráðar, samkvæmt upplýsingum frá Erlendi Baldurssyni, deildarstjóra hjá Fangelsismálastofnun. Þar verður meðal annars skoðað hversu margir fangar á Norðurlöndunum hafa náð að fóta sig eftir fangelsisvist og hversu margir lenda aftur í fangelsi.



FRÉTTASKÝRING
MAGNÚS HALDÓRSSON
magnush@frettabladid.is

ALLSHERJARATKVÆÐAGREIÐSLA

Ákveðið hefur verið að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu um kjör fulltrúa Verkalyðsfélagsins Hlífar á ársfund Alþýðusambands Íslands, sem haldinn verður á Nordica Hotel í Reykjavík dagana 18. og 19. október 2007.

Tillögum með nöfnum 6 aðalfulltrúa og 6 varafulltrúa ber að skila á skrifstofu Hlífar fyrir kl. 16:00, föstudaginn 28. september n.k.

Tillögum ber að fylgja meðmæli minnst 50 til 60 félagsmanna.

Kjörstjórn Hlífar

**DÚNDUR
TILBOÐ!**



43.900,-

WLU 149 Hnota 115 x 48 sm

BAÐ

INNRETTINGAR



43.900,-

WLU 151

Hvít hálglans 116x49 sm



56.900,-

WLU 147

Hvít hálglans / Eik 86x48 sm



28.900,-

WLU 125


Hvít hálglans / Eik 45x30 sm



28.900,-

WLU 126

Hvít hálglans / Eik 50x40 sm



A-7121

110 x 42 sm

43.900,-



A-827

60 x 50 sm

43.900,-



AW 008

55 x 90 sm

34.900,-

Kynntu þér tilboðin á heimasíðunni:

www.i-t.is

**INNRETTINGAR
& TÆKI**

- fyrir þitt heimili

Ópið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is



BÖRNIN Í KOROGOCHO Korogocho heitir eitt fátækasta hverfið í Naíróbí. Þar búa 150 þúsund manns, aðallega konur og börn. Svæðið er notað sem ruslahaugur en orðið korogocho þýðir rusl.

Dýrmæt reynsla í fátækrahverfum Naíróbí

Átján namar við lækna- og hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands unnu sjálfbóðaliðastörf í fátækrahverfum í Naíróbí í sumar. Störfin fjölbreytt og ómetanleg reynsla fyrir nemana segir Jonah Kitheka, framkvæmdastjóri Provide International.

„Þetta er mjög mikilvægt verkefni fyrir fólk í fátækrahverfum Naíróbí. Þegar sjálfbóðaliðarnir koma til starfa eru þeir ekki bara að rétta fólkinu hjálparhönd heldur öðlast þeir dýrmæta reynslu sjálfir,“ segir Jonah Kitheka, framkvæmdastjóri og einn af stofnendum Provide International.

Í sumar fóru átján namar frá lækna- og hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands til sjálfbóðaliðastarfa í fátækrahverfum Naíróbí, höfuðborgar Kenía. Tvö stærstu fátækrahverfi Afríku eru í Naíróbí. Nemarnir átján unnu á vegum Provide International.

Jonah segir starfsjálfbóðaliðanna mikilvægt fyrir íbúa Kenía. „Í fátækrahverfunum kynnast þeir ýmsu sem þeir myndu kannski ekki kynnast heima á Íslandi. Reynslan sem sjálfbóðaliðar á heilbrigðisviði fá út úr þessu er ómetanleg



JONAH KITHEKA Jonah segir neyðina mikla í fátækrahverfum Naíróbí, höfuðborg Kenía.

fyrir þá sjálfa. Þeir taka á móti börnum við erfiðar aðstæður og sinna alls kyns neyðarþjónustu. Umhverfið í Naíróbí er ólíkt því á Íslandi. Það bætist stöðugt við fólk í fátækrahverfin og neyð fólksins er mikil vegna sjúkdóma og skorts á hreinlæti.“

Jonah segir mikilvægt að sjálfbóðaliðar á heilbrigðisviði séu búnir með að minnsta kosti tvö ár í námi. „Þeir þurfa að vera aðeins

sjóaðir áður en þeir koma út til starfa svo þeir taki ekki tíma frá öðru starfsfólki í þjálfun,“ segir Jonah og bætir við að skortur sé á sjálfbóðaliðum í félagsstörf á heilsugæslustöðvunum. „Við þurfum einnig tannlæknanema. Tannpína er algeng og fáir tannlæknar á svæðunum sem við störfum á. Við höfum þurft að búa til tannlæknastofu úr engu og til dæmis notað bílsæti í stað hefðbundins tannlæknaþóls. Við fáum mörg tilfelli á dag og það er erfitt fyrir einn tannlækni að sinna sextíu sjúklingum daglega, dag eftir dag.“

Jonah segir að íhugi fólk að sækja um starf sem sjálfbóðaliðar þurfi það fyrst og fremst að hafa í huga þá miklu fátækt sem ríkir í fátækrahverfunum. „Sjálfbóðaliðinn hittir fólk sem býr við ótrúlega

mikla neyð. Fólk lærir mikið af slíku starfi en kröfurnar eru gífurlega miklar og álagið líka.“

Jonah segist vona að samstarfið við Ísland eigi eftir að eflast enn frekar í framtíðinni. „Mín von er sú að sjálfbóðaliðar verkefnisins verði fleiri í framtíðinni og þeir haldi áfram að nýta sér þau tækifæri sem felast í störfunum á heilsugæslustöðvunum í Naíróbí og annars staðar í Kenía. Sjálfbóðaliðarnir hafa verið duglegir að afla sjálfrir styrkja til starfsins og vonandi gengur það áfram vel í framtíðinni.“



FRÉTTAVIÐTAL
LÁRA BJÖRG BJÖRNSDÓTTIR
larab@frettabladid.is

KENÍA – TÖLUR

36.913.721 íbúar
Naíróbí er höfuðborgin
2.940.911 íbúar Naíróbí
54,77 dauðsföll á hverja þúsund íbúa
4,82 börn eru á hverja konu
2.770.000 íbúar nota Internetið
Landið er **582.650** ferkílómetrar að stærð
Meðalævin er **55,31** ár
Meðalævi karla er **55,24** ár
Meðalævi kvenna er **55,37** ár
85,1 prósent þjóðarinnar kann að lesa
40 prósent búa við atvinnuleysi
50 prósent lifa undir fátæktarmörkum.
Kenía á **landamæri** að Eþíópíu, Súdan, Sómalíu, Tansaníu og Úganda.

Félagið Kenía-verkefnið safnar styrkjum og sendir sjálfbóðaliða til Kenía:

Ekki eins og að fara í safaríferð

„Þetta hefur bara borist frá manni til manns. Fólk safnar styrkjum og fer út. Í dag erum við búnin að stofna félag í kringum verkefnið sem heitir Kenía-verkefnið,“ segir Ómar Sigurvin, fjórða árs læknanemi. „Við í Kení-verkefninu ætlum að gera fólk kleift að fara út til starfa. Hver sem er getur tekið þátt í verkefninu, ekki bara namar í lækna- eða hjúkrunarfræðideildinni. Við þurfum sjálfbóðaliða í félagsstörf til að fræða fólk um alnæmi og hjálpa til við matargjafir. Fólk getur haft samband við okkur ef það hefur áhuga á að fara út.“

Ómar segir sjálfbóðaliða þurfa að hafa ansi mikið frumkvæði í sér og vera búna undir að sjá allt mögulegt. „Þetta er ekki eins og að fara í safaríferð. Við horfum upp á fólk það sig upp úr holræsum og fólk sem býr á ruslahaugum. Alls

konar sjúkdómar hrjá íbúana eins og malaría, berklar og fleira. En fyrst og fremst er þetta starf fyrir þá sem vilja láta gott af sér leiða.“

Sjálfbóðaliðarnir sjá sjálfir um að afla styrkja en félagið styrkir ferða- kostnað þeirra sem fara út á þeirra vegum. Þessa dagana eru sjálfbóðaliðar Kenía-verkefnisins að safna fyrir sjúkrabíl sem kostar um 2,1 milljón króna. „Fyrirtæki og mjög margir einstaklingar hafa styrkt okkur. Þar má telja bankana, N1, Eykt-mest og World Class ásamt fleiri fyrirtækjum. En við þurfum alltaf fleiri sjálfbóðaliða og fleiri styrki til að halda verkefninu gangandi,“ segir Ómar Sigurvin.

ÓMAR SIGURVIN Ómar segir sjálfbóðaliða vanta í fjölbreytt störf á heilsugæslustöðvunum í Naíróbí.



KENÍA-VERKEFNIÐ

- Kenía-verkefnið eru samtök stofnuð af íslenskum sjálfbóðaliðum sem hafa starfað á vegum Provide International í Kenía síðastliðin þrjú ár.
- Provide International eru frjáls og óháð samtök sem reka fimm heilsugæslustöðvar í stærstu fátækrahverfum Naíróbí.
- Á hverju ári leita um 100 þúsund manns læknaaðstoðar á heilsugæslustöðvunum en þessi tala hækkar ár frá ári. Árið 1999 leituðu 40 þúsund manns til heilsugæslustöðvanna.
- Heimasíða samtakanna er kenya-project.org
- Tölvupóstur Kenía-verkefnisins er kenya.verkefnid@gmail.com
- Söfnunarreikningur verkefnisins er 0526-14-102404 kt. 700107-3020.

GRAND VITARA ÞRAUTREYNDUR OG TRAUSTUR JEPPI

**Komdu í reynsluakstur
upplifunin verður ánægjuleg.**

**ÁNÆGJULEGUR AKSTUR
RÍKULEGUR BÚNAÐUR
AFBURÐA EIGINLEIKAR**

Grand Vitara er boðinn í mörgum útfærslum.

Val er um öflugar og sparneytnar 4 og 6 strokka bensínvélar, eða umhverfisvæna dieselvei með bestu mengurnarvörnum svo sem öflugri sótsíu.

Grand Vitara er með sítengdu fjórhjóladrifi með vali um læsingu og millikassa með háu og lágu drifi.

Meðal staðalbúnaðar er ESP stöðugleikastýring með spólvörn, tölvustýrð loftræsting m. kælingu, vönduð hljómtæki, upphituð framsæti og útispeglar.



Hugleik Ágúst 07

Verð frá 2.790 þús.

SUZUKI

Skeifunni 17. Sími 568 5100.

Kíktu á suzukibilar.is

Í skugga stríðsyfirlýsingar lýðveldisins og annarra staðfastra þjóða:

Feigðarflan í Írak

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Nú hefur innsti koppur í búri bandarískra þjóðarhagsmuna, sjálfur seðlabankastjórinn Alan Greenspan, gengið fram fyrir skjöldu og lýst innrás hinna staðföstu þjóða í Írak undir forystu Bandaríkjamanna sem hreinni herför til að komast yfir olíuauð landsins. Stríð sem hafði að yfirvarpi hugsanleg geryðingarvopn sem engin voru, og baráttu fyrir frelsun samfélags sem bjó við áratuga harðstjórn grimmdarseggs, átti sér aðrar orsakir. Ekki geryðingarvopnin sem mest var látið með í langan tíma, ekki Saddam Hussein, fornvín gamalla og nýrri nýlenduríkja, þar á meðal Bandaríkjanna. Það var lagt í þá herför til að ná taki á auðlindum sem verða æ dýrmætari eftir því sem meira gengur á kunnar olíulindir heimsins og tryggja bandarískum auðfyrirtækjum skerf af skattþeningum almennings í Bandaríkjunum í nafni svokallaðrar „uppbyggingar“ eftir „sigurinn“. Fallet er það.

Hvar eru nú hinir áhyggjufullu og ábyrgu forystumenn þeirra afla sem hvað dyggilegast vörðu þennan gerning á sínum tíma? Hvenær hyggjast þeir ganga fram fyrir skjöldu og gangast við flónsku sinni og ábyrgð? Víst höfum við séð þá flóttalega til augnanna viðurkenna að þeir voru blekktir, en er það nóg?

Hér á árum áður var talað hátt um uppgjör þeirra sem í blindni sinni trúðu á Sovétíð í austri sem reyndist byggja á skipulagðri lygi. Fæstir þeirra höfðu andlegt þrek til að viðurkenna mistök sín og trúgirn meðan þeir lifðu. Núna stendur upp á þá sem hvað ákafastir voru í hrifningu sinni, nánast trúarlega bernskri, á annarri þjóðfélagsumbyltingu austur í Kína sem var ekki síður blóðug, að strjúka af sínum borðum. Hljótt hefur verið um þá í langan tíma enda eru þeir orðnir fullorðnir menn og tími trúarhitans þeim gleymdur, enda nógu langt liðið. Hverjir voru það sem heimtuðu hæst að þessir hópar gerðu hreint fyrir sínum dýrum?

Þeir hinir sömu – kónarnir sem í fullkominni blindni eltu Blair og Bush út í grimmdarlegt innrásarstríð – bara fyrir örfáum misserum og hvar eru þeir nú? Er gamla margnýtta ábyrgðin núna komin í geymslu? Passar ekki að taka svolítið til í samviskunni – fægja sómann – eða þarf þess ekki? Er traustið á gleymsku almennings svo sterkt?

Ekki geta menn skotið sér á bak við að vanþekkingin hafi verið svo alger um erindi breskra og bandarískra herja á slóðum olíuríkustu landa veraldar – nema þýlyndið hafi verið slíkt að fylgisveinadeildinni – fyrirgefið þar voru konur líka sem börðu sér á brjóst – hafi bara þótt það í himnalagi að ráðist væri á lönd hinna fornu Persa og það frá þeim tekið sem var þeirra – þetta eru jú bara arabar – undir allt öðru yfirskini. Það verður jú að tryggja áfram lágt bensínverð í samfélögum vestrænna ríkja þó í tönkunum sé þykkt blóðlag í botnfylli og tættir líkamar.

Hrakfarir vestrænna innrásarherja í Írak eru ógurlegar og afleiðingar þessa feigðarflans eiga eftir að setja svip sinn á heiminn um langan aldur. Að ekki sé talað um þær hörmungar sem það hefur þegar leitt yfir samfélög þar eystra. Allt hefur þetta gerst í sjálfskipaðri blindni og fylgispekt sem færa verður í annála.

Er nema von að fylgisveitin skammist sín og þegi á sínum sakamannabekk. Ef harðnar á sinni má biðja um náð og fyrirgefningu drottins hinna kristnu – ef hald er í því kvaki.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÐAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson
ABSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir
FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björk Tómasdóttir
FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson.
Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.
issn 1670-3871

• Félagsfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík

Jafnaðarmenn í ríkisstjórn

Fundarröð Samfylkingarfélagsins í Reykjavík hefst miðvikudaginn 19. september. Fundir verða á miðvikudagskvöldum frá kl. 20:30 til 22:00 en húsið verður opnað kl. 20:00.



Á fyrsta fundi okkar fjallar Ágúst Ólafur Ágústsson varaformaður og þingmaður, um jafnaðarmenn í ríkisstjórn.

Fundarstjóri: Ásgeir Beinteinson formaður SFFR
Fundurinn verður á Hallveigarstíg 1

Kaffi og meðlæti
Allir velkomnir



Samfylkingarfélagið í Reykjavík

• Félagsfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík

FRÁ DEGI TIL DAGS

Á dagskrá

Ungir sjálfstæðismenn komust að þeirri niðurstöðu, á sambandsþingi sínu í félagsheimilinu Herðubreið á Seyðisfirði um helgina, að tímabært væri að kanna kosti þess að halda í íslensku krónuna. Væri það ekki hagkvæmt ætti að kanna aðgang að myntbandalagi Evrópu og taka upp evru „án aðildar að Evrópusambandinu“. Litla jákvæðni í garð ESB hefur verið að finna í ályktunum



SUS hingað til. Kannski ekki síðan 1994 þegar ríkisstjórnin var hvött í drögum að ályktun að hefja undirbúning að aðildarviðræðum við ESB. David Oddsson hélt ræðu og sagði

ESB viðræður ekki á dagskrá. Tillagan var felld. Nú virðist hins vegar evran komin á dagskrá – hjá ungum sjálfstæðismönnum sem öðrum.

KLÚÐUR ekki LÚÐUR

KLÚður Símans, að birta merki Vodafone í umdeildri sjónvarpsauglýsingu, er líklegt til að draga dilk á eftir sér. Auglýsingafólk er auðvitað upptekið af því hvað keppinauturinn sé að brasa. Flestir töldu auglýsinguna vel gerða og líklega til að hreppa Lúðurinn svokallaða – árleg verðlaun íslensks markaðsfólks. Nýjustu fréttir af málinu benda þó frekar til þess að Síminn fái „KLúðurinn“ en ekki „Lúðurinn“ fyrir auglýsinguna.

Bjartsýni

„Ný ríkisstjórn var mynduð af Sjálfstæð-

isflokk og Samfylkingu, tveimur stærstu stjórnmalaflokkum landsins. Þetta skapar einstakt tækifæri til að hrinda af stað miklum framförum. Með atkvæði riflega tveggja þriðjunga þjóðarinnar á bak við sig er ljóst að styrkur stjórnarinnar til að vinna í umdeildum málum er ótvíræður. Þetta er tækifæri sem ráðamenn þjóðarinnar ættu ekki að láta renna sér úr greipum,“ sagði Erlendur Hjaltason, formaður Viðskiptaráðs, á afmælisfundinum ráðsins í gær. Svartsýnir menn sjá stöðnun í pólitískum stjórnukortum. Kannski Erlendur fái bjartsýnisverðlaun?

bjorgvin@frettabla-
did.is



Það sem ég sá í Darfur

Við tölum mikið um Darfur. En hvað vitum við? Oftast er sagt að þarna sé á ferðinni samfélag sem líður fyrir innbyrðis átök. Uppreisnarmenn herja á stjórnvöld, stjórnarherinn ræðst á uppreisnarmenn. Raunveruleikinn er flóknari en þetta og oft ekki auðvelt að henda reiður á því hver berst við hvern. Upp á síðkastið eru það æ oftast ættbálkar sem eiga í höggi við aðra ættbálka; stríðsherra við annan stríðsherra. Átökin hafa breiðst út yfir landamæri og grafið undan stöðugleika heimshlutans. Og í Darfur er ekki síður við umhverfisvanda að glíma því átökin brutust út, að minnsta kosti að hluta til, vegna útbreiðslu eyðimarka og skorts á auðlindum, fyrst og fremst vatni.

Ég er nýkominn úr vikulangri ferð til allra orsaka ófriðarins, ef stilla á til friðar. Allt sem ég sá og heyrði sannfærði mig um að slíkt er mögulegt. Og verður að takast. Ég heimsótti El Salam-búðirnar utan við El Fasher, stærstu borg Darfur, sem hýsa 45 þúsund flóttamenn. Ég fann til með þeim. Ég skynjaði vonleysi þeirra og örvæntingu. Ég hitti börn sem þekkja ekkert nema líf í flóttamannabúðum. Ég hét því að við myndum gera allt sem í okkar valdi stæði til að koma á friði og hjálpa þeim að snúa aftur til heimahaganna.

Við höfum stigið fyrsta skrefið í þá átt. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur gefið leyfi sitt fyrir að sendir verði 26 þúsund friðargæsluliðar til Darfur undir sameiginlegri forsjá Sameinuðu þjóðanna og Afríkusambandsins. Í ferð minni sá ég að undirbúningur að komu friðargæsluliðsins



BAN KI-MOON

Í DAG | Darfur-hérað

er í fullum gangi. Engin friðargæsla nær árangri ef enginn friður er til að gæta. Við þurfum að þrýsta af alefli á að pólitísk lausn náist einnig.

Stjórn Ómars al-Bashirs í Khartoum ítrekaði skilyrðislausar skuldbindingar sínar um að styðja friðargæslusveitina og taka þátt í friðarviðræðum. Við náðum samkomulagi um að viðræður hæfust í Líbýu 27. október undir sameiginlegri forystu Afríkusambandsins og Sameinuðu þjóðanna. Stjórnin staðfesti einnig fyrirheit sín um að hætta þegar í stað vopnaviðskiptum en það höfðu uppreisnarmenn gert í Arusha í síðasta mánuði. Því miður bárust hins vegar fréttir fljótlega eftir brottför mína um spennu, átök og sprengjuárásir í bænum Haskanita í norðurhluta Darfur. Það er mikilvægt að stríðandi fylkingar sýni stillingu og skapi frjóan jarðveg fyrir viðræður.

Friðarsamkomulagið verður að skjóta djúpum rötum ef það á að vera varanlegt. Í Juba og el Fasher heyrði ég marga leggja áherslu á að raddir sem flestra fengju að heyrast; jafnt ættbálkahöfðingja, fulltrúa sjálfstæðra stjórnmalaflokka, hópa kvenna og flóttamanna og embættismanna á staðnum og á landsvísi. Þörf er á samfélags-sáttmála til að tryggja frið. Ég

hitti leiðtoga Líbýu, Muammar Gaddafi höfuðsmann, í tjaldi hans í Sirte. Hann bauðst raunarlega til þess að hýsa friðarviðræðurnar og sannfærði mig um að hann myndi gera sitt besta til þess að árangur næðist. „Það er núna eða aldrei,“ sagði Líbíuleiðtoginn og mælti fyrir munni þeirra margra.

Í heimsókninni voru mér sýndar vatnsveituframkvæmdir í Líbýu: hundruð kílómetra langar vatnsleiðslur sem flytja milljóna lítra ferskvatns um Sahara-eyðimörkina. Þetta er mögnuð sjón á þessum slóðum þar sem vatnsskortur er landlægur. Daginn áður hafði ég flogið yfir Tsjad-vatn – hið mikla stöðuvatn sem dregist hefur saman og er nú aðeins tíundi hluti af því sem það var. Þetta minnti á að framtíð þessa svæðis stendur og fellur að verulegu leyti með því að tryggður sé aðgangur að vatni. Í N'Djamena sagði Idriss Deby, forseti Tsjad, mér að án vatns yrði engin efnahagsleg þróun. Og án efnahagsþróunar, bætti hann við, myndu 250 þúsund flóttamenn frá Darfur í austurhluta Tsjad ekki eiga afturkvæmt heim. Öryggi og þróun, sagði hann, eru kvistar á sama meidi. Að þessu leyti, getur alþjóða samfélagið leikið stórt hlutverk.

Öll rök hníga að því að leita þurfi heildstæðrar lausnar á deilunni í Darfur. Öfremdarastandið á sér margar orsakir. Við þurfum að glíma við þær allar: öryggi, stjórnmal, auðlindir, vatn, mannúðarmál og þróun.

Það er að sönnu vandasamt að glíma við flókin vandmál. En við eigum engan annan kost til að ná varanlegri lausn.

Höfundur er framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna.

Í þágu unga fólksins og byggðanna

UMRÆÐAN

Atvinnumál

Það er rangt sem stundum er reynt að halda fram að sjávarútvegur og landbúnaður séu fyrst og fremst höfuðatvinnugreinar fortíðarinnar. Þessar atvinnugreinar verða um ókomin ár burðarásar í íslensku atvinnulífi, ekki síst á landsbyggðinni. Sannarlega eru margs konar breytingar aðeigasér staðiefnahagsumhverfi okkar. Við þekkjum ævintýrlegan vöxt nýrra atvinnugreina sem hafa ekki síst sótt tekjur sínar og styrk til erlendra starfsemi sem hefur flutt hingað mikinn auð og efnahagsleg áhrif. Það breytir því þó ekki að enn sem fyrr verður hlutur sjávarútvegs og landbúnaðar afgerandi í þjóðarþúinu í heild og á landsbyggðinni alveg sérstaklega.

Á hinn bóginn er alveg ljóst mál að þessar atvinnugreinar standa núna frammi fyrir mjög miklum breytingum. Einkanlega vegna þess að sú þróun sem hefur orðið í okkar efnahagslega umhverfi kallar á þessar breytingar. Sjávarútvegur jafnt og landbúnaður þarf á öllu sínu að halda til að standast samkeppni við aðrar atvinnugreinar í landinu. Jafnframt verða þessar atvinnugreinar lykilþáttur í byggðapróuninni af þeirri einföldu ástæðu að sú



EINAR K. GUÐFINNSSON

starfsemi sem þar fer fram, er að langmestu leyti á landsbyggðinni. Stærðarhagkvæmnin í þessum greinum er mikil. Við sjáum þróun í landbúnaði sem markast af þessu. Það tekur til nánast allra búgreinanna. Ekki bara mjólkur- og sauðfjárframleiðslu þar sem þetta er alþekktar staðreyndir, heldur einnig í öðrum búgreinum, hvort sem við tölum um garðyrkubúskap eða loðdýr, svo dæmi séu tekin. Tæknin og afkastaaukningin leiðir þetta af sér og er drifið áfram af hagræðingarkröfu og eðlilegri sókn í bætt lífskjör.

Sama á við í sjávarútvegi. Þar er framleiðni- aukningin mikil og fer vaxandi. Við getum ekki slegið af í þeim efnum. Þessi þróun lýtur lögmálum hagræðingar og kröfunnar sem uppi er í þjóðfélaginu um stöðugt meiri verðmætasköpun og lægri tilkostnað til að standa undir bættum lífskjörum sem almenningur gerir réttmæta kröfu til. Og ef við ætlum að eiga möguleika til þess að takast á við samkeppnina í okkar þjóðfélagi þá verða sjávarútvegurinn og landbúnaðurinn að geta lagt af mörkum sambærileg lífskjör. Ella flýr fólk þess atvinnugreinar, unga fólk hefur ekki áhuga á að hasla sér þar völl og við verðum einfaldlega undir.

Höfundur er sjávarútvegs- og landbúnaðarráðgjafi.

TILBOÐ
FYRSTUR BÓKAR
FYRSTUR FÆR

» VERÐ FRÁ:

5.900 kr.

aðra leið með sköttum og gjöldum

Bókunartími 19.–21. sept.

Ferðatímabil
1. okt.–30. nóv. 2007

Gildir á alla
áfangastaði
Iceland Express

Bókaðu á
www.icelandexpress.is

KAUPMANNAHÖFN
LONDON
FRIEDRICHSHAFEN
BERLÍN
BARCELONA
ALICANTE
BILLUND
LÚXEMBORG

HAUST 2007

www.expressferdir.is

2.-5. nóvember

HELGARFERÐ TIL KAUPMANNA- HAFNAR

Í þessu einstaka pakkatilboði bjóðum við upp á gistingu á Hotel Kong Frederik sem er örfá skref frá Ráðhústorginu og Strikinu. Þaðan er hægt að komast í Tivoli eða á Aðalbrautarstöðina ef menn vilja út fyrir borgarmörkin. Við mælum eindregið með að fólk bregði sér í smørrebrød hjá Ida Davidsen, það toppar hana enginn.



VERÐ Í TVÍBÝLI

49.900 kr.

INNIFALIÐ: Flug með sköttum,
3 gistinætur á Hotel Kong Frederik,
4 stjórnur, með morgunverði.

Express Ferðir 
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Express Ferðir, Grimsbæ,
Efstalandi 26, sími 5 900 100

» Kaupmannahöfn er ein af elstu og fallegustu borgum meginlandsins. Hvort sem þú vilt versla eða borða, fara á söfn, tónleika eða í leikhús þá býður þessi gamla höfuðborg Íslendinga upp á allt sem þarf.

Fyrir þá sem vilja versla er bæði hátíska og lágtíska og allt þar á milli á Strikinu eða einhverri af litlu götum í nágrenni þess. Og það er engin ástæða til að borða bara síld og smurbrauð. Kaupmannahöfn er smekktull af alls kyns veitingahúsum sem jafnast á við það besta í Evrópu og skemmtileg kaffihús, barir og klúbbar eru á hverju strái. Sérstaklega er gaman að fara í leiðangra um eitthvert af Bro-hverfunum: Vesterbro, Nørrebro eða Østerbro, þau hverfi hafa verið í mikilli uppbyggingu undanfarin ár og iða af lífi.



» VERÐ FRÁ:

7.995 kr.

Verð á flugi aðra leið með sköttum



KÖÖBEN BILLUND

» VERÐ FRÁ:

7.995 kr.

Verð á flugi aðra leið með sköttum

» Billund er ekki aðeins flugstöðin rétt hjá Lególandi heldur líka dyr að Jótlandi og Norður-Þýskalandi.



Billund í Danmörku er vinalegur og fjölskylduvænn bær sem býður upp á fjölbreytta afþreyingu. Billund er sennilega þekktastur sem heimabær Lególands en það má bæta því við að frá Billund er stutt til háskólabæja eins og Árósa og Horsens þar sem hundruð Íslendinga stunda nám.



LONDON

» Hvort sem þú ætlar að versla, fara í leikhús, út að borða, hitta vini eða njóta lífsins þá er London rétti áfangastaðurinn.

London er tvímælalaust ein af fjölbreyttustu borgum í heimi. Það eru fáar borgir þar sem fjölmenningin blómstrar á sama hátt og í London. Fjöldinn allur af þjóðarbrotum býr í borginni og það er varla til það menningarafbrigði sem ekki á sér þar samastað. Það er nánast hægt að fullyrða að það geti allir fundið eitthvað við sitt hæfi í London. Matgæðingar geta valið úr óendanlegum fjölda veitingastaða sem bjóða mat úr öllum heimshornum. Tónlistaráhugamenn geta gengið að því sem vísu að einhvers staðar er verið að spila góða tónlist og þeir sem vilja fara á söfn geta séð allan skalann, frá framsækinni nútímalist yfir í heimsfræga klassík. Í þessari miðstöð menningar og viðskipta í heiminum er hægt að versla frá sér allt vit.



Covent Garden, Piccadilly Circus, Downing Street, Fleet Street, Haymarket, The Mall, Oxford Street, Hyde Park, Portobello Road, Regent Street, Russell Square, Soho, Camden,

www.expressferdir.is

2.–5. nóvember

HELGARFERÐ TIL LONDON

Af hverju ekki að skella sér til London í nóvember og drekka í sig iðandi stórborgarstemningu þegar skammdegið fer að verða þrúgandi á Íslandi. Expressferðir bjóða helgarferð til London þar sem gist er á 3 stjörnu hóteli í miðborginni.



VERÐ Í TVÍBÝLI

47.900 kr.

INNIFALIÐ: Flug með sköttum, 3 gistinætur á Royal National, með morgunverði.

Express Ferðir

Express Ferðir, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 900 100

www.expressferdir.is

26.–28. október

GARÐAR THOR CORTES Í LONDON

Komdu með Express Ferðum á tónleika með Garðari Thor Cortes í The Barbican Centre. Auk Garðars kemur Diddú fram sem sérstakur gestur. Unnendur klassískrar samtímatónlistar geta ekki látið þetta fram hjá sér fara.



VERÐ Í TVÍBÝLI

49.900 kr.

INNIFALIÐ: Flug með sköttum, 3 gistinætur á Royal National, með morgunverði.

Express Ferðir

Express Ferðir, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 900 100



9.–12. nóvember

HELGARFERÐ TIL BERLÍNAR

Í borg sem hefur að geyma aðra eins sögu og Berlín er góð leiðsögn ómetanleg. Í þessari ferð með Express Ferðum færðu einhverja þá bestu leiðsögn sem völ er á. Hjálmar Sveinsson útvarpsmaður gjörþekkir borgina eftir margra ára búsetu þar og hann leiðir menn í allan sannleika um hana.



VERÐ Í TVÍBÝLI

53.900 kr.

INNIFALIÐ: Flug með sköttum, akstur til og frá flugvelli, gisting á Park Inn, 4 stjörnu hóteli við Alexanderplatz í austurhluta borgarinnar, morgunverður innifalinn, gönguferð um borgina og íslensk fararstjórn.

Express Ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Express Ferðir, Grímsbæ,
Efstaðandi 26, sími 5 900 100

9.–16. febrúar 2008

SKÍÐAFERÐ TIL DAVOS

„Niður brekku fer tra la la la ...“ en til þess þarf snjó og við höfum ekki haft svo mikið af honum hér á Íslandi undanfarna vetur. En í Sviss er nægur snjór í febrúar og því ekkert til fyrirstöðu að demba sér niður brekkurnar í Davos í nokkra daga. Davos er vinalegur bæir í 1.500 metra hæð í Svissnesku Ölpunum. Bærinn er umlukinn skíðabrekkum og eru þær af öllum stærðum og gerðum og ættu því allir að finna brekku við sitt hæfi. Einnig er þar að finna 75 km gönguleið fyrir þá sem vilja bregða sér á gönguskiði. En auk þess að vera frábær skíðastaður hefur Davos upp á margt annað að bjóða. Þar má t.d. finna líkams- og heilsuræktarstöð, tennis- og squash-höll og ýmiss konar aðra afþreyingu, skemmtilega veitingastaði, kaffihús, söfn og verslanir.



VERÐ Í TVÍBÝLI

119.900 kr.

INNIFALIÐ: Flug með sköttum, gisting í 7 nætur á Hótel National Davos, 4 stjörnu hóteli með hálfu fæði.

Express Ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Express Ferðir, Grímsbæ,
Efstaðandi 26, sími 5 900 100



» Berlín er borgin þar sem hlutirnir gerast í dag. Æsileg blanda af gömlu og nýju, austri og vestri sem þú verður að upplifa áður en það verður of seint.

Eftir að Múrin féll í lok Kalda stríðsins og Berlín varð á ný höfuðborg sameinaðs Þýskalands hefur margt breyst. Nýbyggingar rísa á hverju götuhorni, stórfyrirtæki flytja höfuðstöðvar sínar þangað og borgin er aftur orðin miðpunktur lista í Evrópu. Það sem ekki hefur breyst er hið fræga frjálshyðni og heimsborgara-háttur sem einkennt hefur Berlín í meira en hundrað ár. Skrautlegt næturlíf, klassísk þýsk næturklúbba-menning og listalíf í miklum blóma – svo miklum að það er varla íslenskur listamaður með sjálfsvirðingu sem ekki er á útgáfusamningi í Berlín. Ekki vera hissa þótt þú rekist á þá um borð hjá Iceland Express!

» VERÐ FRÁ:

7.995 kr.

Verð á flugi aðra leið með sköttum

BERLÍN

FRIEDRICHSHAFEN

» Hvað er betra en taka sér frí frá hversdagsleikanum og gleyma sér í brekkunum í stórkostlegri náttúrufegurð.

Fyrir þá sem vita ekkert betra en renna sér ferð eftir ferð í góðu veðri og fara helst aldrei sömu brekkuna tvisvar er Friedrichshafen rétti staðurinn til að byrja skíðaferðina. Friedrichshafen er hreinlega lykillinn að Ölpunum og þaðan er stutt á öll helstu skíðasvæði í Sviss, Austurríki, Þýskalandi og á Ítalíu.

» VERÐ FRÁ:

7.995 kr.

Verð á flugi aðra leið með sköttum



VERTU PINN EIGIN FARARSTJÓRI!

Leigðu þér bíl frá Budget og búðu til ferð eftir eigin höfði. Við minnum á möguleikann á að fljúga heim frá öðrum áfangastað en flogið var út á.

Ingibjörg Stefánsdóttir jóga-kennari hjálpar fólki að láta þreytu og stress líða úr sér á sérstökum slökunarnám-skeiðum sem eru í hádeginu.

HÁDEGINU

Þú dóttir jóga-
ólki að láta
líða úr sér
kunarnám-
u í hádeginu.

A woman with long, wavy blonde hair is sitting cross-legged on a light-colored surface. She is wearing a white, long-sleeved top with a keyhole neckline and light blue pants. She is holding a book in her lap with both hands. The background is a plain, light-colored wall.

Gott er að flytja ketti með sér í nýtt húsnaði samkvæmt hjátrú og svartir kettir eiga að veita sérstaklega góða vörn gegn ógæfu og illum öflum.




allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.F.L. FRÉTTABLAÐIÐ



„Mér fannst kominn tími til að leyfa almenningi að njóta þessara kraftaverka og stofnaði í sumar fyrirtækið Sóley – grös og heilsa. Í gær komu fyrstu vörurnar á markað í Heilsuhúsinu, en það eru smyrslin Græðir og Kisstu mig, með einföldu i-i vegna þess að ég hugsa þessi krem lengra en á Íslandsmarkað. Þetta eru stórkostlegar vörur með allhliða græðandi virkni á brunasár, exem, útbrot, rassabruna á börnun, harða hæla, hvers kyns þurrk og húðhreistur. Þær virka strax og gera undra-verð kraftaverk á til dæmis bruna. Kisstu mig er frunsu- og



S: 557-9510

Nánari uppl. á www.subway.is



thordis@frettabladid.is



STAFGANGA Í LAUGARDAL

Stafgöngunámskeið hefst 25. september n.k.

BYRJENDANÁMSKEIÐ: Þriðjudaga & fimmtudaga, kl. 17:30.
FRAMHALDSHÓPUR: Þriðjudaga & fimmtudaga, kl. 17:30.

SKRÁNING & NÁNARI UPPLÝSINGAR Á: www.stafganga.is

GUÐNÝ ARADÓTTIR, stafgöngugjafi, sími: 616 85 95.
JÓNA H. BJARNADÓTTIR, stafgöngugjafi, sími: 694 35 71.

STAFGANGA
ÁHRIFARÍK LEIÐ
TIL LÍKAMSREKTAR

Stinnari á 4 vikum...

Ný kynslóð af Slendertone System tekjum ... mun öflugri en áður!

SLENDERTONE
System belti fyrir kvíðvöðva
dömu / herra
kr. 19.980,-

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

eða 6.660 á mán. í 3 mán.

Næstu fyrirlestrar og námskeið

Heilsuvörumarkaður

Opið virka daga kl. 10-20
laugardaga kl. 10-17

maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is

19. september Heilbrigði og hamingja
Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi
20. september Heilsukostur matreiðslu-námskeið
Meistarakokkar Maður lifandi
25. september Hversu frjálst viltu vera?
Kristbjörg Kristmundsdóttir
27. september Heilsukostur matreiðslu-námskeið
Meistarakokkar Maður lifandi
01. október Hráfæði með Sollu
04. október Hráfæði
Framhaldsnámskeið með Sollu

Reiki

Heilunar- og sjálfsstyrkingarnámskeið RVK

FYRIR BÆTTA LÍÐAN OG BETRI STJÓRN Á LÍFI ÞÍNU

Kvöld- og helgarnámskeið í boði, næstu námskeið eru:

II. stig kvöldnámskeið
9. - 11. okt.

I. stig helgarnámskeið
20. - 21. okt.

Auktu styrk þinn
Sjálfsstyrkingarnámskeið
22. - 23. sept. helgarn.

Guðrún Óladóttir
reikimeistari og hömópati

Pantanir í síma 553 3934,
milli kl. 10 og 13 virka daga.

Ráðgjafapjónusta Ástu Krístrúnar, Síðumúla 33

Þetta er mitt líf

Námskeið fyrir konur

Viðfangsefni:

- * Sjálfsmynd og persónuleg mörk.
- * Andlegt ofbeldi og erfitt fólk
- * Kynning á hópastarfi

Námskeiðið verður haldið í Síðumúla 33, annari hæð.
Fimmtudaginn 20. september, kl. 18:00
Upplýsingar og skráning í síma 694-7997

Fyrirlestrar • Einkaviðtöl • Hópar • Námskeið

Ásta Krístrún Ólafsdóttir
BA, CCDP. Ráðgjafi

Hægan, slappaðu af

Í amstri dagsins er hvíld hverjum manni nauðsynleg, en oft vill brenna við að hún sé vanmetin.

Nútímasamfélag er fyrst og fremst árangursmiðað. Við metum velgengi út frá árangri og afrekum og þetta kallar oft á langa vinnudaga og litla hvíld. Til að sporna við hreyfingarleysi fara menn og konur í ræktina og styrkja með því líkamann. Andlega hliðin fær þá oft ákveðinn boðefnaskammt um leið – en betur má ef duga skal.

Að kunna að slaka almennilega á er andlegt listform sem margir eiga ólært. Sumir geta ekki sofnað á kvöldin fyrir eigin hugsunum og aðrir eru ófærir um að vera í núinu og hafa hugann stöðugt við annað en líðandi stund. Slökun og svokölluð „jarðtenging“ bætir úr þessu og skapar um leið öflugri einstaklinga sem ná betri árangri í starfi.

Uppbyggileg slökun getur verið allt frá góðum nætursvefni yfir í aðferðir sem hver og einn tileinkar sér, en þær má læra á ýmsan hátt.

Hjá Jógastöðinni Yoga Shala í Engjateigi eru að hefjast sérstök slökunarnámskeið, en þar gefst fólki kostur á að koma í hádeginu og láta þreytu og stress líða úr sér. Ekki þarf að gera annað en að fara úr skónum, leggjast á gólfid og láta svo leiða sig áfram í slökuninni.

Ingibjörg Stefánsdóttir jóga-kennari segir tímana hafa lagst vel í nemendur, en margir þeirra eru menn úr viðskiptalífnum sem vinna oft undir álagi og tímapressu.

„Tíminn stendur í fjórutíu mínútur og eftir hann er fólk endurnært og komið með nýja orku,“ útskýrir Ingibjörg og bætir því við að tímarnir séu byggðir á svokölluðu jóga nitra, eða svefnjóga.

„Þetta er alveg rosalega notalegt og í raun fer maður á svona hálf-



Slökun og hvíld er undirstaða góðrar geðheilsu, en skortur á henni getur haft alvarlegar andlegar og líkamlegar afleiðingar í för með sér.



Ingólfur S. Sveinsson

Ingibjörg Stefánsdóttir

gert flug með þessu. Slökunin verður mjög djúp, maður gleymir stað og stund, nær að kúpla sig út úr öllu og öðlast ró og frið. Þetta er virkilega þægilegt ástand,“ segir hún og nefnir jafnframt að þetta geti allir gert þó að það taki fólk mislangan tíma að ná slökuninni.

Ingólfur S. Sveinsson geðlæknir

er einnig meðal þeirra sem hafa kennt og hjálpað fólki að slaka á, en hann hefur til dæmis gefið út geisladiskinn Frelsi til að anda, þar sem hann leiðir áheyrandann í rúmlega fimmtán mínútna slökunarhugleiðslu. Ingólfur segir að slökun og hvíld sé undirstöðuatriði þess að fólk búi við góða geðheilsu.

„Við þurfum að hafa ráð til að læra að stjórna huganum og ég tel það mikilvæga menntun fyrir hvern mann að læra slökun,“ segir Ingólfur og bendir jafnframt á að einfaldar bærni geti oft dugað til að tæma og temja hugann og leiða hann inn á réttar brautir.

Fyrir áhugasama er vert að benda á að geisladiskur Ingólfs er seldur í Skipholtssapóteki. margret@frettabladid.is

VÍTAPLÚS VÍTAMÍNUS VÍTAPLÚS VÍTAMÍNUS VÍTAPLÚS

EINKATÍMAR • HÓPTÍMAR

HUGRÆN TEYGJULEIKEIMI

TAI CHI • KUNG FU

HEILSU DREKINN

Kínversk heilsulind

SKEIFUNNI 3J • SÍMI 553 8282 • WWW.HEILSUDREKINN.IS

Lífstíll án streitu; Boðorðin sjö eftir Ingólf S. Sveinsson geðlækni

1. Sofðu vel: Svefn sem veitir fulla hvíld er merki um jafnvægi og heilbrigði (sjö og hálf klukkustund, +- ein, börn þurfa að sofa meira). Endurnærandi svefn tryggir að þú safnir ekki þreytu.
2. Lærðu slökun og notaðu hana.
3. Góð næring, mest úr jurtafílinu. Haltu rétttri þyngd. Auka farangur þreytir og minnkar frelsi. Drekkstu vatn ríkulega.
4. Ræktaðu líkama þinn. Lágmark er hálf tíma hreyfing, þrisvar í viku. Það eru lífsgæði að vera í góðu formi en einnig skylda komin frá náttúrunni sjálfri.
5. Koffín og níkótín hækka spennu. Það truflar og eins og öll önnur fíklalyf geta þau tekið af þér ráðin.
6. Ræktaðu leikina þína alla ævi. Varðveittu barnið í þér, hversu miklar sem skyldur þínar eru.
7. Hafðu markmið í lífinu. Misstu aldrei sjónar á vonum þínum og markmiðum. Þau gefa lífinu stefnu og tilgang, auka sjálfsvirðingu og sjálfsöryggi. Þér leyfist að leggja mikið á þig ef þú vinnur að hugðarfennum þínum.

Takk!

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



Flutningar og hjátrú

Ýmis hjátrú tengist flutningum og þótt ástæðan fyrir hjátrúnni sé oft fremur órökrétt og óljós má hafa gaman af. Hér á eftir fara nokkrar gamlar tuggur um af hverju sé skynsamlegt að huga við flutninga.

Margir kannast við þá íslensku þjóðtrú að það skipti máli hvaða vikudag flutt er inn. Þá er viðkvæðið að mánudagur sé til mæðu, þriðjudagur til þrautar, miðvikudagur til moldar, fimmtudagur til frama, föstudagur til fjár, laugardagur til lukku og sunnudagur til sælu eða sigurs. Miðvikudagur til moldar hefur oftast verið skýrt þannig að sá sem fæddist á miðvikudegi myndi vinna við moldarvinnu eða aðra útivinnu. Í Skaftfellskum þjóðsögum má þó lesa um að þriðjudagur sé til þroska og miðvikudagur til minnis. Af þessu öllu má ráða að öruggast sé að flytja frá fimmtudegi til sunnudags.

Hjátrú tengd föstudeginum þrettánda er ein sú útbreiddasta í heiminum. Föstudagurinn þrettándi verður einu sinni til tvisvar á ári og á þessum degi trúa margir því að forðastberimiklar framkvæmdir þar sem hætta sé á að allt fari úrskeldis.

Kettir eru oftast taldir til góðs á heimilum og víða má finna þá hjátrú að það sé gæfusamlegt að hafa kött með sér þegar flutt er í nýtt húsnaði. Því var trúað að kött-

urinn sogaði til sín ógæfu og ill öfl eða að þau tækju sér bólfestu í honum. Sums staðar tíðk-aðist að henda svörtum ketti inn fyrir þröskuldinn á heimili brúðhjóna til að hreinsa andrúmsloftið áður en þau færu inn. Margir kannast við þá hjátrú að það sé slæmur fyrirboði ef svartur köttur hleypur í veg fyrir mann. Kettir hafa því löngum talist vera dulmagnaðar skepnur.

Sá gamli siður að bera brúði yfir þröskuld táknað að brúðguminn vilji bera konu sína yfir alla þröskulda eða erfiðleika í lífinu og vernda hana. Það væri því fallega gert af eiginmanninum að bera konu sína yfir þröskuld nýs heimilis.

Ýmis hjátrú tengist steinum og talið var að hús sem í væri geymdur svokallaður lífs-teinn gæti ekki brunnið. Steinarnir eiga að finnast á Jónsmessunótt þegar þeir lifna við og dansa

saman þar sem elding hefur komið til jarðar. Auk þessa eiga lífsteinar að geta lífmenn,

gað við dauða grætt sár og gert menn ódauðlega.

Oft er það svo að vinir og vanda-menn gefa inn-flutningsgjafir en samkvæmt algengri hjátrú ber að varast að gefa hnifa þar sem það getur valdið ósam-komulagi eða vinslitum. Til að forðast það er nóg að borga eitthvert smáræði fyrir hnifinn.

Þeir sem trúa á álfa og vilja flytja á svipuðum tíma og þeir ættu samkvæmt þjóðsögum að flytja um áramótin. Einnig eru til sögur um að álfum sé illa við óvænta flutninga og því beri að gæta þess að sýna virðingu ef ráðist er í að flytja steina eða raska á annan hátt umhverfi álfa.

hrefna@frettabladid.is





Öflug bætiefni fyrir augu



Póstsendum um land allt

Útsölustaðir: Yggdrasill, Fræið - Fjarðarkaup, Maður lífandi Borgartúni og Hæðarsmára, Lífins Lind - Hagkaup, Lyfjaval - Mjódd og Hæðarsmára, Nótún Hafnarfirði, Krónan Mosfellsbæ, Heilsuhúsið Selfossi

s: 462 1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet/heilsuhorn

HAUSTÚTSALA

á nýjum golfbílum



Verð aðeins kr. 395.000.-

Sýningareintök og reynsluakstur á staðnum.



VÉLAVER
www.velaver.is

Krókhálsi 16, Reykjavík - Gleráreyrar 2, Akureyri - Sími 588 2600

Innréttingatilboð sem þú mátt ekki missa af!

20% afsláttur af öllum netto**line** innréttingum til 22. september

SÍÐUSTU TILBOÐSDAGAR - TILBOÐINU LÝKUR LAUGARDAGINN 22. SEPTEMBER

netto**line**
AÐJÓLLEGT - ÖÐYRT



Hlýtt og notalegt

NICE hvítt



BEYKI
HVÍTT MATT
HVÍTT HÁGLANS

Í takt við tímann

PISA höldulaust



Nýtt, ódýrt og spennandi

TORINO hnota

20% afsláttur
til 22. september



Betra bað - meira úrval - lægra verð



Góð vinnuaðstaða skiptir máli

ÞITT ER VALIÐ!
Þú velur að kaupa ósamsetta innréttingu eða lætur okkur um samsetninguna. Önnurnum líka uppsetningu og frágang fyrir þá sem þess óska. - fullkomin þjónusta, eigið verkstaði

netto**line**
GLÆSILEGAR DANSKAR INNRÉTTINGAR Í ÖLL HERBERGI HEIMILISINS þú getur valið um 59 hurðagerðir og liti!



Fataskápar með venjulegum- eða rennihurðum

20% afsláttur af tækjum!



Auk innréttinganna bjóðum við fullkomið úrval vandaðra raftækja, ELBA eldunartæki og SNAIGÉ kæli- og frystiskápa. 20% afsláttur af raftækjum þegar þau eru keypt með innréttingum.

www.nettoline.dk

Opið: virka daga 9 - 18
laugardaginn 22. sept. 10 - 16



Velkomin í Friform, þar sem þú færð meira fyrir peningana

[ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-22

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA
UM HELGAR

8-17
11-16



M.Benz ML-320 Diesel 7/2007 ek 3 þ.km
Leður, Diesel Turbo. Verð 6.990.000



VW Touareg V6 2004 ek 67 þ.km
Xenon, Lúga ofl. Lán ca:3.100.000 Verð 3.790.000



Renault Mégane 1.6 8/2003 ek 40
þ.km SSK, ofl. LÁN ca 1.240.000 Verð 1.490.000



100%LÁN VW Passat 1,8 Station 5/1999
ek 121 þ.km Lán ca:700 Verð 790.000



Hyundai Santa FE 2,4 7/2001 ek 155 þ.
km. Lán 750.000 Verð 1.090.000



Vw Jetta 1,9. diesel turbo Trendline
11/2005 ek 29 þ.km 16"álfelgur, Diesel,
CD ofl. Verð 2.090.000

Bilasalan.is
Stórhöfða 24, Reykjavík
Sími: 533 2100
Sími 5332100 og 8665354
www.bilasalan.is



Toyota Yaris Sol f.skr 06/07 ek 12 þ.km,
bsk Mjög hagstæð fjármögnun í boði
Verð kr 1.560.000

Lykilbilar ehf
Smíðjuvöllum 7, 300 Akranes
Sími: 445 7700
www.bilasolur.is/lykilbilar



Mercedes Benz C 180 K Classic. Nýr
bíll, ssk, Obsidiansvartur, ESP stöðug-
leikakerfi & spólvörn. Verð kr. 3.950.000
Tilboð kr. 3.490.000 100% bílalan
mögulegt.

Interport ehf
Krókhálsi 5, 110 Reykjavík
Sími: 569 3300
www.interport.is



Nýr Daihatsu Sirion 2. Bjóðum þér að
koma á frumsýningu hjá X4 ehf. og
reynsluaka Sirion 2.



Nýr Daihatsu Trevis. Bjóðum þér að
koma á frumsýningu hjá X4 ehf. og
reynsluaka Trevis.



Nýr Daihatsu Terios 4x4 jepplingur.
Bjóðum þér að koma á frumsýningu
hjá X4 ehf. og reynsluaka Terios.

X4 ehf
Malarhöfði 2, 110 Reykjavík
Sími: 565 2500
Opíð laugard 12-16
www.x4.is



M.Benz E 270 CDI diesel nýskr 9/2000
sjálfskiptur ekinn 510 þ km leður álfelg-
ur verð 1.250.000-



Toyota Land Cruiser 90 Diesel
Commonrail nýskr 7/2002 ekinn 116
þ km sjálfskiptur 38" breyttur bíll hláð-
inn af búnaði og tilbúinn á fjöll verð
3.790.000-

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19, 260
Reykjanesbær
Sími: 420 6600



Toyota hilux diesel T4D, árgerð 2004,
ek. 110 þús., þjónustubók, pallhús,
dráttarkúla, álfelgur, stigbretti, lítur mjög
vel út, sk. '08, verð kr. 1.970.000 S.
821 6292

Breiðan ehf
Sími: 821 6292

Bílar til sölu



Snarlækkad verð á nýjum og nýlegum
bílum. Hringdu núna og gerðu reyfara-
kaup á haustútsölum í USA. T.d. Dodge
Caliber eða Ford F150 á 1990þús! Nýjir/
Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30%
undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá
10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki.
Sími 5522000 www.islandus.com



Volvo XC90
Volvo XC90 árgerð 2006. Svartur diesel
með öllu. 12 hátalara hljóðkerfi, sér
útvarp fyrir aftursættisfarþega, geisla-
diskamagasin, rafmagn í sætum, xenon
ljós, sími, töl og handfrjál, 17" álfelgur,
tímastílltur forhitari, ljóst leður, cruise
control, viðarklæðning í mælaborði,
sjálfsskiptur ekinn aðeins 20.000 km.
Verð 6,2 skoða skipti á nýlegum dí-
sílubílum, gott lán frá TM getur fylgt.
Umboðsbíll. Allar upplýsingar í síma
699 3166.



Ford Mustang GT 2005. ekinn 22000
km. 4.6 l vél „Super Charger, Stærri
spissar ca.500 hötjún- talva, sjálfsk.
4.10 drif. eibach lækunarsett. 19"BBs-
felgur. Shaker 1000 hljóðkerfi. Áhv. 4,3
Ásett verð 6,0 mil. Tilboð óskast. Skoða
skifti. Uppl. 896-8050



Toyota Land Cruiser 100 diesel árg.
12/05. Ek. 36 þ. Dráttarbeisli, filmur,
33" dekk. Vebasto miðstöð. Vel útbú-
inn. Verð 7,3. Bein sala. Uppl. í s. 896
0608.



Lincoln Continental '91. Ek. 160 þús.
Aðeins áhugasamir hafið samband í
síma 865 8856 Ath. Skipti.



Til sölu Audi A6, árg. '95 ek. 212 þús.
Verð 600 þús. S. 849 6582.



Árg. '99 Nissan Almera, grænn. 100 þ.
Sk. '08 Ssk. V. 320 þ. S. 616 2597



M.Bens, 500SE, árg '87. Ljóst leður, ssk,
sumar og vetrardekk á felgum. Tilboð
290 þús. strgr. Uppl. í s. 895 5577.



Kia Magnetis. Árg '05. Ek. 48þ. Ssk.
SK08. Abs. Álfelgur. Cd. 2,0 Vél. 100%
Lán. S. 897 2425



Peugot 406 S/D, Árg. '05/04. Ek. 90þ.
Sk '09. Abs. Krókur. Sjálfskiptur. Fæst á
yfirtöku. S. 661 8185



Toyota Land Cruiser 100 diesel nýskr
1/2006 ekinn 30 þ km sjálfskiptur 33"
x 17 leður navi bakkmyndavél film-
ur spoiler samlitur krókur húddmerki
tölvukubbur topplúga bíll með öllu verð
8.500.000- S. 861-6649



Hyundai Elantra árg '97, nýskoð. verð
150 þús. uppl. í s. 866 8797.



DODGE RAM 2500 Larami árg 2006
ekinn 90þ.Leður Topplúga Góður bíll.
Verð 4460.TILBOÐ 3,9. S:898-2811.
www.plusgallery.is.



Ford Expedition LE Eddie Bauer 5,4
V8 2007 ekinn 25þkm 8 manna DVD.
Flottur bíll.S 898-2811 www.plusgal-
lery.is

VW polo árg. 98 ek.83.000 Ný tímareim
og fleira. Verð. 280 þús. S:869-6442

www.bilapartar.is
Eigum nokkra Toyota fólksbíla og
jeppa til sölu. Upplýsingar í síma 587-
7659 Bilapartar ehf, Grænamýri 3
Mosfellsbæ.

Árg. '96 Honda Civic Ek. 149 þ. Sk. '08
V. 195 þ. S. 659 2742

Dodge sprinter 2500. Árg. '05 Ek. rúm-
lega 100 þ. S. 848 0146

**Til sölu Dodge Ram 1500 árg.'97. Ek
149 þús. Ásett verð 890 þús. Skoða
skipti upp í sendibíl. Uppl. í s. 698
0098.**

Golf GL varian 97' skoðaður og sjálf-
skiptur til sölu uppl. í s. 567 3917 /
692 6535

0-250 þús.



VW Jetta 2.0 '94 ek. 150.000 - v. 150.000
Einn eigandi 898-7874



Audi A6 1.9 TDI árg. '99 Nýinnfluttur.
Ek. 170 þ. Eyðsla 5-6L V. 1.590 þ. S.
820 3478

Mitsub SpaceWagon 1997 selst ódýrt
v bíluð sjálfsk margt nýviðgert. 7 sæta,
4hj-drif, dr-kúla s8245591 á kvöldin

Vantar þér góðan bíl, þá er þetta rétti
billinn. Toyota Corolla '95. Beinsk.
Vetrard. á felgum fylgja.Uppl. í s:
8917786, 8655816.

Opel Astra St '97 ný sk. '08. (Góður
vinnubíll). Krókur. Tilboð óskast. Uppl.
í s. 868 7522.

250-499 þús.



Toyota HILUX-DC - árg. 1991 til sölu.
Einn eigandi - ekin 295.000 km, smur-
bók. Hækkaður, 33" dekk, pallhús,
nýskoðaður Ásett verð 300.000 kr.
Upplýsingar í síma 692 5091

500-999 þús.

Terrano 2. árg 98. e 158þkm. 7manna.
topp ástandi. ásetv.700þ tilboð 590þ.
6908084

1-2 milljónir



Til sölu Toyota corolla st árg 04 skoðað-
ur 09,ek 46000,mjög gott eintak,upp-
lýsingar í síma 8944745



Yaris '05, beinsk., 5 dyra, ek. 43. þús.
+ vetrard. Uppl. í S. 896 3336 & 860
8876.

2 milljónir +



Hybrid gefur þér aukinn kraft með minni
eyðslu. Allt að 70% aukin sparneytni!
Kynntu þér HYBRID frá Toyota, Ford,
GMC, Lexus og Honda á islandus.com.
Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að
30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð.
Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki.
Sími 5522000 www.islandus.com



M.benz E55 AMG. Árg 10/98. Ek 128þ.
M/öllu. Áhvl ca 1.600 Verð 3.350 kr. sk
mögl á pickup. S 698 0070



Bmw 540 M-tech '01 Ek. 97þ. Geðveikur
bíll í góðu standi. 250þ. út og yfirtaka.
6937373

Bílar óskast

Hvít VW bjalla óskast. Áhugasamir hafið
samband í síma 692 0598.

Óska eftir bíl frá 0-150 helst ekki eldri
en '97, má þarnast lagfæringar. Uppl. í
s. 691 9374.

Jeppar



Snarlækkad verð á haustútsölum. 2007
Jeep Grand Cherokee, Ford Explorer,
Dodge Durango. Jeppar frá 2690þús,
pallbílar frá 1990þús. Nýjir/Nýlegir
bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir
markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10%
útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími
5522000 www.islandus.com



Toyota Highlander á Lexus RX400
grunni. Slær Landcruiser út með kraft og
sparneytni. 270 hð, 7,5L/100km. 2007
frá 3.990þús. 2008 pantíð núna. Nýjir/
Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30%
undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá
10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki.
Sími 5522000 www.islandus.com




ROYAL CANIN
þekking og virðing fyrir dýrunum þínum



dýrin okkar

ÞRIÐJUDAGUR 18. SEPTEMBER 2007



Hugljúf krumpudýr
Heiða vaknar nokkrum
sinnum á nóttu til að sinna
hvolpunum sínum . **BLS. 4**



FRÉTTA.LADBYN.HELM

Dyragardurinn.is



Sibyl kann ljómandi vel við sig á hinum nýja dvalarstað.

NORDICPHOTOS/AFP

Nýr ferfættur íbúi í Downingstræti tíu

Nýr íbúi hefur flutt inn í hið sögufræga hús að Downingstræti 10 í London sem hýsir forsætisráðherra Breta, Gordon Brown, og fjölskyldu hans. Hinn nýi íbúi heitir Sibyl og er svört og hvít læða í eigu Alistair Darling og konu hans, Margrétar, sem búa í íbúð á efri hæð Downingstrætis tíu.

Þetta er í fyrsta sinn í tíu ár sem gæludýr spígsporar um hús og garð sitjandi forsætisráðherra og virðist Sibyl kunna mjög vel við sig.

Síðasti íbúi hússins af kattarætt hét Humphrey en hann settist þar að í ráðherratíð Margrétar Thatcher og lifði þar einnig meðan John Major dvaldi í húsinu. Tony Blair sendi Humphrey á eftirlaun árið 1997 og telja margir að það hafi verið gert að undirlagi konu hans, Cherie.



Cherie Blair ásamt kettinum Humphrey árið 1997 sem var sendur á eftirlaun stuttu síðar. Síðan þá hefur enginn köttur stigið loppu inn í Downingstræti 10 fyrr en nú þegar Sibyl læðist þar um.



Hvað ætli hann sé að hugsa?

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Eigendur í kattaskóla

Allt er til í henni Ameríkunni. Nokkrir dýraatferlisfræðingar hafa stofnað kattaskólann „Academy“ í New York þar sem kattaeigendur geta komið og lært að skilja betur hegðun dýra sinna. Þetta gera þeir með því að hegða sér eins og kettir. Þeir klifra í kattaklórubrettum, leika sér að stórum bandhnyklum og leggja sig á stórum baunapúðum. Kennararnir vilja meina að þetta geti bæði orðið til þess að auka skilning kattaeigenda á gæludýrum sínum auk þess sem þetta dragi úr daglegu stressi.

Skólinn er rekinn af framleiðendum kattamatarins Meow Mix í Daryl Roth leikhúsinu í New York. Þar starfa atferlisfræðingar sérhæfðir í kattardýrum, kattasálfræðingar, dýralæknar og meira að segja dýrasjáendur. Til dæmis var þar starfandi gæludýrasjáandinn Emerald DuCoeur sem bauð fólki að tengjast kettinum sínum, bæði lifandi og dauðum. Eftir sex daga námskeið í New York hélt „Academy“-hópurinn af stað í reisu um ellefu borgir í Bandaríkjunum.



Mæðgurnar Jenný og Halldóra með hluta af húsdýrunum á heimilinu. Gríma lætur fara vel um sig í kjöltu Jennýjar en Vikka er á förum úr fangi Halldóru. Á milli þeirra liggur Engilbjört yfirveguð og róleg.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Engilbjört brosir þegar einhver kemur heim

Jenný Ásgerður og Anna María Guðbrandsdætur og Halldóra María Henrysdóttir eiga einn hund og fimm kisor.

Sumir geta ekki hugsað sér heimilið án ferfættra vina með blíðleg augu, þarfir og kenjar. Þeirra á meðal eru þær Jenný Ásgerður og Anna María Guðbrandsdætur og Halldóra María Henrysdóttir. Þær búa saman hér í borg og eiga einn hund, tvær fullorðnar kisor og fyrir nokkrum vikum bættust þrír kettlingar í hópinn. Það er því líflegt á heimilinu þessa dagana. Húsdýrin þar afsanna líka kenninguna um að „allt fari í hund og kött“ ef þessar tegundir búa saman því samkomulagið er prýðilegt og öllum líður vel. Þó að fullorðnu kisurnar, Gríma og Vikka, séu bara tveggja og þriggja ára þá eru þær arftakar annarra sem á undan voru. „Alveg síðan ég man eftir mér hafa verið kettir á heimilinu“, segir Halldóra María. „Svo vorum við með aðra tík áður en þessi kom. Hún hét Rajsa eins og frúin hans Gorbastjovs“, lýsir hún. Tíkin sem nú spígsporar tígulleg um gólfid heitir Engilbjört.



Tasvígir tveggja mánaða kettlingar.



Tveggja mánaða högni sem hefur gaman af lífinu.

Að sögn Halldóru er hún blanda af Irish Setter og Golden Retriever. „Engilbjört brosir alltaf þegar einhver okkar kemur heim. Hún verður svo glöð“, segir Halldóra glaðlega.

Vikka heitir reyndar Wicty. Hitt er gælunafn. Hún er af persnesku kyni í móðurætt. Halldóra segir

Vikku alltaf drekka mjólk á meðan hún sjálf fái sér morgunmat. „Við eigum okkar hátíðlegu morgunverðarstund“, segir hún hlæjandi. Það er Vikka sem á kettlingana, tveggja mánaða krútt. Halldóra segir þá tilbúna til að fara út í lífið vilji einhver þiggja þá.

gun@frettabladid.is

Við erum **kátir**
og hamingjusamir hvolpar



Það er Pedigree hvolpafóðrinu að þakka!



Fyrir hundinn þinn



Flækingshvolpar á strætum Kólombó á Srí Lanka. Lögreglan þar í landi leitar nú eftir hundum til að þjálfa upp og nota sér til aðstoðar.

NORDICPHOTOS/AFP

Gæludýr til vinnu í lögreglunni

Lögreglan á Srí Lanka hefur beðið gæludýraeigendur í landinu að gefa lögreglunni hundana sína svo hægt sé að þjálfa þá til lögreglustarfa. Glæpatíðni í landinu er há og er talið nauðsynlegt að lögreglan fái aukinn liðsafla með vel þjálfuðum lögregluhundum.

Hundarnir sem valdir verða til verksins eru sendir í æfingabúðir þar sem við tekur sex mán-

aða þjálfun. Nú eru 170 lögregluhundar í landinu sem notaðir eru til ýmissa verka. Um 25 hundaeigendur hafa boðið fram aðstoð gæludýra sinna og af þeim hafa átján verið valin til framhaldsþjálfunar. Lögreglan vonast til að fá til sín um fimmtíu hunda í þessu átaki.

Á Srí Lanka eru 2,3 milljónir hunda og þar búa 19,5 milljónir manna.

Hugljúf krumpudýr

Ljósmyndarinn Ragnheiður Guðmundsdóttir, oftast kölluð Heiða, var að eignast hvolpa af Shar-Pei kyni. Foreldrarnir eru rúmlega eins árs hreinræktaðir verðlaunahundar af góðum ættum. Heiða hefur í nógu að snúast í umönnun hvolpanna auk þess sem hún á þrjá aðra hunda.

„Þetta er mikil vinna og maður gerir ekki mikið annað á meðan. Það þarf að standa í því allan daginn að vigta og sjá hvort þeir séu að þyngjast. Svo er oft gott eftir smá tíma að gefa með en það fer eftir þyngdinni,“ segir Heiða. Hvolparnir fæddust fyrir tveimur vikum og voru upphaflega fimm talsins en einn drapst. En hvernig hundar eru Shar-Pei hundar?

„Þetta eru krumpudýr. Þeir fæðast eðlilegir og eftir því sem þeir stækka verður húðin alltaf meiri. Þegar hundarnir eru orðnir um mánaðargamlir þá fara þeir að vaxa upp í húðina aftur. Á vissu tímabili eru þeir rosalega krumpaðir og stíga ofan á sitt eigið skinn. Þetta nær þá bara allt saman, skottið og lappirnar eru bara í einni kássu,“ lýsir Heiða glettin.

Shar-Pei hundar eru upprunalega frá Kína en þeir hundar sem til eru í Evrópu eru flestir komnir af átján hundum sem fluttir voru til Ameríku fyrir mörg hundruð árum. Heiða segir enn fremur að hundar af þessu kyni séu mjög húsbóndahollir, hlýðnir og gáfaðir.

„Þeir opna dyr og tala mikið með hljóðum og læra strax hvað má og



Heiða fer oft með hundana í vinnuna í ljósmyndastúdíóið en nálíga má myndir eftir Heiðu á heimasíðunni www.heida.is.

hvað má ekki. Ég á Labradorhund á svipuðum aldri og það tók mun lengri tíma að aga hann. Þessum hundum finnst hrikalegt að láta skamma sig og eru því helst ekki að gera neitt af sér. Þeir þvælast heldur ekki í burtu. Þegar þeir eru orðnir stálpaðir þarf lítið að hafa fyrir þeim þar sem þeir fara bara tvisvar á ári úr hárum og bjarga sér vel sjálfir.“

Öfugt við Labradorinn aðlagast Shar-Pei hundar eigandanum. Ef eigandinn er latur verða þeir eins en ef eigendurnir eru virkir verða hundarnir það líka. Þeir þurfa í raun bara þá hreyfingu sem eigandinn veitir. Hins vegar þarf að gæta hvolpanna vel og vandlega.

„Þessir hundar fá oft öndunarörðugleika og augnsjúkdóma út af krumpunum því þeir eru bæði krumpaðir að utan og innan. Þeir þurfa því að fæðast með góð öndunarfæri. Það þarf að sjá til þess að þeir séu alveg þurrir og

setja þá á stað þar sem þeir kólna ekki og enginn dragsúgur er. Þeir þurfa líka að fá nóg að drekka,“ segir Heiða.

Nú er einn hvolpurinn lasinn og hann á mjög erfitt með andardrátt og því þarf að gefa honum penisillín, nefdropa, augndropa og hunang til að styrkja hann og aukamjólk sem Heiða býr til sjálf úr eggjarauðum. Spurð hvort þessir hundar veikist oft segir Heiða: „Yfirleitt deyja hvolparnir strax ef það er eitthvað að þeim en ef maður grípur inn í er maður í raun að taka völdin.“

Hundarnir fara með Heiðu í vinnuna og tíkin Sparta hefur mjög gaman af að sitja fyrir og reynir að troða sér inn á myndirnar við hvert tækifæri. Hún tekur á móti gestum í stúdíóinu og fylgist með.

„Það hjálpar oft til að hafa hana, sérílagi þegar ég er að mynda börn því hún situr við brjóstkassann á mér og þá fylgjast börnin með henni og horfa í myndavélina,“ segir Heiða stolt.

Heiða ætlar að velja hundunum heimili þegar að því kemur og fer þá í hönd mikið ættleiðingarferli þar sem hún mun íhuga ýmsa þætti. Hundar af þessu kyni kosta um 250.000 krónur.

Þrátt fyrir alla fyrirhöfnina myndi Heiða þó ekki vilja sleppa þessari lífsreynslu.

„Það er yndislegt að eiga þá. Maður situr bara allan daginn og gónir og getur ekki látið þá í friði. Svo koma gestir og þeir eru sjúkir í þá og allir búnir að panta sér hvolp,“ segir Heiða alsæl.

hrefna@frettabladid.is

Ertu að fara í frí?
þarftu að koma hundinum fyrir?
Munið að panta tímanlega

Einnig er hægt að nota tíman þegar farið er í frí að láta þjálfa hundin sinn í leiðinni.
Full búð af nýjum vörum!
 K-9 Hundahótel - Hundaskóli.
 Sí: 421 0050 www.k9.is



Systkinakærleikurinn er augljós.

Hundagallerí

Smáhundaræktun



Við ræktum: Papillon, Chihuahua, Pomeranian, Japanese Chin, Pug, French bulldog, Cavalier King Charles, Spaniel, Miniature Pinscher, Miniature Púðli, Pekingese, Silky Terrier

Dalsmynni *116 Reykjavík, Sími: 566-8417 Fax: 5668457 hundagalleri@simnet.is, www.dalsmynni.is



ÞRIÐJUDAGUR 18. SEPTEMBER 2007

Ná forskoti

„Sveitarfélög sem hlúa vel að hestamönnum ná forskoti þegar til lengri tíma er litið,“ segir Haraldur Þórarinnsson, formaður Landsambands hestamannafélaga.

Haraldur segir að stórauð umfang hestamennsku í landinu kalli á framtíðarskipulag hesthúsabyggða og reiðvega. Því fylgi að sjálfsögðu aukin útgjöld fyrir sveitarfélögin en á móti komi að tekjur ríkis og sveitarfélaga af hestatengdri ferðaþjónustu og atvinnurekstri og þjónustu í hestamennsku séu margfaldar á við það.

Sjá viðtal bls. 2.



Verslunarstúlkur í Hestum og mönnum. Gyða Jónsdóttir lengst til vinstri.

MYND/JENS EINARSSON

Hestar og menn í Ögurhvarfið

Verslunin Hestar og menn er flutt í nýtt 450 fermetra húsnæði við Ögurhvarf 1, sem er við Breiðholtsbrautina skammt frá Fákssvæðinu, við gatnamótin þar sem ekið er af Breiðholtsbrautinni áleiðis að Heimsenda og Andvara. Má því segja að verslunin sé í hjarta hesthúsahverfa höfuðborgarsvæðisins.

Aðaleigendur verslunarinnar eru Ólafur Örn Karlsson, Valdimar Örn Flygenring og Magnús Andrússon ásamt fleirum, en framkvæmdastjóri er Gyða Jónsdóttir. Þess er rétt að geta að nú stendur yfir útsala hjá Hestum og mönnum og sjálfsagt að nota tækifærið og búa sig undir veturinn.



Svaki frá Holtsmúla.

MYND/ÖRN KARLSSON

Fjórir ásar til Noregs

Norðmenn keyptu fjóra af keppnishestum íslenska landsliðsins í hestaþróttum og hafa þar með styrkt hestakost sinn verulega. Íslandsmeistarinn í fjörgangi, Svaki frá Holtsmúla, er einn þeirra.

Tveir hestar fóru til Danmerkur, báðir til sama aðila sem reyndar er Íslendingur.

Einn fór til Þýskalands, einn til Svíþjóðar og einn til Frakklands.

Sjá bls. 4.



Lukka frá Stóra-Vatnsskarði er án efa sú hryssa sem hvað mesta athygli hefur vakið á þessu ári. Hún er nú hæst dæmda íslenska kynbóta hryssa í heimi í sex vetra flokki. Ýmsir væru án efa tilbúnir að greiða háar fjárhæðir fyrir slíkan grip.

MYND/JENS EINARSSON

Tuttugu milljóna tilboði í hestfolald hafnað

Gífurlegt skrið hefur orðið á verði keppnishrossa og góðra kynbóta hryssna undanfarin misseri. Að gefnu tilefni skal tekið fram að kaupendur og seljendur hrossa á Íslandi hafa frá ómunatíð verið mjög viðkvæmir þegar kemur að því að gefa upp verð á gæðingum, þótt undantekningar séu á því. LH-HESTAR hafa þó fengið nokkrar staðfestingar sem gefa hugmynd um hvaða upphæðir eru í boði fyrir eftirsóttustu hrossin.

Algengt verð á keppnishestum er nú á bilinu ein til þrjár milljónir króna, en dýrasti geldingur sem LH-HESTAR hafa haft spurnir af á þessu ári seldist á bilinu sex til átta milljónir. Árið

2004 var algengt verð á keppnishestum 600 til 800 þúsund krónur og frétt næmt þótti ef hestur seldist á eina milljón og þar yfir. Nú er varla hægt að finna lítið taminna fola undir 500 þúsundum ef hann lyftir löppum, eins og hestamenn komast að orði, og allar tölur undir milljón fyrir líklegan keppnishest eru varla til umræðu. Hestar sem náð hafa árangri í keppni eru á fyrrgreindu verðbili, ein til þrjár milljónir, og fer það eftir því í hvaða grein þeir eru bestir. Töltarar og klárhestar eru í hærri verðflokki en skeiðhestar/alhliða hestar.

Fyrstu verðlaunahryssur (hryssur með 8,0 eða meira í

aðaleinkunn) fást nú varla undir tveimur milljónum og betri hryssur í þeim flokki seljast á þrjár til fimm milljónir króna og þaðan af meira. Eftirsóttustu hryssurnar seljast á tíu til fimmtán milljónir.

Ótrúlegasta verðtilboð sem LH-HESTAR hafa heyrt um og fengið staðfest er 20 milljónir í hestfolald. Folaldið á til frægra að telja og tveir bræður þess sammæðra eru eftirsóttir stóðhestar. Eigandi folaldsins hafnaði þó tilboðinu og sagði í samtali við LH-HESTAR: „Ef maður getur ekki átt eitthvað af þessum skástu bikkjum sínum þá verður maður að spyrja sig hvers vegna maður ætti að halda áfram í hestamennsku.“

Vegleg peningaverðlaun

Eigendur og knapar bestu keppnishrossa í útlöndum geta hagnast verulega þegar vel gengur. Stórfyrirtæki keppast við að veita verðlaunafé í mót og keppni af ýmsu tagi: „Dressur, eventing, jumping, driving“ og svo framvegis.

Ekki er um neinar smáupphæðir að ræða, allt frá fimm og upp í 22 milljónir króna í heildarverðlaun. Til dæmis má nefna að Isabel Werth á hinum ellefu vetra Warum Nicht FRH fékk um sjö milljónir króna í fyrstu verðlaun á Rolex FEI World Cup Dressur-móti í Las Vegas á þessu ári, en það eru talin hæstu peningaverðlaun sem veitt hafa verið í Dressur-keppni til þessa.

Gróðavon í Meistaradeild

En það er ekki bara gróðavon í útlöndum. Í Meistaradeild VÍS, mótarið sem haldin hefur verið í Ölfushöllinni undanfarin ár, er umtalsvert verðlaunafé í boði. Á síðasta keppnistímabili voru hátt í fjórar milljónir króna í pottinum og sá knapi sem hafði mest upp úr krafsinu var Viðar Ingólfsson, samanlagður sigurvegari deildarinnar, en hann fékk um eina milljón króna í sinn hlut. Úrtaka fyrir Meistaradeildina hefur þegar farið fram og reiknað er með að fyrsta mótið í röðinni verði haldið í byrjun febrúar á næsta ári.



Sigurður Sigursveinsson ásamt kennurum.

Gott fyrir FSU

Sigurður Sigursveinsson, skóla-meistari Fjölbrautaskóla Suðurlands, segir að námsbraut í hestamennsku hafi jákvæð áhrif á skólahlæðni og sé þýðingarmikil fyrir Suðurland sem skólasvæði. Nokkrir nemendur við skólann hafi valið FSU vegna hesta-brautarinnar en að öðrum kosti hefðu þeir farið annað. Öll verkleg kennsla fer fram á Votmúla, sem er rétt utan við Selfoss. Þar er reiðhöll og hesthús í sama húsi og fimmtán skólahestar eru þar á fôðrun. Nemendur geta einnig komið með eigin hesta eftir fyrstu önn, ef þeir kjósa, en þá eru þeir á húsi á næsta bæ, Austurkoti, sem er aðeins steinsnar frá. Hesta-brautin við FSU er 52 einingar og fjórar annir.

Stóðréttir í algleymingi

Fjár- og stóðréttir voru víða um land um síðastliðna helgi. „Litlu stóðréttirnar“ í Skagafirði og Húnaþingi: Rétttað var þá í Silfrastaðarétt, Skarðarétt, Staðarrétt, Hlíðarrétt og Skrapatungurétt. Veður var víðast hvar gott á föstudag en rysjótt á laugardag, einkum þó sunnanlands. Og þótt bæði hrossum og fé hafi fækkað í réttum fjölgar fólkinu jafnt og þétt og enginn lét veðrið á sig fá. Rigning og slydda eru bara hluti af skemmtuninni. Segja má að stóð- og fjárréttir séu að verða árviss fjölskylduskemmtun þar sem enginn lætur sig vanta og má þar sjá bæði kornabörn og gamalmenni í hjólastól.

Þessi mynd var tekin í Skaftholtsrétt í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og er óhætt að segja að hún sýni gagnkvæmt traust.



MYND/ERNST JENSEN

NÆSTU STÓRU STÓÐRÉTTIRNAR:

Laufskálarétt í Hjaltadal

laugardaginn 29. sept. kl. 13.00,

Þverárrétt í Vesturhópi

laugardaginn 29. sept. kl. 13.00,

Tungurétt í Svarfaðardal

laugardaginn 6. okt. kl. 10.00

Víðidalstungurétt í Víðidal

laugardaginn 6. okt. kl. 10.00

lh hestar

ÍÞRÓTT • MENNING • LÍFSTÍLL



Málgagn Landssambands hestamannafélaga

Útgefandi: Landssamband hestamannafélaga

Heimilisfang: Íþróttamiðstöðin, Engjavegi 6, 104 Reykjavík

Netfang: lh@isisport.is **Sími:** 514-4030

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Jens Einarsson

Netfang: jenseinars@simnet.is **Sími:** 862-7898

Auglýsingar: Fréttablaðið/Bjarni Þór Sigurðsson

sími: 512-5435 gsm. 822-5062

HELSTU SAMSTARFSADILAR LH ERU:



Málgagn hestamanna

Landssambandi hestamannafélaga, LH, eru 46 félög sem eru dreifð um allt land. Skráðir félagar í hestamannafélögum eru yfir tólf þúsund. Kannanir hafa leitt í ljós að yfir þrjátíu þúsund Íslendingar stunda hestaíþróttir (útreiðar) að staðaldri hér á landi. Hestaíþróttin er bæði almennings- og keppnisíþrótt. Undir almenningsíþróttina falla útreiðar, sem að stórum hluta fara fram á tilbúnum reiðvegum, en keppnisíþróttin fer fram á keppnisvöllum hestamannafélaganna.

Hestaíþróttin hefur átt síauknum vinsældum að fagna síðastliðin ár og hefur iðkendum fjölgað jafnt og þétt. Landssamband hestamannafélaga er í dag þriðja fjölmennasta sersambandið innan Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, ÍSÍ, að eins fótboltinn og golfið hafa fleiri iðkendur.

Umgengni barna og unglinga við dýr er af hinu góða. Flestir eru sammála um að samvera fjölskyldunnar í hesthúsinu og við útreiðar hafi forvarnargildi hvað varðar vímuefnanotkun unglinga. Hestamennskan hefur nefnilega þá sérstöðu að þrjár kynslóðir geta auðveldlega stundað hana saman sér til ánægju og heilsubótar; börnin, pabbarnir og mömmurnar, afarnir og ömmurnar.

Hestaíþróttin hefur einnig þá sérstöðu að vera ein af fáum íþróttagreinum þar sem konur og karlar keppa á jafnréttisgrunni í sömu keppnisflokkum. Hestaíþróttin er því jafnréttisíþrótt í þeim skilningi. Jafnræðið meðal iðkenda er með mesta móti og kynferði eða aldur skiptir litlu. Þegar kemur að heimsmetum, þá getur fjórtán ára unglingur slegið gildandi heimsmet 55 ára manns á jafnræðisgrunni.

LH hefur nú ákveðið í samvinnu við Fréttablaðið að gefa út sérblað um hestamennsku og dreifa því einu sinni í mánuði með þessu víðlesnasta dagblaði landsins. Ég er ekki í neinum vafa um að þetta framtak á eftir að hafa jákvæð áhrif á mynd hestaíþróttarinnar út á við og nýttast hestamönnum og hestamannafélögum við að koma sjónarmiðum sínum og réttlætismálum á framfæri. Á því er full þörf.



Vilhjálmur Skúlason,
varaformaður
Landssambands hestamannafélaga.

Takmörk á hestaumferð

„Það er brýn nauðsyn að auka framlög til reiðvegagerðar verulega frá því sem nú er, annars gæti farið svo að takmarka verði umferð hesta á ákveðnum svæðum,“ segir Halldór H. Halldórsson, formaður samgöngunefndar LH.

Halldór segir að framlag ríkisins til reiðvegagerðar sé ekki í samræmi við þær tekjur sem hestatengd ferðaþjónusta afli ríkissjóði.

„Samkvæmt upplýsingum frá Ferðamálaráði komu 422 þúsund ferðamenn til Íslands í fyrra og

gert er ráð fyrir að þeim fjölgi í 460 þúsund á þessu ári.

Rannsóknir Hagstofunnar og Ferðamálaráðs benda til að um 20 prósent ferðamanna sækir sér afþreyingu í hestatengdri ferðaþjónustu. Miðað við tölur frá Hagstofunni frá árinu 2001 um tekjur af hestatengdri ferðaþjónustu, sem þá voru sjö og hálfur milljarður, gætu þær verið um 14,3 milljarðar fyrir árið í ár.

Á sama tíma er framlag til reiðvega 60 milljónir á ári næstu árin,“ segir Halldór.



Kennarar og nemendur á hestabraut FSU. Fremst: Magnús Lárusson, Hugrún Jóhannsdóttir, þá Sigurður Sigursveinsson skóla-meistari, Arndís Björk Brunjólfsdóttir, kennari við hestabraut FNV, og Freyja Hilmarsdóttir.

MYND/JENS EINARSSON

Skemmtileg verkefni fram undan hjá LH

Haraldur Þórarinnsson, bóndi á Laugardælum við Selfoss, er formaður Landssambands hestamannafélaga. Hann hefur skýra og ákveðna sýn á hvað LH stendur fyrir.



Haraldur Þórarinnsson

„Markmið LH hefur frá stofnun þess verið að stuðla að bættri meðferð hesta, ræktun íslenska hestsins og að efla reiðhestaíþróttina. LH ber að gæta hagsmuna félaganna og standa vörð um hestamennskuna sem menningararf og lífsstíll. Frá upphafi hefur LH verið í nánú samstarfi við Bændasamtök Íslands. Þessi samtök stóðu saman að fyrsta Landsmóti hestamanna 1950 og svo hefur verið síðan.“

HESTVÆN SVEITARFÉLÖG NÁ FORSKOTI

Hver eru helstu baráttumál LH þessi misserin?

„Stóru málín eru æskulýðsmálin, öryggismál og skipulags- og reiðvegamál, bæði í dreifbýli og þéttbýli. Sem betur fer hefur okkur orðið verulega ágengt í reiðvegamálum og þar á Vega-gerðin stóran þátt. Hestamennskan er í svo örum vexti, bæði sem áhugamál og atvinnugrein. Nokk-

ur sveitarfélög hafa sýnt fram-sýni; sjá hvaða verðmæti eru fólgin í því að skapa góða aðstöðu fyrir hestamennsku. Ég er viss um að þessi sveitarfélög munu hagnast á þessu til lengri tíma lítið og ná ákveðnu forskoti í að laða til sín nýja íbúa.“

MENNTAMÁLIN Í MÓTUN

„LH hefur skyldum að gegna gagnvart menntun og fræðslu í hestamannafélögunum, og grunn- og framhaldsskólum landsins. Allt frá því að ÍSÍ lagði til við sín sersambönd að þau létu búa til náms-efni fyrir sína íþróttagrein hefur LH unnið að því verkefni í samstarfi við fagaðila. Haustið 2006 var sett á laggirnar námsbraut í hestamennsku við Fjölbautaskóla Suðurlands, FSU, með full-

tingi menntamálaráðuneytisins. Henni var strax vel tekið af nemendum og þar eru nú 42 nemendur, 26 á fyrra ári og 16 á öðru ári. Sigurður Sigursveinsson, skóla-meistari FSU, telur námsbrautina góðan feng fyrir skólann. Í Fjölbautaskóla Norðvesturlands á Sauðárkróki, FNV, hefur hestamennska verið valfag í allnokkur ár. Við vonumst til að það verði sett upp hestabraut í fleiri skólum í náinni framtíð.“

ÆSKULÝÐSMÁLIN Á OKKAR KÖNNU

Skarast þetta nám ekkert við nám í hestamennsku á Hólum og á Hvanneyri?

„Nei, alls ekki. Námið í landbúnaðarskólunum er á háskólastigi og þar útskrifast tamningamenn og reiðkennarar. Hlutverk LH er hins vegar að stuðla að námi fyrir börn og unglunga og hinn almenna hestamann. Þess má geta að LH, FSU og menntamálaráðuneytið hafa skrifað undir viljayfirlýsingu þess efnis að komið verði á fót námi í hestafræðum sem er hliðstætt iðnnámi en þær hugmyndir eru enn þá á frumstigi. En þetta er bara fátt af mörgu, það eru mörg skemmtileg verkefni fram undan,“ segir Haraldur Þórarinnsson að lokum.

Uppskeruhátíð 10. nóvember

Uppskeruhátíð LH og Félags hrossabænda verður að venju haldin á Broadway og í þetta sinn laugardaginn 10. nóvember næstkomandi.

Veislustjóri verður hinn landskunnir sjónvarpsmaður Gísli Einarsson sem eins og allir vita hefur sérstakan áhuga á landbúnaði og öllu sem þrífst í hinum dreifðari sveitum landsins. Hann mun því örugglega finna samhljóm með hestamönnum og kitla hláturtaugar þeirra.

Að venju verður ræktunarmaður ársins útnefndur og eftirfarandi knapaverðlaun verða veitt:

Íþróttaknapi ársins
Gæðingaknapi ársins
Kynbótnaknapi ársins

Skeiðknapi ársins
Efnilegasti knapi ársins
Knapi ársins

MATSEÐILL KVÖLDSINS

Forréttur: Maríneraðir sjávarréttir á spjóti

Aðalréttur: Kryddhjúpaður lamba-

hryggvöðvi með fondant-kartöflum

Eftirréttur: Tveggja laga súkkulaði-frauð með suðrænni berjasósu

Miðaverð í mat og

skemmtun er 6.900 kr.

Miðaverð á dansleik 1.600 kr.

Miða- og borðapantanir eru á

Broadway í síma 533-1100 — og

munið að fyrstir koma fyrstir fá!

Það er ævinlega mikið stuð á uppskeruhátíð hestamanna og þar mætir

fólk í sínu finasta þússi, það gerir alla vega hin þekktu hestakona Sig-riður Þjetursdóttir.

MYND/HANNES SIGURJÓNSSON



DÚNALOGN

Gerð: Elín

Litir: Moss khaki, beinhvítur og svartur

Efni: 95% dúnn, 5% fiður

Verð: 14.990 kr.



CINTAMANI CENTER // LAUGAVEGUR 11
WWW.CINTAMANI.IS

SPJARABU PIG!

Hafrar & bygg

Fyrstu kappreiðar á hestum hér á landi eru taldar hafa verið haldnar á Oddeyri við Akureyri þjóðhátíðarárið 1874. Munu kappreiðarnar hafa verið hluti af annarri hátíðardagskrá og verðlaunum heitið. Brautin var 280 faðma löng en tími var ekki mældur og ekki er vitað hvort keppt var í stökki eða skeiði eða hvoru tveggja.

Fyrstu formlegu kappreiðarnar voru hins vegar svokallaðar Melakappreiðar, sem haldnar voru árlega frá 1897 til 1909 og voru jafnan eitt af skemmtiatriðunum á þjóðhátíð Reykvíkinga. Keppt var í stökki og skeiði og tími tekinn á kappreiðahestunum. Melakappreiðarnar voru stórvíðburður á sínum tíma og vöktu mikla athygli á hestinum.

Hestamannafélagið Fákur var fyrsta formlega hestamannafélag landsins, stofnað 24. apríl 1922. Félagið var forystuafi í hestamennskunni í landinu í áratugi. Það studdi meðal annars við stofnun annarra hestamannafélaga víðar um landið og má þar nefna Glæð í Dalasýslu 1928, Léttu á Akureyri 1928, Sleipni í Árnessýslu 1929, Faxe í Borgarfirði 1933, og Léttfeta á Sauðárkróki 1933.

Fyrsta stórsýning á hestum hér á landi var hins vegar haldin á vegum Búnaðarfélags Íslands 1947 og þarf ekki að efa að þar hefur Gunnar Bjarnason átt stóran hlut að máli. Var sýningin hluti af stórrí landbúnaðarsýningu sem haldin var í tilefni af 110 ára afmæli BÍ. Á þessari sýningu var Sleipnisbikarinn veittur í fyrsta sinn og var hann veittur þeim stóðhesti sem þótti álitlegastur til reiðhestaræktunar. Það var Skuggi 201 frá Bjarnanesi sem hlaut bikarinn.

Landssamband hestamannafélaga var stofnað í Baðstofu iðnaðarmanna 18. desember 1949. Tólf hestamannafélög lögðu grunninn. Gunnar Bjarnason stýrði undirbúningsvinnu að stofnun sambandsins en fyrsti formaður þess var H. J. Hólmjárn. Í fyrstu lögum L.H. segir meðal annars: „Markmið sambandsins er að vinna að bættari meðferð hesta, séræktun íslensks reiðhestakyns og framgangi reiðhestaíprótta ...“

Hvert fóru HM gæðingar?

Landslið Íslands fór frækna för á Heimsmeistaramót íslenska hestsins í Hollandi og unnu knapar liðsins til margra verðlauna. Finna má öll úrslit mótsins á www.feif.org. Samkvæmt ákvæðum laga um búfjársjúkdóma er óheimilt að flytja þá hesta heim aftur sem á annað borð fara úr landi. Að þessu sinni fóru ellefu keppnishestar frá Íslandi á HM2007 í Hollandi, átta hestar í liðinu áttu heimili á meginlandinu. Ávallt er forvitnilegt að vita hver verða þeirra nýju heimkynni.

Kraftur frá Bringu, tvisvar sinnum tvöfaldur Íslandsmeistari í tölti og fimmgangi, var seldur til Svíþjóðar en það er fjölskyldan Bonnevier sem keypti hestinn. Heimir Gunnarsson mun þjálfá hann en ekki er vitað hvort stefnan hefur verið sett á frekari keppni eða sýningar. Svaki frá Holtsmúla, Íslandsmeistari í fjörgangi, fór til Noregs. Kaupandinn er Åselene Echhoff, sem meðal annars á hestana frá V-Leirárgörðum, Ræsi frá Feti og glæsihestinn Gest frá Stallgården, sem keppt hefur á nokkrum HM og nú síðast var það dóttir Åselene, Mia Echhoff, sem keppti á honum í ungmennaflokki. Svaki mun verða næsti keppnishestur hennar.

Rune Svendsen keypti stóðhestinn Frán frá V-Leirárgörðum. Rune er gamall í hettunni í Íslandshestunum í Noregi, hefur talsvert verið í keppni, meðal annars á HM '99 á Hug frá Stóra-Hofi, sem nú var hestur Elin Johansen. Hárekur frá Vindási fór einnig til Noregs. Kaupendur hans eru Tina Kirkås og Knut Axel Ugland, sem meðal annars eiga hina þekktu stóðhesta Trú frá Wetsinghe og Þokka frá Kýr-



Þórarinn Eymundsson á Krafti frá Bringu var fremstur meðal jafningja í íslenska liðinu, varð heimsmeistari í fimmgangi og annar í tölti. Kraftur var seldur til Svíþjóðar.

MYND/ÖRN KARLSSON

holti. Tina var í norska landsliðinu á HM05 og var í úrslitum í T2 á hesti sínum Randvar.

Hin norska Lene Wenaas keypti töltarann og klárhestinn Vatnar frá Vatnsholti. Lene höndlar með hestavörur, meðal annars kulda-galla sem þekktir eru hér á landi hjá hestafólki. Hún á 1. verðlauna stóðhestinn Bjarka frá Stall Wenaas og 1. verðlauna hryssuna Heklu frá Þóreyjarnúpi. Skeiðhesturinn og heimsmeistarinn Kolbeinn frá Þóroddsstöðum fór til Danmerkur en kaupandi hans er hinn kunnir knapi Agnar Snorri Stefánsson, sem nú er búsettur þar í landi. Agnar Snorri keypti einnig Sporð frá Höskuldssstöðum, sem var hestur Camillu Petru Sigurðardóttur á HM07, en Agnar Snorri átti Sporð áður og seldi Camillu.

Órator frá Grafarkoti fór til Þýskalands.

Kaupendur eru Peter og Stephanie Nagel en þau eiga mörg góð íslensk hross, svo sem heimsmeistarann í fjörgangi, Bassa frá Möðruvöllum, og stóðhestinn Hraunar frá Kirkjuferjuháleigu. Einnig eiga þau hlut í stóðhestinum Víði frá Prestsbakka. Frakkinn Pascale Kugler keypti stóðhestinn Dalvar frá Auðsholtshjáleigu en hann á einnig stóðhestinn Geysi frá Sigtúni, Gustsson frá Hóli.

Aðeins tvö hross úr íslenska liðinu eru óseld en það er stóðhesturinn og skeiðhesturinn Flugar frá Holtsmúla, sem er í eigu Sigurðar Ragnarssonar, og Finna frá Feti, en það var reyndar ekki á dagskrá að selja hana strax, heldur þjálfá hana frekar ytra. Flugar er nú í þjálfun hjá Magnúsi Skúlasyni í Svíþjóð og er stefnt með hann á skeiðmeistaramótið í Þýskalandi í haust.

Höldum ekki saman vinnustundunum – en þetta er gaman

Útgerð íslenska landsliðsins í hestaíþróttum kostar 15 til 20 milljónir króna það ár sem heimsmeistaramót er haldið. Farmurinn sem fluttur er yfir hafið: hestar, fóður og annar búnaður, vegur um fimm til sjö tonn og eru þá knapar og þeirra farangur ekki taldir með.

Heldur minna kostar að gera liðið út á Norðurlandamótin, sem einnig eru haldin annað hvert ár, þannig að verkefnin eru árleg. Það er landsliðsnefnd LH sem sér um að skipuleggja og afla fjár fyrir landsliðið og sú vinna er öll lögð fram í sjálfböðavinnu. Formaður nefndarinnar er Bjarnleifur Árni Bjarnleifsson, en hann er einnig formaður Gusts í Kópavogi.

„Ef við höldum saman vinnustundunum



Íslenskir áhorfendur hvetja sína menn. Á myndinni má sjá Bjarnleif í miklum ham.

MYND/JENS EINARSSON

sem fara í þetta þá held ég að það væri enginn eftir í nefndinni,“ segir Bjarnleifur og hlær þegar hann er spurður hve margar vinnustundir hefðu farið í undirbúninginn. „Við höfum hins vegar kynnst mörgu góðu og skemmtilegu fólki og árangur liðsins hefur verið eitthvað til að gleðjast yfir. Ég vil nota tækifærið og þakka styrktaraðilum okkar fyrir stuðninginn og liðsstjórnunum fyrir vel unnið verk. Ég vil líka nefna að okkur þykir það stórt skref fram á við að RÚV sýndi beint frá HM2007 í Hollandi nokkra daga í röð. Við þurfum á því að halda að auka sýnileika okkar. Ég vil líka óska okkur hestamönnum til hamingju með þetta blað, LH-HESTA, þetta er framfaraspor.“

Pitstop – góð vara, frábært verð og framúrskarandi þjónusta

Góð heilsársdekk á frábæru verði



**Triangle
Snow Lion**

Heilsármunstur sem gefur gott grip. Hentar undir allar gerðir fólksbíla og smájeppa.



Mikið úrval af heilsárs- og vetrardekkjum undir allar tegundir bifreiða.

pitstop

Gæðakaffi, nettengd tölva, tímarit og blöð – fyrir þig meðan þú bíður.

Nú á þremur stöðum á höfuðborgarsvæðinu – þjónusta í fyrirrími.

Dugguvogi 10
☎ 568 2020

Skeifunni 5
☎ 568 2025

Hjallahrauni 4 Hfj.
☎ 565 2121

Langt út fyrir mörk auglýsinga og markaðsstarfs

Ólafur Rafnsson, forseti ÍSÍ, segir í pistli á heimasíðu ÍSÍ að íslenski hesturinn sé orðinn grundvöllur umfangsmikils íþrótt- og menningarstarfs á alþjóðavettvangi.

Ólafur, sem var gestur á HM07 í Oirschot í Hollandi, segir að nokkurs misskilnings hafi gætt hjá ýmsum aðilum hér heima varðandi heimsmeistaramótin, sem jafn vel hafi talið að þar væru fáeinir Íslendingar að keppa hver við annan undir digurbarkalegum merkjum HM. Sannleikurinn sé hins vegar sá að Ísland er aðeins ein keppnisþjóð af átján í alþjóðlegum samtökum um íslenska hestinn, FEIF, sem stofnuð voru 1969.



Ólafur Rafnsson, forseti ÍSÍ.

Ólafur segir að sú staðreynd að FEIF hafi ávallt haldið tryggð og trúnaði við tilvísun til Íslands sem uppruna þessarar hestategundar sé nokkuð sem við Íslendingar ættum að vera stoltir af.

„Heimsmeistaramót íslenska hestsins er vissulega miklu meira en íþróttaviðburður. Hér er um menningarviðburð að ræða, og landkynningu sem nær langt út fyrir mörk auglýsinga og markaðsstarfs.“

Fellur það vel að kjörorðum Landssambands hestamannafélaga: Íþrótt – menning – lífsstíll,“ segir Ólafur Rafnsson.

VIÐ ERUM GÓÐIR Í HESTHÚSUM!

Smiðum innréttingar jötur, hnakka og beyslis statíf og fleira í hesthús, allt úr ryðfríu stáli
Hönnum teiknum og sjáum um uppsetningar



Króm & Stál ehf

Hvaleyrarbraut 2, Hfj
S. 565 2546, 863 2548

Heimasíður hrossabúa

FRÉTTAMIÐLAR:

www.eidfaxi.is
www.hestafrettir.is
www.847.is

STOFNANIR:

www.lhhestar.is
www.holar.is
www.worldfengur.is
www.tamningamenn.is
www.fhb.is

HROSSABÚ (SÝNISHORN):

www.tumi.is
www.dagur.biz
www.austurkot.is
www.urvalshestar.is
www.horseexport.is
www.diddi.is

Skeiðgarpar

Tveir af fræknari skeiðhestum á heimsmeistaramótum síðari ára eru ættaðir frá sama ræktanda, Bjarna Þorkelssyni á Þóróddsstöðum. Kolbeinn frá Þóróddsstöðum, heimsmeistari í gæðingaskeiði og silfurhafi á HM í 250 m skeiði, er fæddur Bjarna, undan Nökkva frá Vestra-Geldingaholti, Anga syni frá Laugarvatni, og Gunni frá Þóróddsstöðum, Sifjar dóttur frá Laugarvatni. Mjólnir frá Dalbæ, margfaldur Norðurlanda- og heimsmeistari í 250 m skeiði og gæðingaskeiði, er undan Galdri frá Laugarvatni, syni Glímu frá Laugarvatni. Bjarni var ungur mikill skeiðáhugamaður og talinn einn besti skeiðknapi landsins.

Sæðingar

Páll Stefánsson segir að sæðingar í íslenska hrossastofninum hafi sannað gildi sitt og eigi fullan rétt á sér. Sé sæði stóðhestanna gott séu miklar líkur á góðum árangri. Eftir byrjunarörðugleika náðist góður árangur í hrossasæðingum á Sæðingastöðinni í Gunnarsholti og verðmætum upplýsingum um frjósemi hrossa safnað. Eftir tveggja ára hlé fór Páll af stað aftur í sæðingar á vegum Dýralæknaþjónustu Suðurlands og tók sæði úr stóðhestinum Stála frá Kjarri. Af 84 hryssum sem sæddar voru festu 70 fang, sem er 84,33 fyljun. Þar á meðal 11 hryssur af 14 sem höfðu ekki fyljast áður við hesti. Ljóst er að sæðingar eru árangursrík aðferð til að fjölga afkvæmum góðra stóðhesta fram yfir það sem hægt er með „náttúrulegu“ aðferðinni.

Skeiðvellir í Landssveit.



MYND/JENS EINARSSON

Sæmundsson á Skeiðvöllum

Ein stærsta hestamiðstöð í einkaeign verður innan skamms tekin í gagnið á Skeiðvöllum í Landssveit. Það er hinn kunniræktunarmaður, knapi og landsliðsleivaldur, Sigurður Sæmundsson, áður í Holtsmúla, sem er að byggja upp þennan glæsilega hestabúgarð ásamt Lisbeth konu sinni og bróður sínum Viðari Sæmundssyni. Katrín Sigurðardóttir (Sæmundssonar) og maður hennar, Davíð Jónsson, munu einnig búa á Skeiðvöllum en Davíð verður bústjóri hestamiðstöðvarinnar.

Á Skeiðvöllum eru þrjú íbúðarhús, 38 hesta fullkomið hesthús og 23x70 metra reiðhöll með áhorfendastæðum og veitinga- aðstöðu. Allar byggingarnar eru splunkunýjar, byggðar á þessu

ári, og ekkert til sparað: Sjö fermetra eins hesta stíur í hesthúsinu, hiti í gólfum, reiðhöllin einangruð og lýsingin af flottustu gerð.

Að sögn Sigurðar er þetta eingöngu „prívat“ aðstaða. Reiðhöllin verður ekki leigð út til reiðkennslu eða sýninga, en þau ætla sjálf að halda sýningar fyrir gesti og fá reiðkennara, bæði innlenda og erlenda, til að vera með námskeið í reiðhöllinni.

Landrými á Skeiðvöllum er 350 hektarar og þar verður áfram haldið þeirri hrossarækt sem stunduð var á Holtsmúla.

„Það væri að sjálfsögðu alveg frábært að vera tvítugur núna og eiga eftir allan sinn knapa- og hestamannsferil í þessari að-



Sigurður Sæmundsson fyrir utan reiðhöllina á Skeiðvöllum.

MYND/JENS EINARSSON

stöðu. Engu að síður er þetta mjög spennandi. Við hlökkum til að taka inn hross og byrja að þjálfá,” segir Sigurður Sæmundsson.

Reiðhöll á Akureyri á lokastigi

„Það er mikil tilhlökkun í Léttisfólki. Við erum búin að ganga með þessa reiðhöll í maganum í fimm til sex ár og nú loks hillir undir að hún verði tekin í notkun,” segir Hólmgeir Valdimarsson á Akureyri, sem situr í reiðhallarnefnd Léttis.

Reiðhöllin er fullainangrað hús frá Límtré. Við teljum okkur gríðarlega heppin að hafa valið þennan framleiðanda, það hefur allt staðið eins og stafur á bók og húsið er bæði fallegt og vel smíðað. Höllin er 37x80 m og reiðsvæðið 30x70 m. Áhorfendastæði er fyrir átta hundruð manns. Þá verður félagsheimillur á tveimur hæðum í öðrum enda hallarinnar, samkomusalur fyrir 120 manns á efri hæðinni og snyrtingar og fleira á neðri hæðinni.

„Kostnaður við húsið er kominn í 130 milljónir og við vonumst til að geta fullklárað það fyrir 160 milljónir. Við erum búin að setja á laggirnar markaðsnefnd, sem er komin á mikið flug. Það eru margar hugmyndir í pípunum. Við erum þegar komin í viðræður við Verkmenntaskólann á Akureyri um hestabraut áþekka þeirri sem er í FSU á Selfossi.

Ég veit að Sandra Marin verður fegin að komast inn í reiðhöllina en hún hefur séð um reiðkennslu á vegum Léttis undanfarin ár og kennt eftir knapamerkjakerfinu í tvö ár. Við reiknum með að taka höllina í notkun um áramótin, allt nema samkomusalinn. Höllin hefur ekki fengið nafn enn þá, það verður gott þegar það kemur,” sagði Hólmgeir að lokum.



Reiðhöllin á Akureyri.

MYND/HÓLMGEIR VALDIMARSSON



Hestakerrur til sölu og leigu

Til sölu og leigu, þýskar hestakerrur.
2-3 hesta og 4 hesta. Léttar en endingagóðar.
2 hásingar + flexitorar. Afar hagstætt verð.
Hafa reynst vel hér.

G3 ehf,
S: 693 4171 / 698 2333 • hestakerrur@gmail.com

Íslenski hesturinn ekkert breyst

Húmanistar eru þeir einstaklingar sem aðhyllast svokallaðan húmanisma (manngildishyggju) en hann hefur í raun fylgt manninum frá örófi alda þó að skilgreiningin sjálf sé ekki nema um 150 ára gömul. Húmanismi birtist t.d. í því að manneskjan hefur þurft að reida sig á rökvisi sína, fyrirhyggju og jákvætt samstarf við annað fólk til þess að komast af. Þegar við lýsum tegundinni manninum (homo sapiens) sem „hinum viti borna manni“ erum við í raun að höfða til kjarna húmanismans. Það er geta mannsins til að skoða umhverfið og finna í því eiginleika sem eru jafnvel utan beinnar skynjunar skilningarvitanna og nota þá sér í hag. Það er hin greinandi hugsun og getan til að búa til verkfæri og flytja þekkinguna á milli kynslóða.

Lífsskoðanir (life stance) eru samansafn þeirra hugmynda sem lúta að því hvernig við horfum á heiminn, hvernig við útskýrum lífríkið og náttúruna og hvaða aðferðum við viljum beita til að afla nýrrar þekkingar (þekkingarfræði) og vita hvernig við eigum að hegða okkur gagnvart hvert öðru og umhverfi okkar (siðfræði). Þá eru menningarlegar hugmyndir um framkvæmd mannfagnaða vegna persónulegra lífsáfanga og trygðarbanda oft samofinn hluti af lífsskoðunum fólks. Þekkingarfræði húmanista byggir á því að



SVANUR
SIGURBJÖRNSSON

notast einungis viðrökfræðilegar (vísindalegar) aðferðir og tilraunir á hinum þekktu efnisheimi til að afla staðreynda um heiminn, lífið og tilveruna. Húmanismi (manngildishyggja) byggir á einstaklingsfrelsi, samábyrgð, lýðræði og vísindalegri aðferðafræði. Skynsemishyggja (rationalism) og veraldarhyggja (secularism) eru ríkir þættir í húmanisma. Lífsskoðunarfélögum má skipta í annars vegar trúfélög og svo aftur veraldleg félög sem ekki trúa á guð eða guði eins og Siðmennt, félag siðrænna húmanista á Íslandi. Hin almenna skilgreining á trú er sú að fylgjandinn trúi á einhvers konar æðri mátt eða guðlegan anda.

Húmanistar eru því ekki trúaðir og eiga það sameiginlegt með trúleysingjum (non-believers) og guðleysingjum (atheists). Guðleysi og trúleysi eru hins vegar mun afmarkaðari hugtök en manngildishyggja því þau skilgreina í raun einungis að manneskjan sé ekki trúuð, burtséð frá öðrum lífsskoðunum hennar. Það eru því til trúleysingjar sem gætu ekki talist til húmanista þó að trúleysið sé þeim sameiginlegt.

Höfundur er læknir og félagi í Siðmennt.

Hungurlaun

UMRÆÐAN
Kjaramál

Það sem einkennt hefur stefnu Íslenskra stjórnvalda undanfarin ár gagnvart láglaunafólki er fjandskapur. Það er ekki nóg að þau hafi hvatt til þess með öllum ráðum að lágmarkslaunum væri haldið niðri, heldur virðast þau leggja sig fram við að hækka skatta á því fólki sem lægstu launin hefur. Á sama tíma afnema þau og lækka skatta á hátekjufólki.

Til skammar

Þessa dagana eru fulltrúar verkalýðsfélaga innan Starfsgreinasambands Íslands að ræða saman og móta kröfur sínar um kjarabætur og launahækkanir sem leggja á fram við atvinnurekendur þegar samningafundir hefjast síðar í haust. Augljóst virðist að verkalýðsfélögin muni fyrst og fremst krefjast umtalsverðar hækkunar lágmarkslauna, en þau eru svo lág að til skammar er. Það vita allir sem hafa augun opin að verðbólga, hækkanir á vöru og þjónustuverði, hærri húsnæðisverð og stórauðnar greiðslur af húsnæðislánum hafa hirt að öllu leyti þær kjarabætur, sem félög innan Starfsgreinasambands hafa náð á yfirstandandi samningstímabili. Og það vita allir að núverandi lágmarkslaun verkalýðsfélaganna duga einstaklingi hvergi nærri til eðlilegrar framfærslu. Þess vegna verða aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld að



SIGURÐUR T.
SIGURÐSSON

sé ekki fyrir mér að mánaðarlaun, sem duga eiga til framfærslu hér á Íslandi í dag, megi vera undir kr. 167.000. Þó eru þau of lág ef ekkert annað kemur til. Þess vegna verða stjórnvöld að taka á sig rögg og hækka skattleysismörkin eigi síðar en um næstu áramót í kr. 140.000 á mánuði og bæta þannig fyrir þá ósvinnu að hafa haldið þeim niðri áratugum saman í stað þess að láta þau fylgja launaþróun í landinu. Í raun væri aðeins verið að bæta láglaunafólki það sem ranglega var af því tekið.

Stjórnvöld hafa á þremur síðustu kjörtímabilum afnumið eða lækkað skatta á hátekjufólki. Þau hafa felld niður 7% hátekjuskatt og lækkað verulega almennan tekjuskatt. Þessar aðgerðir gefa t.d. manni með ráðherralaun yfir milljón krónum meira í auknar ráðstöfunartekjur á hverju ári. Á sama tíma er skattleysismörkum haldið niðri með þeim afleiðingum að skattbyrði eykst verulega á láglaunafólki. Þess vegna hljóta verkalýðs-

félögin að fylgja vel eftir kröfunni um að skattleysismörk hækki í kr. 140.000 á mánuði og fylgi síðan launaþróun í landinu.

Atvinnuöryggi

En það er fleira en kauphækkun og skattalækkun sem verkalýðsfélögin verða að ná fram í komandi samningagerð. Almennt launafólk verður, ekkert síður en vel launadír opinberir embættismenn, að geta búið við atvinnuöryggi. Það á ekki og má ekki vera hægt að segja fólki upp án þess að rökstudd ástæða liggi þar til grundvallar. Þess vegna verða alþingismenn og ráðherrar að hætta öllum undan-slætti með ILO-samþykkt nr. 158 og fullgilda hana núna strax í haust áður en skrifað verður undir væntanlegan almennan kjarasamning aðila vinnumarkaðarins. Ég vona að Samfylkingin hafi sama áhuga á ILO-samþykktinni nú eftir að hún komst í ríkisstjórn eins og hún lét í veðri vaka á síðasta þingi. Fyrir nokkru síðan sagði Jóhanna Sigurðardóttir núverandi félagsmálaráðherra, „Minn tími mun koma“. Já, Jóhanna, þinn tími og Samfylkingarinnar er kominn. Vera Samfylkingarinnar í ríkisstjórn og afstaða þingmanna hennar til málefna sem varða afkomu verkafólks er verðugur prófsteinn á hve marktækir þingmenn hennar eru.

Höfundur er fyrrverandi formaður Verkalýðsfélagsins Hlífar.

BRÉF TIL BLAÐSINS

Virkjum Skaftá heima í héraði

Ágúst Thorstensen,
Fornastekk Reykjavík, skrifar:

Lítið hefur verið fjallað um möguleikann á að virkja Skaftá, þrátt fyrir að hann geti haft í för með sér mikinn ávinning. Frumathuganir hafa leitt í ljós að hér sé um góðan virkjunarkost að ræða, þegar tekið er tillit til umhverfissjónarmiða, sjálfbærar þróunar og arðsemi. Ljóst er að þessi virkjun yrði lyftistöng fyrir Skaftfellinga, sem hafa hingað til borið skarðan hlut frá borði þegar kemur að uppbyggingu og sköpun atvinnutækifæra. Tillaga þess efnis að flytja Skaftá úr héraði og virkja annars staðar ber að sama meidi. Ljóst er því að breyting á farvegi Skaftár yfir í Langasjó og þaðan yfir í Tungná má aldrei verða að veruleika. Því er nauðsynlegt að Skaftfellingar brýni strax raust sína og sópi þessari tillögu út í hafsauga í eitt skipti fyrir öll. Skaftá veldur í dag miklum umhverfisspjöllum á afrétti Skaftártungumanna og á Síðuafrétti. Margir hektarar af grónu landi meðfram Skaftá fara á hverju ári undir aur og leðju vegna ágangs Skaftárhlaupa. Leirinn þomar upp og blæs yfir nærliggjandi gróður og veldur gróðureyðingu og uppblæstri. Heimamenn hafa iðulega bent á þessi gróðurspjöll en fyrir daufum eyrum. Öruggt má líka telja að umhverfisverndarsinnar, sem þeysa um óbyggðir landsins á eyðslufrekum jeppum, kæri sig kollótta um umhverfissvá, sem orsakast af náttúrulegum uppruna. Vatnsaflsvirkjanir eru í eðli sínu umhverfissvænar og sjálfbærar, enda byggja þær afkomu sína á vistvænni og endurnýtanlegri orku. Rafmagnið er líka hreint orkuform og er því beislun fallvatnsins mikilvægt framlag Íslands til minnkunar á losun gróðurhúsalofttegunda. Því er erfitt að réttlæta það til lengdar að þessi mikla fallorka sem Skaftá ber til sjávar skuli um aldur ævi vera ónotuð, engum til gagns. Sérstaklega í ljósi þess að umhverfisáhrif af virkjuninni eru ásættanleg og með tilheyrandi mótvægisáðgerðum má samnýta þessa virkjun til gróðurverndar og uppgræðslu á afrétti sveitarinnar. Það er ljóst að í framtíðinni verður Skaftá virkjuð. Spurningin er ekki hvort heldur hvenær. Því verða Skaftfellingar að tryggja það að orkan frá Skaftá verði beisluð heima í héraði og helst nýtt þar líka við uppbyggingu hátæknistarfa, til dæmis fyrir hýsingu netþjóna fyrir framsýn fyrirtæki. Skaftfellingar, látum ekki tækifærið renna okkur úr greipum.

Þú færð
103 þúsund
á mánuði*

ef þú leggur 10 milljónir inn á **Mx12** hjá Kaupþingi.

Mx12 er nýr hávaxtareikningur Kaupþings þar sem vextirnir eru greiddir mánaðarlega í stað árlega. Þú getur ráðstafað vöxtunum að vild inn á hvaða reikning sem er. Hver innlögn er bundin í sjö daga en síðan laus til úttektar. Vextir eru stighækkandi eftir tíma og fjárhæð. Lágmarksinnstæða er 1 milljón kr.

Mx12 er óverðtryggður innlánsreikningur og ársávöxtun er frá 12,55% - 13,60%. Nánari upplýsingar í síma **444 7000**, í næsta útibúi Kaupþings eða á **kaupthing.is**

Mx12 – við borgum þér vextina mánaðarlega

KAUPÞING
Hugsum lengra

* Fyrir fjármagnstekjuskatt.

RITHÖFUNDURINN EINAR MÁR
GUÐMUNDSSON FÆDDIST ÞENNAN
DAG ÁRIÐ 1954

„Raunveruleikinn er alltaf að
koma raunsæinu á óvart.“

Einar Már hefur unnið til margra
virttra verðlauna fyrir störf sín og
bækur hans hafa verið þýddar á
ýmis tungumál. Ein þekktasta bók
Einars Márs er Englar alheimsins,
sem síðar var kvikmynduð af
Fríðriki Þór Fríðrikssyni.



tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST 18. SEPTEMBER 1988

Klippt á lýðræðið í Búrma

8888-uppreisnin var þjóðleg
uppreisn í Búrma (nú Mjanmar) sem
hófst 8. ágúst árið 1988 og lauk 18.
september sama áft eftir blóðugar
aðgerðir hersins.

Í uppreisninni var lýðræðis krafist
og var þetta stærsta uppreisn sinnar
tegundar í Búrma. Námsmenn hófu
mótmælin í Rangoon og fljótlega
bættust í hópinn borgarar úr hinum
ýmsu stéttum þjóðfélagsins og
uppreisnin breiddist um landið.
Upphafið var þegar námsmaðurinn
og aðgerðasinninn Phone Maw var
myrtur fyrir framan aðalbyggingu
tækniháskólans sem hann stundaði
nám í. Í kjölfarið urðu mikil mótmæli og
uppreisnin fylgdi því næst. Kommúnistastjórn
Ne Wing féll og herinn tók yfir og sveifst einskis



búrmönskum útlögum og borgurum. Kvikmyndin
„Beyond Rangoon“ sem kom út árið 1995 byggist
á sannri sögu sem átti sér stað í uppreisninni.

við að bæla niður uppreisnir.
Hershöfðinginn Saw Maung var þar
fremstur í flokki.

Þúsundir borgara, námsmanna
og búddamunka voru myrtir af
hernum. Morðin sem áttu sér stað
á „Rauðu brúnni“ eru sérstaklega
eftirminnileg. Þá skaut herinn á
mótmælagöngu námsmanna sem
var á leið yfir brúna þar til brúin
varð rauð af blóði námsmannanna.
Aung San Suu Kyi kom fram sem
þjóðarhetja í þessum uppreisnum
en hún situr nú í stofufangelsi í
Mjanmar. Í dag er uppreisnarinnar
minnst og hún heiðruð af mörgum

MERKISATBURÐIR

- 1851 „The New York Daily Times“ sem varð síðar „The New York Times“ hefur göngu sína.
- 1919 Hollenskar konur fá kosningarétt.
- 1934 Sovétríkin fá inngöngu í Sameinuðu þjóðirnar.
- 1943 Gyðingarnir frá Minsk eru myrtir í Sobibór í seinni heimsstyrjöldinni.
- 1961 Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, Dag Hammarskjöld, deyr í flugslysi.
- 1968 Portúgalska knattspyrnu-liðið Benfica keppir við Val á Laugardalsvelli. Áhorfendur voru 18.243 en það var vallarmet.
- 1984 Kröflueldum lýkur en þeir höfðu staðið frá 1975.



Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma
og langamma,

Lísbet Friðriksdóttir

Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri,

lést að morgni fimmtudagsins 13. september. Útför
hennar verður gerð frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn
20. september kl. 13.30.

Guðrún Guðmundsdóttir
Halla Sigurðardóttir
ömmu- og langömmubörn.

Guðlaugur Baldursson



Páll Sigurðsson,

fyrirverandi skrifstofumaður,
Hæðargarði 35, Reykjavík,

lést sunnudaginn 16. september. Útför hans fer fram
frá Háteigskirkju föstudaginn 21. september kl. 13.00.

Þorsteinn Pálsson
Valgeir Pálsson

Ingibjörg Rafnar
Margrét Magnúsdóttir



VIÐ KIRKJUSKÁLANN Hermann Björn Erlingsson, formaður
sóknarnefndar Ástjarnarsóknar, sr. Bára Friðriksdóttir sóknarprestur,
dr. Gunnar Kristinsson prófastur og Símon Rafnsson, formaður
sóknarnefndar Kálfatjarnarsóknar.

Helgun skála

Fullt var út úr dyrum þegar
nýr kirkjuskáli Ástjarnar-
sóknar í Hafnarfirði var helg-
aður síðastliðinn sunnudag.
Ástjarnarsókn nær yfir
nýjustu hverfi bæjarins,
Ásland og Velli, og er yngsta
þjóðkirkjusókn Hafnar-
fjarðar. Nýkjörinn sóknar-
prestur, séra Bára Friðriks-
dóttir, þjónaði fyrir altari
og dr. Gunnar Kristjáns-
son, prófastur Kjalarness-
prófastdæmis, predikaði.

Kirkjuskálinn er búinn til
úr tveimur kennslustofum
sem Hafnarfjarðarbær
gaf sókninni og notaðar
hafa verið við ýmsa skóla
bæjarins. Mikill metnaður
hefur verið lagður í að gera
þær fallega upp svo þær
nýttust hinu nýja hlutverki.
Skálinn stendur við fram-
tíðarlóð kirkjunnar að Kirkju-
völlum 1 í Vallahverfi. Hann

er 160 fermetrar að stærð og
skiptist í tvö rými, kapellu
og safnaðarsal, auk forðyrir
og skrifstofu sóknarprests
og gerbreytir allri aðstöðu
safnaðarins sem nú hefur loks
eignast sitt eigið húsnæði.

„Það er gaman að taka
við nýju starfi í ungri sókn
og finna fyrir kraftinum
og eftirvæntingunni sem
ríkir í hverfinu,“ segir séra
Bára. Hún heitir öfluglu
æskulýðsstarfi og segir
sunnudagaskóla verða í
kirkjuskálanum á hverjum
sunnudegi kl. 11 og guðs-
þjónustur annan hvern
sunnudag. Það eina sem
vantar nú er tónlistarstjóri til
að halda áfram uppbyggingu
kóra í sókninni.

Auk Ástjarnarkirkju þjón-
ar séra Bára Kálfatjarnar-
kirkju en saman mynda þær
Tjarnarprestakall.

- gun

AFMÆLISBÖRN



**JADA
PINKETT**
leikkona er
36 ára.



**LANCE
ARM-
STRONG**
hjólreiða-
maður er
36 ára.



**SVEINN
EINARSSON**
leikstjóri er
73 ára.



**KJARTAN
RAGNARS-
SON**
leikstjóri er
62 ára.



Ástkær dóttir okkar, systir og barnabarn,

Edda Sigrún Jónsdóttir

Álftamýri 8,

lést 11. september. Útför hennar verður auglýst síðar.

Fyrir hönd systkina, ömmu, afa og annarra vandamanna.

Anna Reynisdóttir og Jón B. Sveinsson.



Elskulegur unnusti minn, faðir okkar,
sonur, bróðir og mágur,

Markús Kristjánsson

sem varð bráðkvaddur hinn 12. september, verður
jarðsönginn í Botne kirke í Holmestrand í Noregi,
föstudaginn 21. september kl. 11.00.

Nína Askerud
Kristján Fannar Markússon
Svanur Bergsteinn Markússon
Eyjólfur Bragi Lárusson
Kristján Þorkelsson
Kristján Sigurður Kristjánsson
Rafn Áskell Kristjánsson
Alma Sif Kristjánsdóttir

Sigríður Markúsdóttir
Súsanna Þorgrímsdóttir
Sue Ellen Kristjánsson
Kristmundur Þór Ólafsson



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

Ingiber Marinó Ólafsson

plötu- og ketilsmiður,
Stekkjargötu 3, Innri-Njarðvík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þriðjudaginn
11. september. Jarðarförin fer fram frá Keflavíkurkirkju
miðvikudaginn 19. september kl. 14.00. Blóm og
kransar eru vinsamlega afþökkuð.

Auður Brynjólfsdóttir

Brynja Sif Ingibersdóttir
Marta Rún Ingibersdóttir
Ólafur Örn Ingibersson
Guðmundur Þórir Ingibersson
Óskar Húnfjörð
María Júlíana Arnardóttir
Arthittya Aryamueang
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur sonur minn, faðir okkar,
stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og bróðir,

Hjörtur Líndal Guðnason

Flétturima 24, Reykjavík,

er látinn. Útförin fer fram frá Akranesarkirkju föstu-
daginn 21. september kl. 14.00.

F.h. aðstandenda,
Sigríður Hjartardóttir.



Elskulegur sambýlismaður minn, faðir
okkar, sonur, tengdasonur, bróðir, mágur,
svili og barnabarn,

Sigmar Þór Eðvarðson

verslunarstjóri Bónuss í Hraunbæ,
Sílakvísl 13, Reykjavík,

verður jarðsönginn frá Árbæjarkirkju fimmtudaginn
20. september kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans
er bent á minningarsjóð til styrktar sambýliskonu og
dætrum hans í Landsbanka-austurbæjarútibúi:
0111-05-272900, kt. 160872-5519.

Margrét Friðriksdóttir
Aðalheiður María Sigmarsdóttir
Emelía Rán Sigmarsdóttir
Svanhildur María Ólafsdóttir
Aðalheiður Gréta Guðmundsdóttir
Ólafur Páll Eðvarðsson
Ásta Friðriksdóttir
Auður Gunnarsdóttir
Sigríður U. Ottósdóttir
Vigdís Ámundadóttir

Eðvarð Ingólfsson
Friðrik Jónsson

Bjarki Traustason



GLÆSILEGASTA GOLFFERÐ ÁRSINS

EGILS PREMIUM OG BYLGJAN OPEN Í LONDON 11. - 15. OKTÓBER

Við lengjum golftímabilið og efnum til mikillar veislu í London dagana 11. -15. október því golfmótið Egils Premium og Bylgjan open verður haldið á Hanbury Manor golfvellinum 12. október. Í ferðinni gefst einnig einstakt tækifæri á að fylgjast með fremstu golfurum heims keppa um ein stærstu peningaverðlaun sem í boði eru, á HSBC World Match Play sem haldið er á Wentworth vellinum dagana 11. -14. október.


Skoðaðu nánari upplýsingar um ferðina á bylgjan.is og skelltu þér með!

Í samstarfi við...




BYLGJAN
989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!





SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR RÍGHELDUR Í RUCCOLA-SALATIÐ



Einu sinni, áður en ég hóf nám, fannst mér líka að það fylgdi því sjarmi að vera námsmaður. Ég sá fyrir mér fróðleikssvinn að eigin andliti þar sem ég grúfði mig yfir rykugar skruddur, og ég hlakkaði til þess að fá að ráfa um ganga Þjóðarþórhöfðunna ásamt hinu gefu-fólkinu, eða ræða setta tala í góðum hópi fólks yfir rjúkandi svörtu kaffi – af því maður hafði ekki efni á öðru.

Nám er vissulega skemmtilegt, en raunveruleiki fátæks námsmanns er það ekki. Þegar ég taldist til þess hóps fékk ég um það bil 80 þúsund krónur á mánuði frá stærkærum lánasjóðnum. Það sér hvers heilvita manneskja að slík „laun“ duga ekki lengi. Ég vann þess vegna

með skóla, eins og nánast allir aðrir. Fyrir vikið skertist lánið, og svo mikið í raun, að eina önnina lét ég skipta því niður á þrjá mánuði í stað fjögurra af því að ég gat bara ekki hugsað mér að fá undir 60 þúsundum á mánuði. Mánuðinn sem varð út undan plagaði ég svo vinni og vandamenn í von um að fá að borga.

Í dag klökkna ég af ánægju þegar ég borga fyrir ruccola-salatið mitt. Ég geri mér fulla grein fyrir því að maður þarf að neita sér um vissna hluti á meðan maður er í skóla. Ég veit hins vegar af raun að það er ekki jafn sjarmerandi og bankarnir vilja vera að láta að vera fátækur námsmaður. Það hef ég lært á minni skólagöngu.

myndasögur

Eftir Frode Øverli



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Eftir Tony Lopes



Eftir Patrick McDonnell



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





RYAN PHILLIPPE Bandaríski leikarinn fer með hlutverk í vikingamyndinni Last Battle Dreamer.

Víkingar í nýrri mynd

Leikararnir Ryan Phillippe og Sean Bean hafa tekið að sér aðalhlutverkin í vikingamyndinni Last Battle Dreamer. Myndin gerist á áttundu öld og fjallar um víkinginn Þórfinn (Phillippe) sem ræðst inn í Bretland ásamt eldri bróður sínum Hákonni (Bean). Um ástarsögu er að ræða þar sem eldur og blóðsúthellingar fá einnig að njóta sín.

Ekki er langt síðan Phillippe lék í Flags of Our Fathers hér á landi og hver veit nema hann hafi smitast af víkingabakteríunni við þær tókur. Tókur á myndinni hefjast síðar á þessu ári.



SEAN BEAN

Hamskiptin æfð upp

Í Þjóðleikhúsinu standa nú yfir æfingar á Hamskiptunum. Leikgerð Davids Farr og Gísla Arnar Garðarssonar byggir á víðfrægri skáldsögu Franz Kafka.

Hamskiptin voru frumsýnd í London fyrir ári við gríðarlega góðar undirtektir. Sýningin var meðal annars tilnefnd til hinna virtu Evening Standard verðlauna, og gagnrýnandi The Guardian gaf henni fimm stjörnur. „Í kjölfarið bauð Þjóðleikhúsið okkur að sýna hér, sem opunarsýningu fyrir haustið. Við þáðum það,“ sagði Gísli. Nokkrar breytingar hafa þó orðið á leikarahópnum. Elva Ósk Ólafsdóttir og Ólafur Egill Egils-son koma ný inn í verkið, en Gísli Örn, Ingvar E. Sigurðsson og Nína Dögg Filippusdóttir halda sínum hlutverkum.

Gísli sagði æfingar ganga vel, en um ár er síðan leikhópurinn tókst



HAMSKIPTIN LOFI HLAÐIN Uppsetning Gísla og Davids Farr hlaut afar góða dóma þegar hún var sýnd í London fyrir um ári síðan.

síðast á við verkið. „Svo týndist reyndar aðeins af leikmyndinni. Við þurftum að flytja hana alla heim frá Englandi. Hún var í geymslu þar, og hluta af henni var óvart hent, svo við höfum þurft að smíða svolítið inn í hana,“ sagði hann.

Sýningum lýkur í síðasta lagi í

byrjun desember. „Verkið fer aftur á svið í London í janúar, svo leikmyndin þarf að fara í desember,“ útskýrði Gísli. Þar á eftir fer sýningin í leikferð um allt England, með Birni Thors og Unni Ösp í hlutverkum Gísla Arnar og Nínu Daggar. Ensukur leikari mun líklega taka við hlutverki Ingvars.



FJÖLSKYLDA Á HVOLFI Í Hamskiptunum segir af skyndilegri breytingu sólumannsins Gregors Samsa, sem vaknar einn daginn í líki bjöllu. Líf Samsa-fjölskyldunnar tekur þar með töluverðum breytingum.



BREYTINGAR Á LEIKHÓPI Elva Ósk Ólafsdóttir er ný í leikhópnum, en Nína Dögg og Ingvar eru í sömu hlutverkum og fyrir ári.



CAMPILLO, JÁ Kvikmyndin Campillo, já verður frumsýnd á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni.

Spánn í sviðsljósinu

Fjórar splunkunýjar spænskar kvikmyndir verða sýndar á alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík sem hefst 27. september. Myndirnar sem sýndar verða heita Ég (Yo), Dökkblár næstum svartur (Azuloscurocasi-negro), Járnbrautarstjörnur (Estrellas de la Linea) og Campillo, já (Campillo, sí, quiero). Sú síðastnefnda verður frumsýnd á hátíðinni.

Myndirnar verða sýndar í flokknum Sjónarrönd sem hefur fylgt hátíðinni um langa hríð. Í flokknum er eitt þjóðland tekið fyrir og nýjar myndir þaðan sýndar.

Í fyrra bar Danmörku við sjónarrönd og árið þar á undan var kvikmyndagerð frá Íran gert hátt undir höfði.

Nýlegar lúxusbifreiðar á frábærum kjörum

Gott úrval lúxusbíla á einstökum kjörum í takmarkaðan tíma. Komdu núna í lúxussal **Bílalands B&L** og gerðu frábær kaup!



Land Rover Range Rover Vogue
Nýskr: 06/2005, 4400cc
Sjálfskiptur, silfurlitaður
Ekinn 51.000 þ.
Verð kr. 7.950.000
Tilboð kr. 6.750.000



BMW X5 3.0i
Nýskr: 12/2006, 3000cc
Sjálfskiptur, dökkgrár
Ekinn 10.000 þ.
Verð kr. 6.450.000
Tilboð kr. 5.700.000



BMW 550i
Nýskr: 8/2006, 5000cc
Sjálfskiptur, dökkblár
Ekinn 17.000 þ.
Verð kr. 8.600.000
Tilboð kr. 7.500.000



BMW X3 2.5i
Nýskr: 05/2006, 2500cc
Sjálfskiptur, ljósblár
Ekinn 16.000 þ.
Verð kr. 5.150.000
Tilboð kr. 4.350.000



Porsche 911 Carrera 2 (Anniversary)
Nýskr: 08/2005, 3600cc
beinskiptur, silfraður
Ekinn 9.000 þ.
Verð kr. 9.950.000
Tilboð kr. 9.000.000



BMW Z4 M Coupe
Nýskr: 02/2007, 3300cc
beinskiptur, blár
Ekinn 9.000 þ.
Verð kr. 7.900.000
Tilboð kr. 6.700.000



Porsche Cayenne
Nýskr: 09/2004, 3200cc
Sjálfskiptur, dökkblár
Ekinn 44.000 þ.
Verð kr. 5.600.000
Tilboð kr. 4.600.000



BMW 330ix - 4x4
Nýskr: 05/2006, 3000cc
Sjálfskiptur, dökkgrár
Ekinn 13.000 þ.
Verð kr. 5.500.000
Tilboð kr. 4.750.000



bilaland.is

Gott úrval á staðnum. Komdu í heimsókn til okkar að Grjóthálsi 1.

Opið virka daga frá kl. 10 til 18 og á laugardögum frá kl. 12 til 16.



ATH kl. 22.15

Í djassþættinum *Fimmfjórðu á Rás 1* í kvöld má heyra upptökur frá tónleikum „Straight-Ahead“ kvartettsins á djassklúbbum Múlanum hinn 5. sept sl. Kvartettinn er skipaður gítarleikurunum Andréssi Þór Gunnlaugssyni og Jóni Páli Bjarnasyni, bassaleikaranum Þorgrími Jónssyni og trommuleikaranum Einari Val Scheving. Á efnisskrá eru söngdansar og djassklassík eftir Cole Porter, George Gershwin, Charlie Parker o.fl. Umsjónarmaður er Lana Kolbrún Eddudóttir.

menning

menning@frettabladid.is

Haust í Gerðubergi

Gerðuberg hefur verið opið í sumar, eins og öll fyrri sumur frá því þessi merkilega menningarstofnun reis um leið og byggðin í Breiðholti. Gerðuberg er einstakt fyrirbæri í borgarsamfélaginu; ekkert hverfi í Reykjavík á sér aðra sambærilega stofnun. Og nú er nýr vetur fram undan.

Haustdagskráin hefst með pompi og prakt næsta laugardag, 22. september. Þá verða opnaðar tvær sýningar; Handverkshefð í hönnun í samstarfi við Heimilisiðnaðarfélag Íslands og Handverk og hönnun, og í Boganum mun Guðmunda S. Gunnarsdóttir opna sýninguna *Úr ríki náttúrunnar*.

Á sýningunni Handverkshefð í hönnun sýna 34 hönnuðir, lista- og handverksfólk verk sem öll hafa með einhverjum hætti tengingu við hefðir í íslensku handverki. Á sama degi verður opnuð sýning undir sama nafni í Norræna húsinu en þar má sjá verk nemenda á öllum skólastigum. Sýningarnar eru haldnar í tilefni af Norrænu heimilisiðnaðarþingi sem haldið verður dagana 26.-30. september á Grand hóteli í Reykjavík en um það má frekar fræðast á vef félagsins: www.heimilisiðnaður.is. Á fyrstu sýningu haustsins í Boganum sýnir Guðmunda S. Gunnarsdóttir alþýðulistakona málverk og myndverk úr rekaviði og steinum og ber sýningin yfirskriftina *Úr ríki náttúrunnar*. Ertu með eitthvað NÝTT á þróunum? er yfirskrift tveggja námskeiða í þróun sem boðið er upp á í samstarfi við Heimilisiðnaðarfélag Íslands. Þar gefst byrjendum og lengra komnum tækifæri til að læra að þróna eftir kúnstarinnar reglum.

Svo haldið sé áfram með þjóðlegar hefðir þá ber að geta þess að Kvæðamannafélagið Íðunn býður öllum, sem áhuga hafa, að koma og kveða í Gerðubergi. Fyrsta kvæðalagaæfingin fer fram miðvikudagskvöldið 4. október kl. 20 og fyrsti fundurinn fer fram föstudagskvöldið 6. október kl. 20. Þeir sem vilja kynna sér starfsemi félagsins geta kíkt á vefsíðuna www.rimur.is.

Frönsk musett- og valssveifla í bland við heims- og djasstónlist mun hljóma á tónleikum hjá Tríói Vadims Fedorov 17. október. Tríóið skipa Vadim Fedorov á harmoniku, Gunnar Hilmarsson á gítar og Leifur Gunnarsson á kontrabassa. Á Degi hljóðfærisins mun fiðlan ráða ríkjum en dagskráin er að venju sett upp í samstarfi við Félag íslenskra tónlistarmanna. Lands-



MYNDLIST Sigrún Eldjárn myndlistarmaður verður skoðuð í kjöllinn á hinu merkilega Ritþingi sem Gerðuberg hefur staðið fyrir um árabíl. Þá verður opnuð sýning fyrir börn með heimi verka hennar.

lið fiðluleikara býður upp á fjölbreytta og metnaðarfulla dagskrá fyrir alla fjölskylduna.

Um miðjan nóvember tekur við önnur sýning í Boganum en þá mun Þorgrímur Kristmundsson alþýðulistamaður sýna landlagmálverk sem hann hefur málað á síðustu árum.

Í lok nóvember mun Sigrún Eldjárn sitja fyrir svörum á Ritþingi Gerðubergs. Stjórnandi þingsins er Sigprúður Gunnarsdóttir og í hlutverki spyrsla eru Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson og Margrét Tryggvadóttir. Þá verður opnuð sýningin *Allt í plati!* þar sem börn og foreldrar fá að ganga inn í söguheim Sigrúnar. Sama dag verður opnuð hin árlega sýning, þetta vilja börnin sjá!, þar sem sýndar verða myndskreytingar úr íslenskum barnabókum sem komið hafa út á þessu ári og keppa þær um Dimmalimm-verðlaunin sem afhent verða 6. desember. Átta ára skólabörnum verður boðið upp á leiðsögn um báðar sýningarnar ásamt spennandi dagskrá í samstarfi við Borgarbókasafnið. Og þá er ekki allt upptalið sem verður í boði Gerðubergs til hátíða. Elísabet Bjarklind Þórisdóttir er forstöðukona Gerðubergs.

Sýningar í Gerðubergi eru opnar virka daga frá kl. 11-17 og um helgar frá kl. 13-16. Aðgangur ókeypis.

Nánari upplýsingar um viðburði er að finna á heimasíðu Gerðubergs, www.gerduberg.is

- pbb



LEIKLIST Úr sviðsetningu Óhapps sem frumsýnt er á föstudagskvöld. MYND/EDDI-ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Óhapp! nýtt íslenskt leikrit

Á föstudagskvöldið er frumsýning í Þjóðleikhúsinu í Kassarum við Lindargötu á nýju verki eftir Bjarna Jónsson. Óhapp kallar hann verkið og það gerist í samtíma okkar, á heimili ungra hjóna.

Óhapp! er þriðja verk Bjarna Jónssonar sem Þjóðleikhúsið setur upp en fyrr voru sýnd Kaffi og Vegurinn brennur. Bjarni vakti fyrst athygli sem leikskáld þegar hann vann til verðlauna í leikverkasamkeppni Leikfélags Reykjavíkur við opnun Borgarleikhússins fyrir hartnær átján árum. Hann var þá ungur maður frá Akranesi en hann hefur einnig samið verk fyrir heimamenn þar. Hann sótti menntun í leikhúsfraðum til Þýskalands og hefur frá því hann sneri heim snemma á tíunda áratugnum starfað að list sinni, bæði sem þýðandi úr þýsku og sem höfundur leikgerða bæði fyrir svið og hljóðvarp. Hann hefur þýtt fjölda verka fyrir svið, þar á meðal eftir Thomas Bernhard, Mark Ravenhill, Tennessee Williams, Goethe og David Gismann. Hann hefur einnig þýtt nokkrar skáldsögur úr þýsku og ensku, þar á meðal hina stóru sögu Gunthers Grass, *Blikktrommuna*. Hann vann leikgerðir eftir sögum Böðvars Guðmundssonar, Híðýli vindanna og Lífsins tré, fyrir Borgarleikhúsið og verkin Sölumaður deyr eftir Arthur Miller og *Ævinlega* eftir samnefndri sögu Guðbergs Bergssonar fyrir Útvarpsleikhúsið, auk verðlaunaðra leikgerða eftir Íslenskum aðli og sögu Gyðrís Elíassonar, *Svefnhjólinu*, sem hann vann með Múm og hlaut fyrir verðlaun Norrænna útvarps-

stöðva 2004. Bjarni situr í stjórn LOKAL, nýrrar alþjóðlegrar leiklistarhátíðar sem nú er í start-holunum.

Óhapp! er óvanalegt stofudrama þar sem ólíkir heimar skarast en Bjarni hefur í verkum sínum notað það form sem hann sprengir upp á sinn hátt.

Við lítum inn til ungra hjóna sem glíma við fortíðina og hvort annað, kennaraverkfall setur óvænt strik í reikning sjónvarpsstjarna, sálfræðingurinn leggur línurnar og kokkurinn töfrar fram unaðslegt lambakjöt. Hér er á ferðinni „heimilisleg“ umfjöllun um þjóðfélag sem er á kafi í sjálfu sér og ósköp kunnuglegt fólk sem er ekki allt sem það sýnist.

Bjarni segir þetta tilraun til að henda reiður á hvað er að gerast fyrir augum okkar: „Hvað er í veruleikanum sem oft er eins og sýndarveruleiki og hvernig brýr eru milli tveggja heima. Ég vil kanna hvernig leikhúsið getur skýrt þessa heima fyrir okkur sem hið leikræna getur svo vel.“

Leikstjóri sýningarinnar er Stefán Jónsson en um leikmynd og búninga sér Börkur Jónsson. Verkið gerist á smekklegu heimili þar sem innanstokksmunir eru frá Eirvík og BoConcept en það er tekið sérstaklega fram í fréttatilkynningum Þjóðleikhússins og er ný stefna þar á bæ. Hljóðmynd gerir Frank Hall en ljósaðhönnun annast Lára Björns-son. Meðal leikara í sýningunni eru Atli Rafn Sigurðarson, Katla Margrét Þorgeirsdóttir, Dóra Jóhannsdóttir, Elma Lís Gunnarsdóttir og Stefán Hallur Stefánsson.

Eftir er til forsýninga á verkinu og er sú fyrri í kvöld, en frumsýning er sem fyrr segir á föstudag: hvað skyldi skáldið vilja okkur með spegilmýndinni sem þá verður brugðið upp?

pbb@frettabladid.is

ÁST Í samstarfi við Vестurport

18.9.2007 14:00
19.9.2007 14:00
20.9.2007 14:00
20.9.2007 20:00

SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARDARSSON
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

Vegna gífurlegra vinsælda – 4 sýningar í Rvík

28. september – ÍDNÓ REYKJAVÍK kl. 20.00
29. september – ÍDNÓ REYKJAVÍK kl. 20.00
12. október – ÍDNÓ REYKJAVÍK kl. 20.00
13. október – ÍDNÓ REYKJAVÍK kl. 20.00

Miðasala daglega í lönó í síma 562 9700
frá kl. 11 - 17 og á midi.is

Pabbinn

PABBINN Á TÖR UM LANDIÐ – ALLAR UPPLÝSINGAR WWW.PABBINN.IS

mid.is
THORSSON PRODUCTIONS

Bláir skuggar
SIGURÐUR FLOSASON

TÓNLEIKAR
FÍH salnum Rauðagerði
Fös. 21. sept. kl. 20:30
Forsala: midi.is

PÉTUR ÖSTLUND JÓN PÁLL BJARNASON ÞÓRIR BALDURSSON

Vinna að næturlagi

Nýir leiknir þættir í röð um íslenskan heim, íslenskar aðstæður, hljóta að vekja eftirtekt sjónvarpsáhorfenda. Þegar ljóst er að þungi í innlendri framleiðslu hjá Ríkissjónvarpinu verður á ódýrari stuðjón þætti eftir reyndum formúlum, ætti keppinauturinn (sem reyndar gefur út blaðið sem þú heldur nú á) að reyna eitthvað annað. Á sunnudag var fyrsti þátturinn af Næturvaktinni sýndur áskrifendum Stöðvar 2. Næturvaktin er hálf tíma leiknir þættir. Vandað er til framleiðslunnar í alla staði þótt tæplega sé hægt að kalla röðina sitkom (situation comedy) er það kallað á ensku). En varla er hægt að kalla þættina því nafni, þeir eru afleidd framleiðsla af gömlum stofni en svipaða tilhneigingu hefur mátt sjá víða í nágrannalöndum okkar. Allar aðalpersónur sem voru kynntar á sunnudag eru annað og meira en skopfigúrur, þótt sum atvikin ættu að vera skopleg. Yfirbragðið er annað: rannsókn á ólíkum persónum – þetta er nánast drama.

Víst þekkjum við mörg hin miðaldra nöldurseggi og ofbeldismann sérsettra regla á vinnustöðum. Gervi Jóns Gnarr var að visu nokkuð kunnuglegt úr spjaldskrá hans yfir ólíkar persónur sem hann hefur smíðað á liðnum áratug. Eins eru þættir úr hinum vongóða poppara kunnuglegir í túlkun Péturs. Það er helst nýliðinn sem er óráðin stærð í þessu mengi. Nú er allt of snemma að segja hvernig þetta tekst til – við sáum aðeins inngang á sunnudag og vitum raunar ekki mjög mikið. En allt var þetta vel gert, lýsing og taka til fyrirmyndar, hljóð afbragð, leikur látlaus og á alvarlegum nótum þar sem áhorfandanum var gefið gott rými fyrir sitt innlegg, sína móttöku. Útlit er gráðu herra en mátt hefur sjá í íslensku efni og er nóg að minna á þann kröfulitla umbúnað sem Spaugstofan sættir sig við á móti glæsilegu útliti, til dæmis á Stelpunum.

Nú er bara að sjá hvernig þetta þróast. Það er engin ástæða til að fá stjórnur í augun en það sem komið er býður manni í grun að



STÖÐ 2 SÝNIR

Næturvaktina

Leikstjóri: Ragnar Bragason
Framleiðandi: Saga film

★★★

Niðurstaða: Spennandi upphaf á nýrri og öðruvísi þáttaröð sem er verulega vandað til.

Næturvaktin sæti verulegum tíðindum í framþróun íslensks sjónvarpssefnis og sýni með skýrum hætti að Ragnar Bragason ætlar að halda áfram að ná tökum á hinum erfiða miðli sögulistar á tjaldi og skjá.

Páll Baldvin Baldvinsson



Whirlpool ADP7979/1

- 60sm, 12 manna UPPPVOTTAVÉL
- 7 kerfi þar á meðal hljóðlátt kerfi
- Sóttreinsandi Antibacteria kerfi
- Autosensor sem nemur hve mikið er í vélinni
- 6th Sense sem nemur óhreinindi í vatninu
- Multizone – hægt er að þvo í hluta vélarinnar
- Stillanleg efri grind
- Aðeins 39 dB (A) á hljóðláttu kerfi, annars 44dB
- Kerfisveljari rafeindastýrður
- Skjár sem sýnir tíma sem er eftir
- Hægt að stilla fram í tímann
- Lætur vita ef gljáefni vantar
- Vatnsflæðivörn
- Þrír spaðar dreifa vatni í vélinni auk PowerClean
- Þurrkar með hita frá elementum
- Er með sérstaka viftu fyrir hraðari þurrkun
- Þvotthæfni A
- Orkunýtni A
- Þurrkgeta A

Usss ... *hljóðlátasta uppvottavélin er komin!*



Nýju uppvottavélarnar frá Whirlpool eru hljóðlátari en áður hefur þekkst og að auki hlaðnar möguleikum

- **Super Silent** – hljóðlátasta uppvottakerfið í dag - aðeins 39dB
- **6th Sense** – sjálfvirkir þvottakerfi – sparar allt að 30% orku, vatn og tíma
- **Multizone** – hægt er að þvo leirtau í hluta vélarinnar – sparar rafmagn, vatn og tíma
- **PowerClean** – öflugt 32 stúta vatnskerfi – hreinsar leirtau betur en áður hefur þekkst

Fæst í hvítu, stáli
eða alinnbyggð
Verð frá kr. 84.995



Heimilistæki
www.ht.is

REYKJAVÍK
SÆTÚNI 8
SÍMI 569 1500

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 36
460 3380

HÚSAVÍK
GARDARSBRAUT 18A
464 1600

SELFÖSS
EYRARVEGI 21
480 3700

> VISSIR ÞÚ?

Ævintýramaðurinn og fornleifatöffarinn Indiana Jones heitir í höfuðið á hundi George Lucas. Hundurinn var sleðahundur frá Alaska.



fólk

folk@frettabladid.is

Lindsay flytur frá Hollywood

Lindsay Lohan er leið á, og á leið frá, Hollywood, ef eitthvað má marka upplýsingarnar sem faðir hennar, Michael Lohan, gaf breska blaðinu News of the World. Hann heimsótti dóttur sína á meðferðarheimili í Utah í síðustu viku, en þá höfðu feðginin ekki sést í þrjú ár.

„Um leið og hún sá mig hljóp hún í fangið á mér og settist í kjöltuna á mér eins og lítið barn og grét,“ segir Michael.

Hann ljóstraði því upp að Lindsay myndi flytja frá Hollywood til að halda sér frá eiturfjæfjunum. „Hún sagði að hún vildi ekki búa í Hollywood, þar sem allt hið slæma í lífi hennar gerist þar. Hún sagði: „Ég hata Hollywood og ég vil ekki vinna þar. Ég þarf pásu og ætla að flytja þaðan.“ Hann er sjálfur

óvirkur alkóhólisti og eiturfjæneytandi. „Lindsay sagði: „Ég er alveg eins og þú, pabbi.“ Eins sárt og það er, þá verð ég að viðurkenna að það er rétt hjá henni,“ segir Michael.

Hann er þó sannfærður um að Lindsay takist að forðast eiturfjæf. „Hún sagðist hafa kvatt þau að eilífu. Ég leit í augun á henni og sá að hún meinti það algjörlega,“ segir Michael.

LEIÐ Á HOLLYWOOD Ef eitthvað má marka orð Michaels Lohan um hug dótturinnar er Lindsay Lohan á leið frá Hollywood. Þannig vonast hún til að geta haldið sér frá eiturfjæfjum.



Hefur notað öll eiturfjæf

Leikkonan Angelina Jolie segist hafa notað öll eiturfjæf sem til eru en hún hafi hætt allri neyslu fyrir löngu. „Ég hef notað kókaín, heróín, alsælu, LSD, allt sem til er,“ sagði Jolie. „Það sem hafði verst áhrif á mig var hass. Mér leið eins og asna og ég þoli það ekki.“

Jolie minnst þess að hafa tekið inn LSD áður en hún fór í Disneyland. „Ég fór að hugsa um Mikka mús sem lítinn miðaldra mann í búningi og hann er orðinn þreyttur á lífinu,“ sagði hún og bætti við: „Þessi eiturfjæf geta verið hættuleg ef þú notar þau ekki á jákvæðan hátt. Ég hætti að nota þau fyrir löngu.“

Jolie var á sínum yngri árum þekkt óknytta-stúlka en eftir að hún kom sér upp stórrí fjölskyldu með leikaranum Brad Pitt hefur hún róast til mikilla muna og ætlar sér ekki að snerta á eiturfjæfjum framar.

ANGELINA JOLIE Leikkonan Angelina Jolie hefur notað öll eiturfjæf sem til eru.



FJÖLSKYLDAN ÖLL Allir aðstandendur The Sopranos komu upp á svið þegar tilkynnt var að þáttaröðin hefði verið valin sú besta.

The Sopranos kvöddu með sigri

Á sunnudagskvöldið voru **59. Emmy-verðlaunin** afhent við hátíðlega athöfn í Kodak-höllinni í Los Angeles. Mafiúþátturinn **The Sopranos** fékk flest verðlaun en sigurinn varð þó ekki jafn stór og búist hafði verið við.

The Sopranos, með Tony og félögum hans frá New Jersey, hlaut þrenn verðlaun, þar á meðal sem besti þátturinn, og hafði þar betur í baráttunni við Boston Legal, Grey's Anatomy, Heroes og House en síðasta þáttaröðin um mafiufjölskylduna frægu var sýnd í Bandaríkjunum í sumar. 30 Rock markar upphafið að markvissri endurreisn ferilsins hjá leikaranum Alec Baldwin og hlaut Emmy-verðlaunin sem besti gamanþátturinn.

En þó að sigur The Sopranos hafi verið fyrirsjáanlegur voru ekki margir sem höfðu rétt fyrir sér þegar kom að leikaraverðlaununum. James Spader hafði James Gandolfini undir og var valinn besti leikarinn, en hann fer á kostum í lagaþáttunum Boston Legal. „Mér líður

eins og ég hafi stolið peningahlassi af mafiunni og að hún sitji hérna öll beint fyrir framan mig,“ sagði Spader af þessu tilefni. Sigur Sally Field fyrir Brothers & Sisters kom einnig þægilega óvart en fyrir fram höfðu flestir búist við því að Edie Falco úr The Sopranos færi með sigur af hólmi.

Í gamanþáttaflokknum skaut America Ferrera úr Ugly Betty keppinautum sínum ref fyrir rass og var valin besta gamanleikkonan og Ricky Gervais hlaut sömu útnefningu í karlaflokknum. Landi Gervais, Helen Mirren, bætti síðan enn einum verðlaunagripnum í safnið þegar hún hlaut Emmy-verðlaunin fyrir bestu frammi-stöðuna í framhaldsmyndaflokknum um Jane Tennison í Prime Suspect. „Ég gæti sagt margt um amerísku þjóðina en eitt einkennir hana og það er gjafmildi,“ sagði Mirren við áhorfendur.

Að endingu var varaforsetinn fyrirverandi, Al Gore, heiðraður fyrir sjónvarpsstöðina Current TV sem byggist á sköpunarverki áhorfendanna. Gestir Kodak-hallarinnar risu úr sætum og klöppuðu vel og lengi fyrir Gore en hann sagði að hann vildi með þessari hugmynd endurskapa umræðuna um bandarískt lýðræði.

- fgg



FYNDNUST America Ferrera þótti besta gamanleikkonan en Ricky Gervais var fyndnastur af karlleikurunum.

STAL FRÁ MAFIUNNI James Spader leið eins og hann hefði stolið einhverju frá mafiunni og hún sæti beint fyrir framan hann.

SIGURVEGARAR KVÖLDSINS

Besti þátturinn: Sopranos (RÚV)
Besti gamanþátturinn: 30 Rock (Skjár einn)
Besti leikarinn: James Spader fyrir Boston Legal (Skjár einn)
Besta leikkonan: Sally Field fyrir Brothers and Sisters (RÚV)
Besti gamanleikarinn: Ricky Gervais fyrir Extras (RÚV)
Besta gamanleikkonan: America Ferrera fyrir Ugly Betty (RÚV)

STUTTMYNDAKEPPNIN

LJÓSVAKA
LJÓÐ2007

SKILAFRESTUR
7
DAGAR

TJARNARBIÓI LAUGARDAGINN
29. SEPT KL. 12:00 - 16:00

VERÐLAUNAFLOKKAR:
 BESTA MYND AÐ MATI
 DÓMNEFNDAR:
100.000 KR. OG
VERÐLAUN FRÁ
EYMUÐSSON

BESTA FRUMSAMDA HANDRIT
 AÐ MATI DÓMNEFNDAR:
50.000 KR. OG
VERÐLAUN FRÁ
EYMUÐSSON

100.000 KR.
FYRIR BESTU MYND

DAGSKRÁ:
 KL. 12 - 14
 UMRÆÐA UM HANDRITAGERÐ
 MEÐ OTTÓ G. BORG (ASTRÓPÍA)

KL. 14 - 16
 STUTTMYNDAKEPPNI LJÓSVAKALJÓÐA
 • SETNING
 • 5-8 VALDAR STUTTMYNDIR SÝNDAR
 • AFHENDING VERÐLAUNA

FREKARI UPPLÝSINGAR
WWW.LJOSVAKALJOD.IS
LJOSVAKALJOD@FILMFEST.IS

REGLUR:
 ALDUR: 15-25 ÁRA
 LENGÐ: UM 20 MÍN.
 MYND EKKI ELÐRI EN 1 ÁRS
 MYND SÝND Á ÁBYRGÐ KEPPENDA

SKIL:
 MINIDV EÐA DVD ÁSAMT
 ALMENNUM UPPLÝSINGUM
 SENDIST Á ZIK ZAK FILMWORKS,
 HVERFISGÖTU 14A, 101 REYKJAVÍK

ÓKEYPIS
AÐGANGUR

SKILAFRESTUR ER ÞRIÐJUDAGURINN 25. SEPTEMBER

oðalstyrktaraðili:
Eymundsson
 Bóksali frá 1872

ZIK

Reykjavíkurborg
 Menningar- og ferðamálasvið

Reykjavík
 International
 Film
 Festival

SLENDERTONE™
System


Tími til að líta vel út ...!

Viltu stinnari líkama á aðeins **4** vikum?

Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!

Áratuga reynsla og rannsóknir sýna að Slendertone virkar.

4 vikna þjálfunaráætlun fylgir - fáðu stinnari og fallegri líkama á aðeins 4 vikum...



Eitt stjórnæki með hleðslubatteri, sem þú getur notað við allar tegundir Slendertone System.

Heildarlausn til að móta allan líkamann...

Pakki 1
Slendertone belti - buxur þjálfar rass og læri og kviðvöðva
kr. 29.925.-

Pakki 2
Slendertone belti - armar þjálfar kviðvöðva og upphandleggsvöðva
kr. 26.970.-

Pakki 3
Slendertone buxur - armar þjálfar rass og læri og upphandleggsvöðva
kr. 29.925.-

Pakki 4
Kynningarverð fyrir dömur - alhliða pakki
Slendertone belti - buxur - armar þjálfar og stinnir allan líkamann
kr. 35.985.-

SLENDERTONE™

System belti fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 19.980,-




Eitt stjórnæki - með hleðslu - þú velur Slendertone sem hentar þér - Ekkert mál...!

allt fyrir kroppinn

HREYSTI

Skeifunni 19 - S. 568 1717

www.hreysti.is



Allir eiga sín leyndarmál.

MR. BROOKS

Óventasti sálfræðiryllir ársins.

www.Sambio.is 757 8900 *midí.is*

Shemmdilegustu vinurarnir í heimi eru mestar.



bratz

Mynd í anda Clueless og Mean Girls.



disturbia


Erðu að fara að gifta þig?
Þá viltu alls ekki lenda í honum!!!



KNOCKED UP


WILLIAMS MOORE KRAUSCHKI
LICENSE TO WED

Þrönglyndin gamanmynd með hinum enda sanna Robin Williams og ungstírninu Mandy Moore.



ÁSTRÓPÍA

Langmest sötta myndin á Íslandi í dag



ÁSTRÓPÍA

ÁLFABAKKA		
MR. BROOKS	kl. 5:30 - 8 - 10:30	16
MR. BROOKS VIP	kl. 8 - 10:30	
BRATZ	kl. 5:30 - 8 - 10:30	L
KNOCKED UP	kl. 5:20 - 8 - 10:40	12
DISTURBIA	kl. 8 - 10:30	14
ASTRÓPÍA	kl. 6 - 8 - 10:10	L
ASTRÓPÍA VIP	kl. 6	
RATATOUILLE MY-ÍS TAL	kl. 5:30	L
KRINGLUNNI		
MR. BROOKS	kl. 8 - 10:30	16
BRATZ	kl. 5:30 - 8	L
LICENSE TO WED	kl. 6 - 8	7
ASTRÓPÍA	kl. 6	L
BOURNE ULTIMATUM	kl. 10	14
TRANSFORMERS	kl. 10:30	DIGITAL 10

AKUREYRI		
BRATZ THE MOVIE	kl. 6	L
VACANCY	kl. 8 - 10	12
ASTRÓPÍA	kl. 6 - 10	L
VEDRAMÓT	kl. 8	14
KEFLAVÍK		
BRATZ THE MOVIE	kl. 8	L
KNOCKED UP	kl. 8 - 10:30	12
DISTURBIA	kl. 10:10	12
SELFOSÍ		
MR. BROOKS	kl. 8 - 10:30	16
LICENSE TO WED	kl. 8	7
BOURNE ULTIMATUM	kl. 10:10	14

Nýtt í bió

STÆRSTI SÖNGLEIKUR



ALLRA TÍMA

Sími: 553 2075
- bara lúxus






LAUGARÁSBÍÓ

Frá leikstjóra „THE 40-YEAR-OLD VIRGIN“
ÉIN ÖVJÆNTASTA GRÍNMYND AINSIS

★★★★
AFN - BLAÐIN

KNOCKED UP
HVERNIGGJAFU HANNA OG HANNAKINN
HVERNIGGJAFU HANNA OG HANNAKINN

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR		
HAIRSPRAY	kl. 5.30, 8 og 10.30	L
KNOCKED UP	kl. 6 og 9	14
DISTURBIA	kl. 5.45 og 10.20	14
THE BOURNE ULTIMATUM	kl. 8	14

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is

NÝTT Í BÍÓ!

L HAIRSPRAY EIN ÖVENTASTA GRÍNMYND ÁRSINS KNOCKED UP 14 ★★★★★ -A.F.B. Blaðið		16 ★★★★★ - L.I.B., Topp5.is EF ÞEIM TEKST EKKI AÐ SLEPPA ÞÁ VERÐA ÐAU FÖRNARLÖMB Í "SNUFF" MYND. VACANCY ÓHUGNANLEGASTI SPENNUTRYLLIR ÁRSINS!	
14 ★★★★★ -A.F.B. Blaðið		14 ★★★★★ -T.S.K., BLAðið ★★★★★ -E.E., -DV ★★★★★ R.H.-FBL ★★★★★ PANAMA.IS	
L		14	
L		54.000 manns L	
12		12	

SMÁRAA BÍÓ Sími 564 0000		REGNBÖGINN Sími 551 9000	
HAIRSPRAY	kj.5:30 - 8 - 10:30		
HAIRSPRAY LUXUS	kj.5:30 - 8 - 10:30	KL. 8 Sicko	
VACANCY	kj.8 - 10	KL. 10:30 Sicko	
VEDRAMÓT	kj.5:40 - 8		
KNOCKED UP	kj.8 - 10:40		
BRETTIN UPP ISL TAL	kj.4 - 6	VACANCY	kj.6 - 8 - 10
THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL	kj.3:45	VEDRAMÓT	kj.5:40 - 8 - 10:20
THE SIMPSONS MOVIE ISL TAL	kj.3:45	BRETTIN UPP ISL TAL	kj.6
RUSH HOUR	kj.5:50 - 10:20	THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL	kj.6 - 8 - 10
HASLOKLABÓ Sími 530 1919		Sími 462 3500	
HAIRSPRAY	kj.5:30 - 8 - 10:30	HAIRSPRAY	kj.5:50 - 8 - 10:20
VEDRAMÓT	kj.5:40 - 8 - 10:20	KNOCKED UP	kj.8 - 10:20
BRETTIN UPP ISL TAL	kj.6	BRETTIN UPP ISL TAL	kj.5:50
ASTRÓPIA	kj.6 - 8 - 10:10		
BOURNE ULTIMATUM	kj.8 - 10:30		

Ondricek til Íslands

David Ondricek, einn vinsælasti leikstjóri Tékklands, ætlar að svara spurningum á frumsýningu nýjustu myndar sinnar, Grandhotel, á alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík sem hefst 27. september.

Frumlegar gamanmyndir
Ondriceks hafa slegið hvert
aðsóknarmetið á fætur öðru í
Tékklandi. Þrjár nýjustu myndir
hans verða sýndar á kvikmynda-
hátíðinni og verður Ondricek
sérlegur gestur hennar. Kona

Ondriceks, leikkonan Klára Issová, leikur aðalhlutverkið í Grandhotel og mun hún einnig sækja frumsýningu myndarinnar. Issová er með þekktustu leiknonum Tékklands um þessar mundir.



DAVID ONDRICEK Einn vinsælasti leikstjóri Tékklands er á leiðinni til Íslands.

Hitar upp fyrir Kaiser Chiefs

Hafnirska hljómsveitin Jakobínarína hitar upp fyr- ir bresku rokkarana Kaiser Chiefs á mánaðarlangri tónleikaferð um Evrópu sem hefst 29. október.



MIKILL HEIÐUR Hljómsveitin Jakobínarína er á leiðinni í tónleikaferð með Kaiser Chiefs. Gunnar Ragnarsson söngvari segir þá koma til með að spila á mjög stórum stöðum, og aldrei fyrir færi en þrjú þúsund manns.

„Þetta verður mjög gaman. Við förum til Evrópu en við höfum ekki tíuáð þar áður,“ segir Gunnar Ragnarsson, söngvari Jakobínarínu, en hljómsveitin hitar upp fyrir Kaiser Chiefs á Evróputúr í næsta mánuði. „Við spilum á mjög stórum stöðum fyrir aldrei færri en þrjú þúsund manns þannig að þetta er ekkert nema hið besta mál.“ Gunnar segir þá félaga ekki vera aðdáendur Kaiser Chiefs en er engu að síður ánægður með þetta tækifæri.

Sveitirinnar spila í Dýskalandi, Sviss, Austurríki, Hollandi, Frakklandi og Englandi. Á meðal þekktustu laga Kaiser Chiefs, sem spilaði á síðustu Airwaves-hátíð, eru Ruby, I Predict a Riot og Everyday I Love You Less and Less. Fram að tónleikaferðinni spilar Jakóbínarína á fjölda tónleika í Bretlandi með hljómsveitunum To My Boy og The Cribbs. Auk þess spilar sveitin á Airwaves 19. október.

Jakobínarína fær fjórar og hálfu stjörnu af fimm möguleg-

um fyrir væntanlega plötu sína The First Crusade á tónlistarsíðunni Gigwise.com. Er henni líkt við sænsku rokkseitinna The Hives. Í dómmnum segir að Jakobínarinnar semji frábær pönk-índí lög og spili eins og sönn uppreisnarungmenninn sem orðin eru þreytt á leiðinlegu úthverfalifi sínu. Þeir hljóma eins og The Hives

hafi verið sleppt lausri í sælgæti-
isbúð. Hjá þeim snýst allt í æðis-
lega blöndu af poppuðum melód-
íum og snörpum gítarleik," segir í
dómnum.

Jakobinarína gefur út smáskífunu His Lyrics Are Disastrous næsta mánudag. Platan sjálf kemur síðan út 1. október.

freyr@frettabladid.is

Kynngimagnaður Anderson

Það var troðfullt Háskólabíó sem tók á móti Jethro Tull á laugardagskvöldið. Hljómsveitin var stofnuð fyrir fjörutíu árum og

það sást á áhorfendunum að margir þeirra höfðu fylgt henni frá fyrstu tíð. Jethro Tull var á tónleikunum skipað þeim Ian Anderson sem söng spilaði á flautu, gítar og munnhórpu, bassaleikaranum David Goodier, trommuleikaranum Doane Perry, gítarleikaranum Florian Opahle og John O'Hara sem spilaði á hljómborð og harmóníku. Allir meðlimirnir eru nýliðar í Tull fyrir utan auðvitað Ian sjálfan og Doane Perry sem hefur verið í sveitinni í aldarfjórðung. Upprunalegi gítarleikarinn Martin Barre, sem spilaði með Tull á fyrri helmingi yfirstandandi tónleikaferðalags, var ekki með, en í stað hans kominn hinn þýski 23 ára gamli Florian. Hann var aðeins 19 ára þegar hann byrjaði að vinna með Ian Anderson. Þrátt fyrir ungan aldur er hann spenglærður, nam m.a. hjá Al DiMeola.

Tónleikarnir hófust á laginu
 Someday The Sun Won't Shine
 For You, blús af fyrstu plötu Tull
 sem Ian og Florian spiluðu saman
 tveir einir og strax í fyrsta lagi
 sýndi Ian stjórnutakta á munn-
 hörpunu. Næst kom My Sunday
 Feeling af sömu plötu og svo hitt-
 arinn Living In The Past. Það
 rann upp fyrir mér þegar það
 leið á tónleikana að Ian er algjör-
 lega einstakur í rokksgöngunni.
 Lagasmíðarnar eru sambland af
 ólíkri tónlist: - rokki, þjóðlögum,

djassi og klassík og flautuleikurinn og sviðstilþriffin hjá forsprakkanum gera hann ólíkan öllum öðrum.

Jethro Tull spilaði mörg af sínum þekktustu verkum fyrir hlé, m.a. Thick as a Brick, Jack-In-The-Green, Mother Goose, Sweet Dream og Bourré, en líka eitt nýtt lag, The Donkey & The Drum.

Allir meðlimirnir stóðu sig vel, en Jethro Tull stendur og fellur að sjálfsgöðu með Ian sjálfum. Hann er mikið sviðsdýr, segir sögur og brandara á milli laga, sveiflar sér á öðrum fæti og hleypur um sviðið með þverflautuna. Söngroðdin er aðeins farin að gefa sig eins og hjá fleiri söngvurum sem hafa verið jafn lengi að, en áhuginn og ákefðin bæta það margfalt upp. Hann gefur sig thundrað prósent í sjóid og það er unun að fylgjast með honum fara hamförm á flautunni.

Á meðal hápunkta eftir hlé voru löginn *Nothing Is Easy*, Budapest og *America*, en útgáfan af því lagi er fengin frá Keith Emersson og hljómsveitinni *Nice* og var sérstaklega tilþrífamikil með ótal stefnum úr bandarískri tónlist og mögnuðu samspili þverflautu og gítars. Samspil Íans og Florians á tónleikunum var reyndar oft mjög skemmtilegt. Frægasta Jethro Tull lagið *Aqualung* var flutt í óhefðbundinni og frekar lágstemmri útgáfu og þó að það hafi verið flott var það ekki sá hápunktur sem það hefði kannski orðið annars.



FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

TÓNLEIKAR

Jethro Tull

Háskólabíó 15. september

★★★★

Jethro Tull sveik engan á frábærum tónleikum í Háskólabíói á laugardagskvöldið. Ian Anderson gaf sig hundrað prósent í sjóíð, sagði sögur og brandara á milli laga og fór hamförum á þverflautinni.

Eftir upplapp tók sveitin svo eitt lag í viðbót og eftir átján lög og rúma tvo tíma héldu tónleikagestir á braut, sáttir að sjá flestir og rúmlega það. **Trausti Júlíusson**

Trausti Júlíusson

Moore gefur út bók Aðdáandi frá þriggja ára aldri

Leikkonan Julianne Moore hefur skrifað barnabók um litla rauð-hærða, freknótta stúlku sem er lögð í einelti. Bókin er byggð á æsku Moore, sem er sjálf rauð-hærð og freknótt. Kvalarar litlu stúlkunnar stríða henni svo mjög að hún ákveður að ganga með lambhúshettu í skólanum, áður en hún áttar sig á því að það er allt í lagi að vera öðruvísi, þar sem það séu hvort eð er allir. Bókin hefur hlotið nafnið Freckleface Strawberry, sem útleggst um það bil „Frecknufés jarðarber“ á íslensku.

Moore hefur látið uppi að sumar setninganna sem stúlkan þarf að hlýða á eru teknar úr hennar eigin minningabanka. „Stór hluti bókarinnar byggir á minni eigin



FREKNUFÉS Leikkonan Julianne Moore hefur skrifað barnabók um litla stúlku sem er strítt á freknum og rauðu hári. Hún byggir að mörgu leyti á reynslu Moore.

NORDICPHOTOS/GETTY

reynslu,“ segir Moore. Bókin kemur út í næstu viku.

Hljómsveitin Sign hitar upp fyrir bandarísku rokk sveitina Skid Row á tónleikaferð hennar um Bretland í nóvember. Sveitirnar spila á tólf tónleikum og verða þeir fyrstu í London 13. nóvember.

„Ég er búinn að vera aðdáandi síðan ég var þriggja ára. Þá byrjaði ég að hlusta á Skid Row þegar ég fór að stelast í plötusafnið hjá eldri frænda mínum,“ segir Ragnar Sólberg, söngvari Sign. „Þetta er algjör draumur að rætast. Ég er eiginlega ekki alveg búinn að kaupa konseptið.“

Sign endurgerði lag sveitarinnar, Youth Gone Wild, fyrir safndisk á vegum tímaritsins Kerrang! sem kom út fyrr á þessu ári. Eftir það fór boltinn að rúlla. „Þeir voru að



SIGN Rokkarar í Sign hita upp fyrir Skid Row á væntanlegri tónleikaferð um Bretland.

fara að túra í Englandi og við ákváðum að spyrja hvort við mættum fara með. Þeir hlustuðu á plötuna okkar og heyrðu „cover-ið“ og leist svona vel á og buðu okkur að

koma með,“ segir hann. „Ég held að þetta verði alveg geðveikt. Við eigum eftir að eignast fullt af nýjum aðdáendum á þessu.“

Skid Row, sem gerði garðinn frægan undir lok níunda áratugarins, hefur selt um tuttugu milljónir plátna. Sveitin hefur gengið í gegnum töluverðar breytingar á undanförnum árum og skartar nýjum söngvara í stað Sebastians Bach og nýjum trommara.

Sign er um þessar mundir að ljúka við sína nýjustu plötu sem hefur fengið nafnið The Hope. Ragnar er á leiðinni í hljóðver á næstunni til að taka upp sönginn á plötunni með aðstoð Ken Thomas, sem hefur starfað náið með Sigur Rós um árin.

-fb

FRÉTTIR AF FÓLKI

Talið er að framleiðendur James Bond-myndanna hafi hætt við að fá breska vandræða-gemlinginn **Amy Winehouse** til að syngja næsta Bond-lag. Ástæðan er slæm hegðun hennar upp á síðkastið. Orðrómur var uppi um að Winehouse hafi átt í viðræðum við framleiðendurna um að syngja lagið og hugsanlega koma fram í myndinni sem söngkona en nú virðist sem snurða hafi hlaupið á þráðinn.



Hjartaknúsanum **Brad Pitt** finnst hann vera berskjaldaðari en áður eftir að óður aðdáandi reyndi að stökkva á hann á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum. „Það hefur ekki verið ráðist svona á mig lengi. Það segir mér að ég er berskjaldaður. Ég hef hugsað um þessa hluti en ég vil ekki breyta lífsstíl mínum til að komast hjá svona uppákomum,“ sagði Pitt. „Það hefur líka verið brotist inn í húsið mitt og ég er að glíma við eitt slíkt mál núna.“



Rollingurinn **Mick Jagger** og **Mark Knofler** úr Dire Straits eru á meðal þeirra tónlistarmanna sem ætla að leggja peninga í fyrsta smáskífulagið sem hefur verið tekið upp á stríðshráðu svæði. Lagið heitir Living Darfur og var tekið upp af breska rapparanum Mattafix í flóttamannabúðum í Darfur-héraði til að vekja athygli á ástandinu þar, sem hefur hríðversnað frá 2003.



Stærsta safn heimsins af árituðum bókum um galdrastrákinn **Harry Potter** verður boðið upp á eBay í þessari viku. Höfundurinn J.K. Rowling áritaði bækurnar og eru þær taldar svo verðmætar að þær eru geymdar á lögreglustöð í Aberdeen í Skotlandi. Allur ágóði af sölu bókanna rennur til góðgerðarsamtaka sem dreifa bókum til barna í áttatíu löndum.





FLUGFÉLAG ÍSLANDS

→ flugfelag.is

Njóttu dagsins - taktu flugið



Aðeins nokkur skref á Netinu og þú ferð á loft

Það getur ekki verið auðveldara. Þú bókar flugið á flugfelag.is þar sem þú finnur ódýrustu fargjöldin og að auki frábær tilboð.

Njóttu dagsins, taktu flugið og smeltu þér á flugfelag.is

ÍSLENSKA SÍÐA 18. SEPTEMBER 2007

> **Nína Ósk hætt í bili**

Nína Ósk Kristinsdóttir lék sinn síðasta leik með Valsliðinu í gær því þessi 22 ára framherji hefur ákveðið að taka sér hvíld frá fótbolta. „Þetta var síðasta leikurinn í bili, ég þori ekki að segja neitt annað. Ég er orðin þreytt og langar að gera eitthvað annað,” segir Nína, sem jatar að ástæðan sem sú mikla vinna sem er á bak við árangur Valsliðsins. „Það er ekkert auðvelt að vera í val. Þetta er samt búinn að vera rosalega skemmtilegur tími og ég sé alls ekki eftir þessu,” sagði Nína Ósk, sem skoraði 15 mörk í 15 leikjum í Landsbankadeildinni í sumar og var aðeins einu marki frá því að tryggja sér bronsskóinn.

sport
sport@frettabladid.is

**GUÐLAUGUR ARNARSSON: FARINN AÐ SPILA SÓKNARLEIK AF FULLUM KRAFTI Á SEINNI HLUTA FERILSINS****Per Carlén kennir Guðlaugi að spila á línunni**

Keppnistímabilið í sænska handboltanum hefst á morgun. Tveir Íslendingar – Guðlaugur Arnarsson og Valdimar Þórsson – leika með nýliðum HK Malmö sem er stýrt af einum dádasta handknattleiksmanni Svía í seinni tíð, Per Carlén. Fyrsti leikurinn er gegn Ystad en með því liði leikur efnilegasti handknattleiksmaður Svía, Oscar Carlén, sem er einmitt sonur Pers. Oscar er þó ekki línumaður eins og faðir hans heldur stórskytta sem Svíar halda vart vatni yfir.

Húsvíkingurinn sterki Guðlaugur fær það verkefni að halda aftur af Oscar í leiknum. Guðlagur hefur hingað til fyrst og fremst getið sér gott orð fyrir varnarleik en hann er farinn að spila sóknarleik með Malmö. Carlén lætur hann spila á línunni í sókninni og ætla sér að kenna Guðlaugi öll þau töfbrögð sem hann hefur lært í gegnum tíðina.

„Kallinn sagði strax við mig að ég ætti að spila vörn og sókn. Hann sagði að ég hefði skrokkin í dæmið en þyrfti að læra að hreyfa mig rétt og það er ekki ónýtt að fá leiðsögn frá eins góðum línumanni og Carlén,” sagði Guðlaugur en

honum hefur gengið vonum framár í sóknarleiknum, skorað grimmt og oftar en ekki meira en félagi hans Valdimar sem var markahæsti leikmaður íslenska boltans síðasta vetur.

Carlén hefur látið lærisveina sína æfa duglega í sumar og Guðlaugur segist sjaldan eða aldrei hafa kynnst öðru eins. „Það er búið að vera mjög þungt og strembið hjá honum, ég var síðast í svona góðu formi í kringum tvítugt. Það er talsvert síðan það var,” sagði Guðlaugur léttur en hann ber sænsku goðsögninni vel söguna.

„Hann er mjög fagmannlegur í öllu sem hann gerir. Hann er strangur og ákveðinn á æfingum en hann man samt eftir félagslega þættinum enda fyrrum fyrirliði sænska landsliðsins þannig að hann veit hvað þarf að vera í lagi. Hann leggur upp með að hópurinn geri ákveðna hluti saman.” Þar sem Malmö er nýliði í deildinni er stefnan sett á að festa sig í sessi en Malmö gæti komið á óvart enda átta nýir leikmenn í liðinu.



LEIÐIR SÖNGINN Katrín Jónsdóttir fyrirliði Vals í sigursöngnum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Katrín Jónsdóttir, fyrirliði Vals:

Allt opið í Evrópukeppninni

FÓTBOLTI Katrín Jónsdóttir, fyrirliði nýkrýndra Íslandsmeistara Vals í fótbolta, telur möguleika Valsstúlkna ágæta í Evrópukeppni kvenna. „Við förum í alla leiki til þess að ná í þrjú stig og við sjáum til hversu langt það skilar okkur, en að mínu mati er allt opið í þessum riðli.“

Valsstúlkur leika í milliriðli í Evrópukeppninni sem fram fer í Belgíu dagana 11.-16. október næstkomandi.

- óþ



GAMAN Margrét Lára Viðarsdóttir í góðum hópi í gleðinni í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Margrét Lára Viðarsdóttir:

Óvíst með framhaldið

FÓTBOLTI „Ég er himinlifandi með sumarið, fyrir utan bikarleikinn á móti Breiðabliki kannski, en ég held að hann hafi hjálpað okkur til þess að verða hungraðri fyrir deildartitlinum,” sagði Margrét Lára Viðarsdóttir eftir sigur Vals í gær en hún er óviss um framhaldið.

„Ég sagði í fyrra að ég væri búin að spila síðasta tímabilið með Val, þannig að ég held að það sé best að segja sem minnst um það núna. Næsta verkefni er Evrópukeppnin með Val og við erum í riðli með sterkum liðum, en ef við ætlum að verða Evrópumeistarar verðum við að vinna sterk lið, þannig að þetta er mikil áskorun,” sagði Margrét.

- óþ

Valskonur kláruðu titilinn með stæl

Elísabet Gunnarsdóttir hefur gert Val þrisvar sinnum að Íslandsmeisturum á síðustu fjórum árum en segir titilinn sem liðið vann í gær þann sætasta. Margrét Lára bætti þremur mörkum við markametið sitt.

FÓTBOLTI Valur er Íslandsmeistari kvenna í þriðja sinn á fjórum árum eftir 10-0 sigur á Þór/KA í lokaleiknum.

Valsliðið setti með því nýtt markamet því mörkin urðu alls 88, einu meira en liðið skoraði í fyrra. Margrét Lára skoraði þrennu í gær og bætti einnig markamet leikmanns um fjögur mörk, Valsliðið bætti stigamet um fjögur stig og var síðan aðeins einu marki frá því að jafna metið yfir bestu markatöluna. Mörkin í leiknum voru flest af glæsilegri gerðinni en þau fallegustu skoruðu bakverðirnir Hallbera Gísladóttir og Sif Atladóttir með þrumuskotum. Málfríður Sigurðardóttir skoraði tvö skallamörk, Katrín Jónsdóttir kom Valsliðinu á bragðið eftir átta mínútna leik og þær Vanja Stefanovic og Nína Ósk Kristinsdóttir skoruðu eitt mark hvor.

„Það voru vissulega vonbrigði að detta út úr bikarnum en að vinna Íslandsmeistaratitlinn er alltaf toppurinn. Stór hluti hópsins er búinn að vera saman í fjögur ár og við erum búnar að vinna þrjá Íslandsmeistaratitla,” sagði Elísabet Gunnarsdóttir, sem hefur þjálfað Valsliðið öll þessi fjögur ár. „Þetta er sætasti sigurinn á mínum ferli,” segir Elísabet og bætir við:

„Við erum með rosalega sterka liðsheild, er með sigurvegara í liðinu sem kunna að vinna og svo frábært þjálfaralið. Við erum fjögur að vinna saman í þessu og ég hef lagt mikla áherslu á að hafa sterkt þjálfaralið í kringum hópinn sem er jafnframt stærri en hann hefur verið áður. Við höfum verið að vinna með 20 leikmenn og samkeppnin er gríðarleg hörð bæði inn í hóp og inn í liðið. Það sést kannski best á því að Nína Ósk Kristinsdóttir sem var að berjast



ANNAD ÁRIÐ Í RÖÐ Katrín Jónsdóttir, fyrirliði Vals lyftir Íslandsbikarnum annað árið í röð eftir 10-0 sigur á Þór/KA í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

um bronsskóinn er búin að vera út úr liði,” segir Elísabet, sem veit hver var mikilvægasti tímapunkturinn fyrir Valsliðið í sumar.

„Ósigurinn á móti Breiðabliki var vendipunkturinn á okkar tímabili. Ég var hræðileg í öllum undirbúningi fyrir þann leik og mig var farið að skorta hungur og gleði og það smitaðist út til leikmannana. Við komust að sameiginlegri niðurstöðu þá að það væri tími til að gera eitthvað í hlutunum og eftir þann góða fund þá höfum við spilað frábærlega,” sagði Elísabet en frá þessu bikartapi í átta liða úrslitum 12. júlí hafa Valsstelpurnar unnið tólf leiki í röð í deild og Evrópukeppni með markatölunni 75-5.

Margrét Lára Viðarsdóttir bætti þremur mörkum við markamet sitt í gær auk þess að leggja upp þrjú til viðbótar. Hún endaði sumarið með 38 mörk í 16 leikjum og hefur þar með skorað 179 mörk í 86 leikjum fyrir Val í öllum keppnum á síðustu þremur sumrum.

ooj@frettabladid.is

LANDSBANKADEILDIN

Valur-Þór/KA	10-0
Keflavík-KR	0-4
Olga Færseth 2, Hólmfríður Magnúsdóttir 2.	
Fylkir-Breiðablik	2-2
ÍR-Stjarnan	0-5

LOKASTAÐAN

Valur	16	15	1	0	88-7	46
KR	16	14	1	1	73-17	43
Breiðablik	16	9	2	5	36-35	29
Keflavík	16	7	1	8	30-38	22
Stjarnan	16	6	3	7	28-30	21
Fylkir	16	3	4	9	21-40	13
Fjölnir	16	3	4	9	15-35	13
Þór/KA	16	4	1	11	17-52	13
ÍR	16	2	1	13	16-70	7

Riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu hefst í kvöld - Liverpool og Chelsea verða í eldflunni:

AC Milan hefur titilvörnina gegn Benfica

FÓTBOLTI Meistaradeildin hefst að nýju í kvöld með nokkrum athyglisverðum leikjum. Helst ber að nefna að Liverpool á erfiðan útleik gegn Porto, Chelsea mætir Rosenborg á heimavelli og AC Milan hefur titilvörn sína á heimavelli gegn Benfica.

Fróðlegt verður að sjá hvort að Liverpool nái að hnekkja á því taki

sem Porto virðist hafa á enskum liðum á heimavelli sínum, Dreka-leikvanginum, en Porto hefur ekki tapað þar í síðustu níu leikjum sínum gegn enskum liðum.

Liverpool verður án John Arne Riise, Mohamed Sissoko og Harry Kewell, en Fabio Aurelio verður í hópnum á ný eftir meiðsl.

Chelsea verður að teljast sigurstranglegt gegn Rosenborg á

heimavelli sínum Stamford Bridge en José Mourinho, þjálfari Chelsea, á þó von á erfiðum leik.

„Þeir eru litla liðið í riðlinum sem engin pressa er á og þess vegna verður þetta eflaust erfiður leikur fyrir okkur.“

Ekki er víst hvort Didier Drogba verði leikfær með Chelsea, en Frank Lampard verður líklega klár í slaginn á nýjan leik eftir meiðsl.

AC Milan hefur titilvörn sína gegn Benfica á heimavelli sínum San Siro í kvöld og stefnir liðið væntanlega á að verða fyrst til að vinna Meistaradeildina tvö ár í röð síðan keppnin hófst með núverandi sniði árið 1993.

AC Milan var síðasta liðið til að vinna Evrópukeppni meistaraliða tvö ár í röð, þegar liðið vann keppnina árin 1989 og 1990. Benfica, með Rui Costa fyrrverandi leikmann AC Milan innanborðs, hefur enn fremur ekki sótt gull í



BIKARINN EFTIRSÓTTI Meistaradeildin hefst að nýju í kvöld þar sem bestu lið Evrópu eigast við með tilheyrandi tilþrifum.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

greipar ítalskra liða undanfarin ár og tapað í átta af síðustu níu heimsóknnum sínum til Ítalíu.

AC Milan verður að öllum líkindum án Andrea Pirlo, sem er að ná sér af meiðslum og Benfica mun eflaust sakna miðjumannsins Petit sárt, en hann verður frá keppni á næstunni vegna meiðsla.

- óþ

Loftpressur

Mikið úrval loftpressa fyrir iðnfyrirtæki, iðnaðarmenn og í bílskúrinn. Hagstætt verð.

ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI



ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is



C4

Citroën C4 segir allt um hönnun Frakka

Franskur frakki og Frakki eiga það sameiginlegt að hvor um sig hlífir manni við óþægindum. Franskur frakki segir allt um hönnun Frakkans. Og þann sem í honum er. Sjáðu franska hönnun. Vertu í Citroën C4 Saloon. Komdu í Brimborg. Berðu saman bíla. Sjáðu verðið.

Verð aðeins frá kr. 2.069.000

Citroën C4 Saloon SX 1,6i 5 dýra 5 gíra 110 hð*

Komdu í Brimborg í dag



Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað

Spurðu um hvað
fyrirmyndarþjónusta Brimborgar
þýðir fyrir þig



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



Valur

Laugardalsv., áhorf.: 1138

2-2

 Kristinn Jakobsson (6)



ÍA

1-0 Atli Sveinn Þórarinnsson (29.)

1-1 Björn Bergmann Sigurðsson (65.)

1-1 Björn Bergmann Sigurðsson (71.)

2-2 Pálmi Rafn Pálmason (75.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)

13-9 (6-4)

Varin skot

Kjartan 2 – Páll Gísli 4

Horn

8-2

Aukaspjrnur fengnar

21-18

Rangstöður

4-1

VALUR

4-4-2

Kjartan Sturluson

5

Páll Gísli Jónsson

6

Birkir Már Sævarss

5

Árni Thor Guðmunds

6

Barry Smith

6

Dario Cingel

7

Atli Sveinn

6

Heimir Einarsson

6

René Carlsen

5

Kári Steinn Reyniss

7

Baldur Adalsteins

6

Guðjón Heiðar

6

Sigurbjörn Hreiðars

6

Bjarni Guðjónsson

5

(81., Hafþór /Egir -)

Jón Vilhelm Ákason

4

Pálmi Rafn Pálma

6

Andri Júlíusson

7

Bjarni Ólafur Eiríks

4

Vjekosl. Svadumovic

6

(86., Dennis Bo -)

***Björn Bergmann**

8

Guðmundur Ben.

5

Helgi Sigurðsson

4

**Maður leiksins*

LANDSBANKAÐEILDIN

STAÐAN

FH	16	10	4	2	39-23	34
Valur	16	9	5	2	38-20	32
ÍA	16	7	5	4	30-24	26
Fylkir	16	7	4	5	18-17	25
Breiðablik	16	5	7	4	26-17	22
Keflavík	16	5	5	6	23-25	20
HK	16	4	3	9	16-33	15
Fram	16	3	5	8	22-28	14
Vikingur	16	3	5	8	14-26	14
KR	16	3	5	8	15-28	14

MARKAÐÆSTIR

Jónas Grani Garðarsson, Fram	11
Helgi Sigurðsson, Val	11
Tryggvi Guðmundsson, FH	8

Valsliðið missti af gullnu tækifæri

Valsmenn nýttu ekki gullið tækifæri á að komast í toppsæti Landsbankadeildarinnar þegar ÍA kom í heim-sókn í Laugardalinn. Lokatölur 2-2 og Valur því enn í öðru sæti deildarinnar.

FÓTBOLTI Valur fékk gullið tækifæri til að hrifsa toppsæti Landsbankadeildarinnar af FH, sem hefur setið sem fastast á toppnum síðan í júlí árið 2004. Það tækifæri fór forgörðum hjá Hlíðarendaliðinu þar sem það fékk aðeins eitt stig í rímmunni við Skagamenn í Laugardal.

Fyrrihálfleikur í Laugardalnum í gær var tilprifalfétt. Skagamenn lágu sem fyrr frekar aftarlega og Valsmenn voru þess utan varkárir í sóknaraðgerðum sínum enda hafa skyndisóknir Skagamanna verið baneitraðar í sumar.

Fyrsta færið kom ekki fyrr en eftir rúmlega 20 mínútna leik þegar Atli Sveinn fékk frian skalla í teignum en hann skallaði yfir. Atli gerði betur nú mínútum síðar þegar Páll Gísli gerði sig sekan um slæm mistök í teignum, boltinn féll fyrir fætur Atla sem skoraði örugglega.

Þetta reyndist vera eina skotið í fyrri hálfleik sem fór á markið, sem segir umtalsvert um þann sóknarbolta sem var í boði í fyrri hálfleiknum.

Skagamenn bættu aðeins í sóknarleikinn í kjölfar marksins en hann var ómarkviss. Stanslausar háar sendingar í teiginn voru léttir æfingaboltar fyrir Kjartan í markinu, sem var á tánum.

Það var sama deyfðin yfir leiknum framan af síðari hálfleik en um miðjan hálfleikinn hitnaði loksins í kolunum þegar Andri Júlíusson átti frábæra sendingu fyrir markið sem Björn Bergmann skilaði í netið. Aðeins sex mínútum síðar skoraði Björn glæsilegt skallamark eftir



MIKIL BARÁTTA Skagamenn börðust fyrir öllum boltum í gær. Hér skallar Árni Thor Guðmundsson boltann frá en maður leiksins, Björn Bergmann Sigurðsson, er honum á vinstri hönd.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

sendingu Guðjóns Heiðars. Tvö mörk hjá Skagamönnum úr nánast einu alvöru sóknunum þeirra í leiknum.

Valsmenn létu það ekki slá út af laginu og Pálmi Rafn jafnaði leikinn fjórum mínútum síðar þegar hann tók frákast í teignum. Nokkuð líf var í báðum liðum það sem eftir lifði leiks en inn vildi boltinn ekki og liðin skiptust því á jafnan hlut, sem var sanngjörn niðurstaða þegar upp var staðið.

„Í það heila er ég nokkuð sáttur en þó ósáttur við þann kafla þegar

við fáum á okkur tvö mörk,“ sagði Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, sem var ekki sáttur við Kristín Jakobsson dómara. „Guðjón Þórðarson tók Kristín Jakobsson á taugum. Eftir það var aldrei spurning á hvort liðið hallaði í öllum vafaatriðum. Jafntefli gerir það samt að verkum að næsti leikur gegn FH er úrslitaleikur og það er styrkur.“

Guðjón Þórðarson, þjálfari ÍA, var nokkuð sáttur í leikslök. „Fyrir fram hefði ég verið nokkuð sáttur við jafntefli en úr því sem

komuð var hefðum við vel getað unnið leikinn. Við komum sterkir til baka eftir að hafa lent undir og það var ekki mikið í kortunum hjá Völsurum og þeir skora sín mörk úr föstum leikatriðum,“ sagði Guðjón, sem er sáttur við tímabilið hjá sínum mönnum.

„Árangur okkar í sumar er langt fram úr þeim væntingum sem til liðsins voru gerðar. Við gerðum ráð fyrir að vera í fallslagnum en svona er þetta í fótboltanum. Það er ekki hægt að búast við neinu.“

- hbg / - óp

Sautján ára landslið kvenna í riðlakeppni EM:

Fimma Berglindar

FÓTBOLTI Blikastúlkan Berglind Björg Þorvaldsdóttir skoraði fimm mörk fyrir íslenska 17 ára landsliðið sem vann 7-1 sigur á Lettum í fyrsta leik sínum í riðlakeppni Evrópumótsins en keppni hófst í Slóveníu í gær.

Staðan var 5-0 fyrir Ísland í hálfleik og Lettarnir skoruðu síðan lokamark leiksins úr víti. Hin mörk íslenska liðsins skoruðu fyrirliðinn Dagný



MISSTI AF FÖGN-UBINUM Valsstelpa Dagný Brynjarsdóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Brynjarsdóttir og félagi Berglindar úr Breiðabliki, Sigrún Inga Ólafsdóttir.

Dagný, sem varð í gærkvöldi Íslandsmeistari með Val, gat ekki fagnað með félögum sínum þar sem hún er úti með landsliðinu. Næsti leikur liðsins er svo við Slóveníu á miðvikudag og lokaleikurinn er á laugardag þegar leikið verður gegn Úkraínu.

- óbj

Iceland Express-deild kvenna í körfubolta:

Makedónísk landsliðskona til Fjölnis

KÖRFUBOLTI Nýliðar Fjölnis í Iceland Express-deild kvenna hafa samið við makedóníska bakvörðinn Slavica Dimovska um að spila með liðinu í vetur.

Dimovska er 22 ára landsliðskona sem hefur spilað við góðan orðstír með Triglias í grísku úrvalsdeildinni undanfarin tvö tímabil. Triglias féll síðasta vor og Dimovska elti kærasta sinn til Íslands en hann er Dimitar Karadzovski, núverandi leikmaður Stjörnunnar.

Dimovska var með 5,7 stig að meðaltali með Makedóníu í b-deild Evrópukeppninnar 2005 en hún vakti mikla athygli með sextán ára landsliðinu í Evrópukeppninni 2003 þegar hún skoraði 33 stig og gaf 6 stoðsendingar í leik gegn Úkraínu í milliriðli keppninnar.

Dimovska er leikstjórnandi með gott þriggja stiga skot og mun örugglega hjálpa nýliðum Fjölnis að stiga sín fyrstu skref. Hún var fimmti stigahæsti leikmaður grísku deildarinnar í fyrra með



KÆRASTAN KOMIN Dimitar Karadzovski er kominn til Stjörnunnar og kærasta hans er á leiðinni í Fjölni.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR

22,6 stig og var einnig í fjórða sæti í stoðsendingum.

Fjölnir mun ekki tefla fram bandarískum leikmanni til að byrja með. Gréta María Grétarsdóttir mun þó spila með liðinu en hún hefur tekið sér frí undanfarin ár lék með liðinu seinni hluta síðasta veturs.

- óbj



RENAULT

Leiðtogar verða ekki til fyrir tilviljun



Renault Master Verð frá kr. 3.080.000 Verð frá kr. 2.473.896 án vsk. Fjármögnunarleiga kr. 47.332 Fjármögnunarleiga kr. 38.018 án vsk.	Renault Trafic Verð frá kr. 2.380.000 Verð frá kr. 1.911.646 án vsk. Fjármögnunarleiga kr. 37.345 Fjármögnunarleiga kr. 29.996 án vsk.	Renault Kangoo Verð frá kr. 1.670.000 Verð frá kr. 1.341.365 án vsk. Fjármögnunarleiga kr. 26.386 Fjármögnunarleiga kr. 21.194 án vsk.	 ATVINNUBÍLAR FYRIRTAÐJAFJÖLNUSTA
---	---	---	---

www.renault.is

www.atvinnubilar.is

B&L Atvinnubílar - Grjóthálsi 1 - Sími 575 1200 - Ráðgjafasími 575 1224/25 - www.bl.is

Í KVÖLD KL. 18:30

PORTO
LIVERPOOL

MEISTARADEILDIN



UEFA
CHAMPIONS
LEAGUE®

STERKASTA

DEILD

Í HEIMI

Í KVÖLD KL. 18:30

Porto - Liverpool Sýn
AC Milan - Benfica Sýn Extra
Real Madrid - Werder Bremen Sýn Extra 2

Á MORGUN KL. 18:30

Sporting - Man. Utd. Sýn
Arsenal - Sevilla Sýn Extra
Barcelona - Lyon Sýn Extra 2

Upphitun hefst kl. 18:00
Umfjöllun um alla leiki kvöldsins kl. 20:40



SYN
besta sætið

ÓDÝRARA Á NETINU
Gakktu frá áskrift á Netinu
og fáðu 30% afslátt af
fyrsta mánuðinum.

Ashley Judd

Ashley Judd fæddist í Kaliforníu. Móðir hennar og systir eru báðar kántrísöngkonur, en sjálf sótti hún í leiklistina. Judd hefur leikið í myndum á borð við Double Jeopardy, Someone Like You og De-Lovely. Judd er gift kappakstursmanninum Dario Franchitti. Þau búa til skiptis í Skotlandi og á sveitabýli sínu í Tennessee. Judd leikur Lindu Porter í De-Lovely, á dagskrá Stöð 2 Bíó í dag.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ INDIÁNA ÁSA HREINSDÓTTIR FÆR AULAHROLL YFIR SAVING GRACE

Ófynðið íslenskt grín



SAVING GRACE Ætli leikaravalið hafi staðið milli Holly Hunter og Bruce Willis?

Horfði bæði á fyrsta þátt vetrarins af Spaugstofunni og fyrsta þáttinn af Næturvaktinni núna um helgina og varð fyrir vonbrigðum með báða þættina. Ég hef aldrei verið mikill aðdáandi Spaugstofunnar en ég get ekki séð að fjarvera Randvers reddi miklu. Hins vegar hef ég lengi verið aðdáandi þeirra Jóns Gnarr og Péturs Jóhanns Sigfússonar en fannst ekkert varið í þeirra þátt heldur. Held samt í vonina um að þessi fyrsti þáttur sé ekki vísbending um það sem koma skal í vetur og ætla að gefa þættinum annað tækifæri. Sem betur fer er samt enn þá hægt að stóla á að Stelpurnar séu myndnar og skemmtilegar auk þess sem Tekinn 2 virðist ætla að standa fyrir sínu. Þátturinn Men In Trees hefur heldur betur skánað eftir því sem liðið hefur á seríuna. Nú er ég alveg á bömmum yfir að hún skuli senn vera

langan tíma. Skil ekki val þeirra á Stöð 2 að sýna leiðindavælið Weed. Þátturinn hefur að vísu sópað til sín einhverjum verðlaunum en hann gerir ekkert fyrir mig. Er það bara ég eða meikar aukakrónu-auglýsing Landsbankans engan sens?

EKKI MISSA AF



► 20.55 Danmerkurleiðangurinn Sjónvarpið



► 21.00 Justice Stöð 2



► 22.00 Confidence Stöð 2 bíó



► 21.15 Windfall Sirkus



► 20.00 According to Jim Skjár einn

SJÓNVARPIÐ

- 15.40 Sportið
- 16.05 Út og suður (16:16)
- 16.35 Leiðarljós
- 17.20 Táknmálsfréttir
- 17.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin (27:52)
- 17.55 Geirharður bojing bojing (14:26)
- 18.15 Sögurnar hennar Sölu (12:13)
- 18.25 Nægtaborð Nigellu (1:13) e.
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.10 Mæðgurnar (9:22) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistihús í smábæ í Connecticut-fylki og dóttur hennar á unglingaldri. Aðalhlutverk: Lauren Graham, Alexis Bledel, Keiko Agena og Yanic Truesdale.
- 20.55 Danmerkurleiðangurinn (5:5) Dönsk heimildabáttaröð um leiðangur 28 manna til norðaustur Grænlands í fótspor leiðangurs sem þangað fór 1906.
- 21.25 Leiðin til himins Danskur þáttur um mótorhjólagaup sem fer um Danmörku, kynnir biblíuna og boðar kristna trú.
- 22.00 Tiufréttir
- 22.25 Dauðir rísa (8:12) Breskur saka-málaflokkur um Peter Boyd og félagar hans í þeirri deild lögreglunnar sem rannsakar eldri mál sem aldrei hafa verið upplýst. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
- 23.20 Soprano-fjölskyldan (8:21) e.
- 00.15 Kastljós
- 00.50 Dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

- 06.05 The Girl Next Door
- 08.00 De-Lovely
- 10.05 Meet the Fockers
- 12.00 Adventures of Shark Boy and Lava Girl
- 14.00 De-Lovely
- 16.05 Meet the Fockers
- 18.00 Adventures of Shark Boy and Lava Girl
- 20.00 The Girl Next Door
- 22.00 Confidence Aðalhlutverk: Edward Burns, Rachel Weisz, Dustin Hoffman.
- 00.00 The Full Monty
- 02.00 A Fistful of Dollars
- 04.00 Confidence



- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.10 Oprah
- 08.55 Í finu formi 2005
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 Wings of Love (22:120)
- 10.15 Sisters (9:24)
- 11.00 Whose Line Is It Anyway
- 11.25 Örlagadagurinn (7:14)
- 12.00 Hádegisfréttir
- 12.45 Nágrannar
- 13.10 Homefront (12:18)
- 13.55 Studio 60 (14:22)
- 14.40 Las Vegas (6:17)
- 15.25 Whose Line Is It Anyway? 4
- 15.55 Barnatími Stöðvar 2 (15:22)
- 17.30 The Bold and the Beautiful
- 17.55 Nágrannar
- 18.20 Ísland í dag og veður
- 18.30 Fréttir
- 19.25 Simpsons (21:21)
- 19.50 Friends (2:24)
- 20.15 Extreme Makeover: Home Edition (15:32) Hebert-fjölskyldan samanstendur af piparsveini og tveimur litlum systrabörnum hans sem hann hefur alið upp frá því systir hann lést. Nú fá þau glænýtt heimili. 2006.
- 21.00 Justice (5:13) Lögræðistofan tekur að sér mál konu sem telur að eigendur skemmtigarðs beri ábyrgð á dauða mómmu hennar.
- 21.45 Kompás NÝTT Skemmtilegur og fræðandi fréttaskýringabáttur sem markaði tímamót í íslensku sjónvarpi.
- 22.20 60 mínútur
- 23.05 NCIS (4:24) Sveitin rannsakar mál Rússa sem talinn er hafa unnið fyrir varnarlið Bandaríkjanna. 2006.
- 23.50 Big Love (3:12) Þá er komið að annarri seríu þessara frábæru þátta um Bill Henrickson og eiginkonur hans. (3:12) Bill heimsækir kommúnuna með einni af eiginkonum sínum en þeirra biða slæmar fréttir. 2006.
- 00.45 Ghost Whisperer (29:44)
- 01.30 The Life Aquatic with Steve Zissou
- 03.25 Medium (2:22)
- 04.10 The Closer (5:13)
- 04.55 Justice (5:13)
- 05.40 Fréttir og Ísland í dag
- 06.35 Tónlistarmyndbönd frá PoppTívi

SYN besta sætið

- 07.00 Landsbankadeildin 2007 (Valur - ÍA)
- 15.10 David Beckham - Soccer USA (8:13)
- 15.40 Landsbankadeildin 2007 (Valur - ÍA)
- 17.30 Meistaradeild Evrópu fréttabáttur
- 18.00 Meistaradeildin - með Guðna Bergs 07/08 Upphitun fyrir fyrstu leikina í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu.
- 18.30 Meistaradeild Evrópu 07/08 (Porto - Liverpool) Bein útsending frá fyrstu umferð Meistaradeildarinnar: Sýn Extra: AC Milan-Benfica Sýn Extra2: Real Madrid-Werder Bremen
- 20.40 Meistaradeildin með Guðna Bergs Fjallað um alla leiki kvöldsins í Meistaradeildinni. Farið yfir mörkin, rauðu spjöldin og umdeildustu atvikin.
- 21.20 Meistaradeild Evrópu 07/08 (AC Milan - Benfica)
- 23.10 Meistaradeild Evrópu 07/08 (Real Madrid - Werder Bremen)
- 01.00 Meistaradeildin með Guðna Berg

SYN2

- 07.00 Derby - Newcastle (Enska úrvalsdeildin 2007/2)
- 16.20 Derby - Newcastle (Enska úrvalsdeildin 2007/2)
- 18.00 Premier League World (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnur leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
- 18.30 Coca Cola mörkin 2007-2008 Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.
- 19.00 Man. City - Aston Villa (Enska úrvalsdeildin 2007/2)
- 20.40 Chelsea - Blackburn (Enska úrvalsdeildin 2007/2)
- 22.20 English Premier League 2007/08 Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.

SKJÁREINN

- 08.00 Dr. Phil (e)
- 08.45 Vörutorg
- 09.45 Óstöðvandi tónlist
- 17.15 Vörutorg
- 18.15 Dr. Phil
- 19.00 Sport Kids Moms & Dads (e)
- 20.00 According to Jim - NÝTT Bandarísk gamansería með grínistanum Jim Belushi í aðalhlutverki. Jim finnst að Cheryl hafi ofdekrað 6 ára son þeirra og gert hann að mömmustrák. Hann ákveður að taka til sinna ráða áður en það er um seinan og kennir honum bragð til að berjast við hrotta í skólanum.
- 20.30 Thick & Thin - Lokabáttur Bandarísk gamanþáttur um unga konu sem er að hefja nýtt líf eftir að hafa losað sig við aukakílóin og eiginmanninn. Mary vill halda fjölskyldunni fjarni ástálfi sínu en þegar hún kynnist flottum manni sem vingast við Kenny þá fer allt út um þúfur.
- 21.00 Superstorm - Lokabáttur Þriðji og síðasti hluti spennandi smáseríu frá BBC um hóp vísindamanna sem freistar þess að stýra veðrinu til að koma í veg fyrir að fellibyljir grandu borgum líkt og gerðist í New Orleans. Nú stefnir stærri fellibylur en nokkru sinni fyrr á New York og vísindamennirnir leggja allt í sölu til ráða við veðrið.
- 22.00 Heartland (3:9) Dramatískir læknaþættir með Treat Williams í aðalhlutverki. Dr. Griffith gerir mistök sem verða til þess að ekki er hægt nota lífur sem átti að græða í sjúkling.
- 22.50 Jay Leno
- 23.40 Starter Wife (e)
- 00.30 Raines (e)
- 01.20 Backpackers (e)
- 01.50 Vörutorg
- 02:50 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu fréttu vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.



Dagskrá allan sólarhringinn.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE

BARNANÍÐINGAR Í SKJÓLI VALDS

Börn og unglingar eru auðveld fórnarlömb barnaníðinga á Internetinu. Hversu hátt í valdastiga þjóðfélagsins finnast þessir misindismenn?

KOMPÁS Í KVÖLD KL. 21:45



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.45

Kompás

Í kvöld hefur Stöð 2 aftur sýningar á fréttaskýringaþættinum Kompás sem sló í gegn síðastliðinn vetur með átakanlegum sögum fólksins í landinu. Nú verður þátturinn sýndur á nýjum tíma eða klukkan 21.45 en efnistökin verða jafn fersk og áður. Þetta er ómissandi fréttaskýringaþáttur fyrir alla landsmenn.

► VIÐ MÆLUM MED

Superstorm - Iokaþáttur

Skjár einn kl. 21.00

Nú er komið að þriðja og síðasta hluta spennandi smáseríu frá BBC. Hópur vísindamanna freistar þess að stýra veðrinu til að koma í veg fyrir að fellibyljir grandí borgum líkt og gerðist í New Orleans. Nú stefnir stærri fellibylur en nokkru sinni fyrr á New York og vísindamennirnir leggja allt í sölurnar til ráða við veðrið.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.50 Bæn

07.05 Morgunvaktin

09.05 Okkar á milli

09.45 Morgunleikfimi

10.13 Heima er best

11.03 Samfélagið í nærmynd

12.00 Fréttayfirlit

12.03 Hádegisútvarp

12.20 Hádegisfréttir

12.45 Veðurfregnir

12.50 Dánarfregnir og auglýsingar

13.00 Vítt og breitt

14.03 Stef

15.03 Útvarpssagan: Vansæmd

15.30 Dr. RÚV

16.00 Síðdegisfréttir

16.10 Veðurfregnir

16.13 Hlaupanótan

17.03 Viðsjá

18.00 Kvöldfréttir

18.24 Auglýsingar

18.25 Spegillinn

18.50 Dánarfregnir og auglýsingar

19.00 Endurómur úr Evrópu

20.00 Leynifélagið

20.30 Hundur í útvarpssal

21.00 Í heyranda hljóði

22.15 Fimm fjórðu

00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

F4 SÍRKUS

18.23 Fréttir

19.00 Hollyoaks (16:260)

19.30 Hollyoaks (17:260)

20.00 The George Lopez Show (8:22)

George Lopez er fjölskyldufaðir sem á í stökustu vandræðum með að hafa stjórn á unglingsdóttur sinni og óþægum syni. Börnin eru þó ekki eina vandamálið því mamma hans er við það að gera hann vitlausan. 2005.

20.30 Jake 2.0 (10:16)

Jake Foley er bara venjulegur maður þar til dag einn þegar hann lendir í furðulegu slysi sem gefur honum óvenjulega krafta.

►21.15 Windfall (1:13)

Ný bandarísk þáttaröð um 20 manna hóp vina og kunningja sem dettur í lukkupottinn og vinnur 386 milljónir dollara í lottói. Hópurinn á þó eftir að komast að því að hamingjan er ekki fól og vandræðin eru rétt að hefjast.

22.00 Men In Trees (14:17)

Bráðskemmtileg, ný þáttaröð með Anne Heche í aðalhlutverki. Heche leikur sambandssérfræðing sem kemst að því að unnustinn hefur haldið framhjá henni.

22.45 Saving Grace(2:13)

Spennandi þáttaröð með Óskarsverðlaunaleikkonunni Holly Hunter í aðalhlutverki. Grace Hanadarko er lögreglukona sem er á göðri leið með að eyðileggja líf sitt þegar engill birtist henni og heitir að koma henni aftur á rétta braut. (2:13) Grace ákveður að sanna hugrekki sitt með því að skora á Earl í glímu. 2007. Bönnuð börnum.

23.30 The Will (2:6)

Spennandi raunveruleikaþáttur þar sem ættingjar milljónamæringins Bills Long keppa um erfðaréttinn á stórum búgarði. 2005.

00.10 E-Ring (7:22)

00.55 Ren & Stimpy

01.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

BBC PRIME

12:00 Down to Earth 13:00 Miss Marple 14:00 Passport to the Sun 14:30 Cash in the Attic 15:30 Small Town Gardens 16:00 As Time Goes By 16:30 My Family 17:00 Little Angels 17:30 Little Angels 18:00 Silent Witness 19:00 Broken News 19:30 The Mighty Boosh 20:00 Celeb 20:30 I'm Alan Partridge 21:00 Silent Witness 22:00 Ever Decreasing Circles 22:30 Broken News 23:00 The Mighty Boosh 23:30 As Time Goes By

DR 1

08:30 Den europæiske mand 09:00 Den 11. time 09:30 Sommer på Fanø 10:00 TV Avisen 10:10 Horisont 10:35 Aftenshowet 11:00 Aftenshowet 2. del 11:25 Det Radikale Venstre 11:55 Tandfe tur/retur 12:20 DR Jobbussen 12:50 Nyheder på tegnsprog 13:00 TV Avisen med vejret 13:10 Dawson's Creek 14:00 SPAM 14:30 Den lyserøde Panter 14:35 Ninja Turtles: Tidsrejsten! 15:00 Store Nørd 15:30 Lille Nørd 16:00 Aftenshowet 16:30 TV Avisen med Sport 17:00 Aftenshowet med Vejret 17:30 Ha' det godt 18:00 Sporløs 18:30 Det store år 19:00 TV Avisen 19:25 Kontant 19:50 SportNyt 20:00 Måske skyldig 21:40 Kodenavn Hunter 22:40 Hjerterflimmer

NK1

13:30 Andra Avenyn - castingen 14:00 Rapport 14:10 Gomorron Sverige 15:00 Real Science 15:25 Flag Stories - in English 15:30 Krokmax 16:00 Harry och hans hink med dinosaurier 16:10 Ritsagor 16:20 Lauras stjärna 16:30 Hönsgården 17:00 Lilla Aktuellt - kortnyheter 17:05 Grand Prix 17:30 Rapport 18:00 Andra Avenyn - castingen 18:30 Mitt i naturen 19:00 Plus 19:30 Last night of the Proms 20:30 U-Boat 22:05 Rapport 22:15 Kulturnyheterna 22:25 Ömen 23:20 Mia och Klara 23:50 Sändningar från SVT24

1 SVT 1

10.00 Rapport 10.05 Argument 11.05 Melita möter Göran Grip 12.00 Pappa Born 13.30 Andra Avenyn - castingen 14.00 Rapport 14.10 Gomorron Sverige 15.00 Real Science 15.25 Flag Stories - in English 15.30 Krokmax 16.00 Harry och hans hink med dinosaurier 16.10 Berättelser från hönsgården 16.20 Lauras stjärna 16.30 Barndomshistorier 17.00 Lilla Aktuellt - kortnyheter 17.05 Grand Prix 17.30 Rapport 18.00 Andra Avenyn - castingen 18.30 Mitt i naturen 19.00 Plus 19.30 Confessions of a Dangerous Mind 21.20 Rapport 21.30 Kulturnyheterna 21.40 Mia och Klara 22.10 Sändningar från SVT24

Ert þú rétt stillt/ur?

• Hvergi meira úrval

af stillanlegum heilsurúmum og heilsudýnum.

• Sérþjálfað starfsfólk

aðstoðar við val á réttu rúmi.

• Sjúkraþjálfari er í versluninni

á fimmtudögum frá kl. 16 - 18.

LYSTADÚN

Marco

Reykjavík: Möркиn 4, sími: 533 3500

Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504

Opið virka daga: 10–18 og laugardaga 11–16

BESTI BITINN Í BÆNUM



„Það er Búllan. Undirstöðu-
góður og hollur skyndibiti fyrir
fólk sem býr á þessari gráðu
veraldar.“

Guðný Halldórsdóttir leikstjóri.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT 2. blað 6. einnig 8. líða vel
9. festing 11. tveir eins 12. rusl 14.
heilan 16. frá 17. tunnu 18. þakbrún
20. í röð 21. tröll.

LÓÐRÉTT 1. líkami 3. tvíhljóði 4.
nýfætt lamb 5. starfsgrein 7. afriku
dýr 10. mas 13. rá 15. argafas 16. for
19. vörumerki.

LAUSN
LÓÐRÉTT: 1. h.öld, 3. au, 4. unglamb,
5. fag, 7. gíraffi, 10. mal, 13. slá, 15.
þmu, 18. úfs, 20. bd, 21. risi.
LÁRÉTT: 2. lauf, 6. og, 8. una, 9. ilm,
11. gg, 12. dresl, 14. allan, 16. af, 17.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

- Alan Greenspan.
- Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir.
- Jay Leno.

Bílapjónusta Magga

Pústþjónusta • Bílapjónusta • Bónstöð

Opið virka daga kl. 9-18
Opið laugardaga kl. 9-16

Tilboð: (fólksbíll)
Alþrif aðeins kr. 5.495,-
Hraðþrif að utan kr. 1.195,-
Mössun kr. 9.995,-

Bílapjónusta Magga
Hvaleyrarbraut 2 • sími 517 0350

Rafmagnstaliur

DEMAG

Keðjutaliur og vírataliur
Aflið nánari upplýsinga hjá
sölumönnum.



PÓR HF
REYKJAVÍK • AKUREYRI

ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is



VÍSIR.IS
Fyrstur með fréttirnar



SENDIHERRA Adrian Brody var sendiherra Zegna eftir að hann hlaut Óskarinna fyrir The Pianist.

Garðar Thor í fyrirsætustörf

Ítalska tískumerkið Zegna hefur útnefnt Garðar Thor Cortes sem sérlegan sendiherra og mun hér eftir útvega honum fót fyrir allar opinberar athafnir. Zegna er eitt virtasta karlmannstískumerki heims og getur verið á jakka-fötunum verið allt frá 120 þúsundum íslenskra króna. Margir af frægustu leikurum heims hafa klæðst fötum frá Zegna og nægir þar að nefna Adrien Brody, Michael Caine og Kenneth Branagh. Garðar mun klæðast nýrri vetrarlínu frá fyrirtækinu opinberlega auk þess sem nú standa yfir viðræður við tiskublöðin GQ og Esquire Magazines um að gera tiskubætti með tenórnum. Sævar Karl hefur öðru hvoru

boðið upp á fót frá Zegna og kannast því vel við merkið en hann segir að þetta sé kannski ekki mikill heiður. „Þetta er fyrst og fremst bara starf sem þeir láta hann hafa en Garðar verður vissulega betur klæddur fyrir vikið,“ segir Sævar. „Þeir setja unga menn á oddinn og Garðar er glæsilegur maður sem allir Íslendingar geta verið stoltir af,“ segir Sævar, sem telur að þetta eitt geti haft mjög jákvæð áhrif á feril söngvarans unga. „Þetta verður honum til framdráttar, engin spurning, flott fót verða mönnum alltaf til framdráttar.“ - fgg

FERLINUM TIL FRAMDRÁTTAR Sævar Karl er þess fullviss að flottu fötin eigi eftir að reynast ferlinum til framdráttar.

Í TÍSKUNNI HANN TOLLIR Garðar Thor hefur verið gerður að sérlegum sendiherra Zegna-fata-merkisins.



SIGUR RÓS Á AKUREYRI Þeir Orri, Georg, Kjartan og Jónsi sýndu erlendum blaðamönnum væntanlega kvikmynd sína á Akureyri um helgina. Þeir fengu mjög góð viðbrögð gestanna og magnast spennan fyrir frumsýningunni óðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS

KÁRI STURLUSON: VEL HEPPNUÐ FORSÝNING KVIKMYNDAR SIGUR RÓSAR

Heima ein af fimm bestu tónleikamyndum sögunnar

„Viðbrögðin voru vægast sagt mikil og góð,“ segir Kári Sturluson umboðsmaður, sem skipulagði sérstaka forsýningu á kvikmynd hljómsveitarinnar Sigur Rósar, Heima, um síðustu helgi. Um þrjátíu erlendum fjölmiðlamönnum var boðið að sjá myndina í Borgarbíói á Akureyri á laugardaginn og í kjölfarið fengu þeir að ræða við liðsmenn hljómsveitarinnar. „Það skipti engu máli úr hvaða horni Evrópu maður hleraði viðbrögð, þau voru alls staðar ótrúleg og yfirlýsingar sumra voru ansi athyglisverðar. Til að mynda sagði ritstjóri Q, Paul Rees, að myndin væri sennilega ein af fimm bestu tónleikamyndum sem hann hefði séð á ævinni. Heima væri mynd sem hann vildi sjá aftur og aftur,“ segir Kári. „Aðrir gengu enn lengra í yfirlýsingum sínum. Einn blaða-



VEL HEPPNUÐ UPPÁKOMAN Kári Sturluson skipulagði fjölmiðlasýningu Sigur Rósar á Akureyri. Hann er ánægður með hvernig til tókst.

maður frá Finnlandi sagði meira að segja að hún væri besta tónleikamynd sögunnar.“ Meðal þeirra fjölmiðla sem sendu fulltrúa sína til Akureyrar voru Observer, The Sun, Le Figaro, El Pais og Gaffa auk miðla frá Portúgal, Finnlandi og Þýskalandi. Kári telur að þessi uppákoma hafi heppnast vel; að mikið umtal og spenna

eigi eftir að vera fyrir frumsýninguna. „Þótt Reykjavík sé yndisleg þá heppnaðist vel að breyta aðeins til og fara norður. Við kunnum Akureyrirum bestu þakkir fyrir mót-tökurnar. Strákarnir í hljómsveitinni voru líka hæstánægðir með þetta, bæði með ferðina og eins viðbrögðin sem þeir fengu við myndinni. Þeim fannst alveg frábært, eftir alla vinnuna sem þeir hafa lagt í myndina, að fá að heyra hvað öðrum finnst.“

Heima fjallar sem kunnugt er um tónleikaferð Sigur Rósar um Ísland sumarið 2006. Myndin verður heimsfrumsýnd á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík, RIFF, 27. september næstkmandi. Almennar sýningar hefjast svo 5. október í Háskólabíói og hefst for-sala á þær sýningar 25. september. hdm@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Stefán Pálsson upplýsir lesendur heimasíðu sinnar að hann og **Steinunn Þóra Árna-dóttir** ætli að ganga í það heilaga laugardaginn 29. september. Athöfnin mun fara fram að hætti ásatrúarmanna og mun því allsherjargoðinn Hilmar Örn Hilmarsson sjá um að pússa skötuhiúin saman. Stefán lætur þess getið að þetta sé sami dagur og lokaumferð Íslandsmótsins fari fram og hann mun því væntanlega leggja allt sitt traust á liðið sitt, Fram, að það haldi velli í Landsbankadeildinni í tilefni dagsins.

Nýr þáttur sjónvarpsins, Útsvar, þótti skemmtileg búbót en þar mátti sjá þá félagu Örn Árnason og Fjölni Þorgeirsson spretta úr spori fyrir Kópavog og Hveragerði. Athygli vakti engu að síður að Hvergerðingar og þá ekki síst **Sigurður Eypórsson**, fyrrum framkvæmdastjóri Framsóknarflokksins, skyldu ekki þekkja þingmann sinn, sveitunga og framsóknarforingjann **Guðna Ágústsson** í myndagetraun heldur urðu Kópavogsbúar fyrri til. Reyndar var haft á orði í liði Hveragerðis að hárið hefði eitthvað vafist fyrir þeim og þau hefðu í fyrstu haldið að þetta væri kona.

Og tónlistamaðurinn **Magnús Jónsson**, oftast kenndur við Gus Gus-flokkinn, er kominn á svið. Magnús hefur tekið við keflinu af **Ellerti A. Ingi-mundarsyni** í verðlauna-leikritinu Degi Vonar en það hefur verið sýnt fyrir fullu húsi hjá Borgar-leikhúsinu. - fgg



Þorgrímur í borg ástarinnar

„Ég er að skrifa kvikmyndahandrit og er búinn að hreiðra um mig í litlu herbergi rétt hjá Sacre Cœur-kirkjunni í bed & breakfast hjá einhverju fólki,“ segir Þorgrímur Þráinsson sem er nú kominn til borg ástarinnar, sjálfrar París. Rithöfundurinn situr þar við skrifrit og að þessu sinni er það hvorki bók um samband kynjanna né tár, bros og takkaskó heldur kvikmyndahandrit sem hann hefur gengið með í maganum ansi lengi. „Ég fékk hugmyndina fyrir átján árum og þá átti þetta að verða bók sem hét Fingraför úr fortíðinni,“ segir Þorgrímur, sem unir sér greinilega vel í höfuðborg Frakklands. „Án þess að vilja gefa of mikið upp þá fjallar hún í stuttu máli um það að við þurfum fyrr eða síðar að horfast í augu við syndir okkar úr fortíðinni,“ útskýrir Þorgrímur og harðneitar

að tjá sig eitthvað frekar. „En hún gerist í París og það er ástæðan fyrir dvöl minni hér,“ bætir hann við. „Ég var reyndar búinn að skipuleggja þetta fyrir löngu og nú er bara verið að brjóta um bókina mína þannig að þetta var alveg kjörið tækifæri.“ Þorgrímur verður í borginni til 26. september en síðustu fjóra dagana kemur eiginkonan Ragnhildur Eiríksdóttir. „Og þá verður smá rómantik í borg elskendanna,“ segir rithöfundurinn og skellir upp úr. „Annars er París bara svo mögnuð borg, þú þarft ekki hafa einhverja skipulagða dagskrá á takteinunum heldur ertu bara þarna.“

SKRIFAR KVIKMYNDAHANDRIT Þorgrímur Þráinsson skrifar nú kvikmyndahandrit þar sem sagan gerist í borg ástarinnar, París. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

ÚTSALA

15-50 %

OPIÐ FRÁ 9-18

PARKET / FLÍSAR / HURÐIR
INNRETTINGAR / MÁLNING
ARNAR / HREINLÆTISTÆKI

PARKI.IS / DALVEGI 10 - 14 / SÍMI 5643500

Parki
INTERIORS




Hver sigrar?

Fá umræðuefni þykja skemmtilegri umræðuefni en hörmungar. Þá einkum og sér í lagi þegar þær snúa að þjáningum fallegs fólks sem hefur átt velgengi að fagna. Öll vitum við af hungri, sjúkdómum og kúgun í heiminum en það er viðvarandi og viðfeðmt vandamál sem erfitt er að persónugera og því fremur óheppilegt skemmtiefni yfir kaffibolla eða netskrifum. Hin laglega McCann-fjölskylda hefur aftur á móti verið fullkominn efniviður góðs kjaftagangs.

Í Bretlandi hefur þessi fjölskylda verið á forsiðu fjölda blaða nær daglega frá því litla stúlkan hvarf í byrjun maí. Á ferð minni um Bretland fyrir skömmu fylgdist ég grannt með umfjöllun um málið og dró þá ályktun að ekkert hefði komið meira í ljós við rannsókn lögreglu og fjölmiðla á hvarfi Madeleine annað en að hún hvarf. Hins vegar hefur líf, starf og sorgir foreldranna orðið öllum ljóst. Svo víðfræg eru þau orðin að breskir gárungar eru farnir að uppfæna þau „Beckham-fjölskyldu sorgarinnar“. Victoria og David fullnægja fréttalöngunum fólks um ríkidæmi og gjálifnað en Kate og Gerry fullnægja löngunum þeirra sem finna fró í að velta sér upp úr sorgum annarra, nú eða leika löngu og dómara í senn.

HÉR á landi, sem og annars staðar, eru fréttir af þessum harmleik iðulega birtar í fjölmiðlum. Þegar þær fara á netið hefur það ekki brugðist að sjálfskipaðir sérfræðingar leggja undir sig fréttina í gegnum athugasemdakerfin. Suma hefur alltaf grunað frá fyrstu stundu að foreldarnir beri ábyrgð á hvarfinu. Hinir slá svo á puttana á visku-brunnunum í gegnum lyklaborðið með því að slengja fram útjaskaða máltækinu „aðgát skal höfð í nærveru sálar“.

FÁ mál hafa fengið jafn mikið umtal á þessari öld og hvarf Madeleine litlu. Því er eðlilegt að allir vilji tala um það og hafa skoðun á því. En eiginlega er þetta allt saman farið að líkjast óhemju öfgakenndu raunveruleikasjónvarpi. Miklar fjárupphæðir hafa safnast til hjónanna og almenningur skiptist í tvö lið; þá sem halda með portúgölsku lögreglunni og þá sem halda með foreldrunum. Allir geta haft skoðun á framvindu málsins í gegnum netið og þannig keyrt atburðarásina áfram. Almenningsálitið sveiflast til og frá og gríðarlegur þrýstingur er á að sigurvegari og sökudólgur verði fundnir innan skamms. Örlög Madeleine og annarra týndra barna eru orðið aukaatriði í söguþræðinum.



GÓÐAN DAG!

Í dag er þriðjudagurinn 18. september, 261. dagur ársins 2007.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	6.58	13.22	19.45
Akureyri	6.41	13.07	19.31

Heimild: Almanak Háskólans

100.000 KRÓNA
LÆKKUN Á NÝJUM
KIA RIO DÍSIL

EYÐIR AÐEINS 4,7 LÍTRUM Á HUNDRAÐIÐ
Í BLÖNDUÐUM AKSTRI



Verð nú **1.775.000 kr.**
Verð áður 1.875.000 kr.

Kia Rio er margrómaður og glæsilegur bíll sem hefur undanfarin ár vakið mikla eftirtekt. Hann býr yfir kraftmikilli og sparneytinni 110 hestafla dísilvél sem eyðir aðeins 4,7 lítrum á hundraðið í blönduðum akstri.

Rio er jafnframt búinn aksturstölvu, átta öryggisloftpúðum, ABS hemlalaesivörn og álfelgum. Hér fara því saman gæði, fegurð og hagkvæmni.

Takmarkað magn af þessum frábæra bíl á þessu verði.
Sumar- og veitardekk fylgja með.

Engin útborgun, **25.351 kr.** á mánuði*

*M.v. 100% lán og 84 mánaða fjármögnun í blandaðri myntkörfu.

 KIA **umboðið** á Íslandi er í eigu HEKLU.

KIA • Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is

